

Fimmtudaginn 16. marz 1967.

Nr. 96/1966. **Ákærvaldið**  
 (saksóknari ríkisins Valdimar Stefánsson)  
 gegn  
**Jósafat Arngrímssyni** (Áki Jakobsson hrl.)  
 og  
**Þórði Einari Halldórssyni**  
 (Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds,  
 Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór  
 B. Líndal.

Skjalafals. Fjársvik. Brot í opinberu starfi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Máli þessu hefur einungis verið áfrýjað, að því er varðar  
 ákærðu Jósafat Arngrímsson og Þórð Einar Halldórsson.

**A.**

**Ákæra á hendur Jósafat Arngrímssyni fyrir brot á 1. mgr.  
 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.**

Ákæruliðir, sem fjallað er um í héraðsdómi í I. þætti III.,  
 IV. og V. kafla.

Sannað er í málinu, án tillits til skýrslna rithandarathug-  
 anda þess, sem getið er í héraðsdómi, að skjöl þau, sem  
 ákærði er sakfelldur fyrir í héraðsdómi, eru fölsuð, svo sem  
 verksamningar og reikningar fyrir unnin verk, og svo  
 greiðsluávísanir, að því er framsöl varðar. Hefur ákærði  
 samkvæmt játningu sinni staðið að fölsun mikils hluta þess-  
 ara skjala, og hann hefur notað öll þau skjöl, sem hann er  
 sakfelldur fyrir í héraðsdómi, meira og minna í lögskiptum  
 í blekkingarskyni með vitneskju um fölsun þeirra. Er atferli  
 ákærða réttilega heimfært undir 1. mgr. 155. gr. laga nr.  
 19/1940.

Staðfesta ber sýknu ákærða af ákæruatriði því, sem greinir  
 í VI. kafla I. þáttar héraðsdóms.

## B.

**Ákæra á hendur Jósafat Arngrímssyni og Þórði Einari Halldórssyni, er greinir í II. þætti héraðsdóms.**

Ákærði Jósafat hefur með sviksamlegu atferli, sem rakið er í héraðsdómi, gerzt brotlegur við 248. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Þórður Einar hefur með því að senda, svo sem lýst er í héraðsdómi, á vegum ákærða Jósafats símapóst-ávísanir til Reykjavíkur gegn viðtöku á tékkum, sem hann lét liggja óhæfilega lengi í sjóði sínum án þess að gera ráðstafanir um innheimtu þeirra, misnotað stöðu sína ákærða Jósafat og öðrum aðiljum til ávinnings, þannig að það varðar ákærða Þórð Einar refsingu samkvæmt 139. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961, sbr. og 26. gr. póstlaga nr. 31/1940 og 5. tl. 37. gr. reglugerðar nr. 170/1963. Sending ákærða Þórðar Einars á símapóst-ávísunum í febrúarmánuði 1964, eftir að honum var ljóst, að engin bankainnstæða var til fyrir þeim, varðar hann refsingu samkvæmt 248. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 138. gr. sömu laga.

## C.

Refsing ákærða Jósafats þykir með hliðsjón af 77. og 78. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin í héraðsdómi fangelsi 2 ár, en gæzluvarðhaldsvist hans frá 31. janúar til 14. marz 1964 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni, sbr. 76. gr. sömu laga.

Refsing ákærða Þórðar Einars þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi fangelsi 8 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans frá 27. febrúar til 7. marz 1964 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans, sbr. 76. gr. greindra laga.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði eiga að vera öröskuð.

Ákærði Jósafat Arngrímsson greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, kr. 65.000.00.

Ákærði Þórður Einar greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, kr. 55.000.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til rikissjóðs, kr. 80.000.00, greiði ákærði Jósafat einn að hálfu, en báðir ákærðu, Jósafat og Þórður Einar, óskipt að hálfu.

#### Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Jósafats Arngrímssonar á að vera óraskað.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Þórðar Einars Halldórssonar á að vera óraskað.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði Jósafat Arngrímsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 65.000.00.

Ákærði Þórður Einar Halldórsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 55.000.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til rikissjóðs, kr. 80.000.00, greiði ákærði Jósafat Arngrímsson einn að hálfu, en báðir ákærðu, Jósafat Arngrímsson og Þórður Einar Halldórsson, greiði hinn helminginn óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. janúar 1966.

Ár 1966, laugardaginn 29. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni, dómara samkvæmt sérstökum umboðsskrám, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 24–28/1966: Ákærvaldið gegn Jósafat Arngrímssyni, Þórði Einari Halldórssyni, Eyþóri Þórðarsyni, Áka Guðna Gränz og Albert Karli Sanders, sem tekið var til dóms hinn 18. desember s.l.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 27. apríl 1965, höfðað á hendur:

1. Jósafat Arngrímssyni verzlunarmanni, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, fæddum 12. maí 1933 að Mýrum í Dýrafirði.
2. Þórði Einari Halldórssyni verzlunarmanni, Sólheimum 27, Reykjavík, fæddum 11. janúar 1917 að Skálmardal í Barðastrandarsýslu.
3. Eyþóri Þórðarsyni vélvirkja, Holtsgötu 17, Ytri-Njarðvík, fæddum 4. nóvember 1925 í Vestmannaeyjum.
4. Áka Guðna Gränz málarameistara, Heimakletti, Ytri-Njarðvík, fæddum 26. júní 1925 í Vestmannaeyjum.
5. Albert Karli Sanders rafvirkja, Holtsgötu 27, Ytri-Njarðvík, fæddum 20. marz 1929 á Ísafirði.

I. þáttur.  
Skjalafals.

Ákærða Jósafat er gefið að sök að hafa á árunum 1960 og 1961 gerzt sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í sambandi við ýmiss konar verktaka-starfsemi á Keflavíkurlugvelli fyrir Keflavík Civilian Open Mess, hér á eftir skammstafað K.C.O.M., None Commissioned Officers Open Mess, skammstafað N.C.O.O.M., og Armed Forces Open Mess, skammstafað A.F.O.M., með því að framvísa til fyrrgreindra aðilja tilboðum, reikningum, samningum og öðrum þess háttar gögnum til hagnýtingar samkvæmt efni þeirra með fölsuðum undirskriftum, svo sem rakið verður í I. kafla þessa þáttar, og síðan, eftir að hafa fengið í hendur ávisanir til greiðslu á verkum, sem um er fjallað í I. kafla, framvísað þeim til innlausnar, tíðast í Sparisjóði Keflavíkur, eftir að hafa falsað nafnritanir á bakhliðar tékkanna sem framsöl og síðan framselt þá með eigin nafni, svo sem rakið verður í II. kafla þessa þáttar. Ákærða Eyþóri er gefið að sök að hafa tekið þátt í þeim fölsunarbrotum meðákærða Jósafats, sem rakin eru í 1., 7., 11., 12. og 15. lið II. kafla A og 18. lið II. kafla B, og á þann hátt, er þar greinir, en á þeim tíma, sem hér um ræðir, vann ákærði Jósafat m. a. að bókhaldsstörfum o. fl. fyrir K.C.O.M. og N.C.O.O.M. og um skeið fyrir A.F.O.M., en ákærði Eyþór aðstoðaði meðákærða Jósafat við ýmis verkleg störf, er sá síðarnefndi tók að sér, m. a. fyrir fyrrgreinda aðilja.

Varðar fyrrgreint atferli ákærða Eyþórs við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna, sbr. 22. gr. sömu laga.

## I. kafli.

Reikningar, tilboð, samningar og önnur slík gögn.

1. Áætlun og tilboð um ýmsa innréttingarvinnu og efni í samkvæmissal K.C.O.M. fyrir kr. 125.392.87, eða \$ 2.929.74, af hálfu Guðmundar Jónssonar, dags. 16. júlí 1961, til stjórnar K.C.O.M. með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 40 og nr. 7.

2. Samningur milli K.C.O.M. og Guðmundar Jónssonar, dags. 25. ágúst 1961, um endurbyggingu samkvæmissalar K.C.O.M., heildarsamningsupphæð \$ 8.514.84 (\$ 8.518.84), undirritaður af Stanley Roff f. h. K.C.O.M., en með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 8, ljósrít.

3. Samningur milli Stanley Roff, ritara og gjaldkera K.C.O.M., og Ólafs Önundssonar um lagningu parket-dansgólfs í samkomusal K.C.O.M., dags. 4. ágúst 1961, samningsupphæð \$ 1.580.00, með undirskriftinni Ólafur Önundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 32 og nr. 9, með áletrun um, að greiðsla hafi farið fram 4. ágúst 1961 með ávísun nr. 613, sbr. dskj. nr. 15 og ákærulið nr. 6 í A þætti II. kafla ákærunnar.

4. Tilboð til K.C.O.M. um útvegum eldtraustra gluggatjalda í húsakynni klúbbsins fyrir \$ 2.380.00, eða kr. 90.202.00, dags. 17. júlí 1961, með undirskriftinni „Gardínubúðin, Ragnar Svavars-son“, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 30, með áritun S. Roff til staðfestingar og um fyrirframgreiðslu 19. júlí með ávísun nr. 591, sbr. dskj. nr. 73, sbr. ákærulið nr. 14 í A þætti II. kafla, sbr. færslufylgiskjal „voucher“ nr. 239 á dskj. nr. 72.

5. Beiðni til K.C.O.M. um greiðslu eftirstöðva að fjárhæð kr. 67.985.23, eða \$ 1.588.44, vegna útvegunar og uppsetningar á gluggatjöldum fyrir húsakynni klúbbsins, dags. 24. september 1961, með undirskriftinni Ragnar Svavars-son, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 31, með áritun S. Roff til staðfestingar og um að greiðsla hafi farið fram 22. september 1961 með ávísun nr. 666, sbr. dskj. nr. 20, sbr. ákærulið nr. 11 í II. kafla A, sbr. „voucher“ nr. 320 á dskj. nr. 72.

6. Reikningur til K.C.O.M. frá Ólafi Önundssyni, dags. 13. september 1961, fyrir lagningu parketgólfs í K.C.O.M., loka-greiðsla, kr. 23.685.52, eða \$ 553.40, með undirskriftinni Ólafur Önundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 33, með áritun S. Roff til staðfestingar og um að greiðsla hafi farið fram 12. september 1961 með ávísun nr. 647, sbr. dskj. nr. 16, sbr. ákærulið nr. 7 í II. kafla A, sbr. „voucher“ nr. 303 á dskj. nr. 76.

7. Reikningur til K.C.O.M. frá Ólafi Önundssyni, dags. 15. september 1961, vegna viðgerðar á senu K.C.O.M. fyrir kr. 7.361.60, eða \$ 172.00, með undirrituninni Ólafur Önundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 34, með áritun S. Roff til staðfestingar og um að greiðsla hafi farið fram 14. september 1961 með ávísun nr. 653, sbr. dskj. nr. 17, sbr. ákærulið nr. 8 í II. kafla A, sbr. „voucher“ nr. 303 á dskj. nr. 76.

8. Beiðni frá Guðmundi Jónssyni til K.C.O.M., dags. 23. september 1961, um endanlega greiðslu vegna samkvæmissalar K.C.O.M., að eftirstöðvum kr. 107.635.15, eða \$ 2.514.84, með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 35, með áritun S. Roff til staðfestingar og um að greiðsla hafi farið fram 25. september 1961 með ávísun nr. 673, sbr. dskj. nr. 79, sbr. ákærulið nr. 15 í II. kafla A, sbr. „voucher“ nr. 302 á dskj. nr. 78.

9. Beiðni til K.C.O.M. frá Guðmundi Jónssyni, dags. 7. ágúst 1961, um hlutagreiðslu vegna endurnýjunar samkvæmissalar K.C.O.M., að fjárhæð kr. 42.800.00, eða \$ 1.000.00, með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 36, með áritun S. Roff til staðfestingar og um að greiðsla hafi farið fram 7. september 1961 með ávísun nr. 644, sbr. dskj. nr. 11, sbr. ákærulið nr. 2 í II. kafla A, sbr. „voucher“ nr. 302 á dskj. nr. 78.

10. Reikningur eða kvittun til K.C.O.M. frá Guðmundi Jónssyni, dags. 22. september 1961, vegna hlutagreiðslu fyrir húsgögn í samkvæmissal K.C.O.M. samkvæmt samningi, fyrir kr. 42.800.00, eða \$ 1.000.00, með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 37, með áritun S. Roff til staðfestingar og um að greiðsla hafi farið fram 24. september 1961 með ávísun nr. 668, sbr. dskj. nr. 14, sbr. ákærulið nr. 5 í II. kafla A, sbr. „voucher“ nr. 302 á dskj. nr. 78.

11. Beiðni til K.C.O.M. frá Guðmundi Jónssyni, dags. 19. september 1961, um hlutagreiðslu, að fjárhæð kr. 42.800.00, eða \$ 1.000.00, vegna húsgagna fyrir samkvæmissal K.C.O.M., með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 38, með áritun S. Roff til staðfestingar um, að greiðsla hafi farið fram 19. september 1961 með ávísun nr. 656, sbr. dskj. nr. 13, sbr. ákærulið nr. 4 í II. kafla A, sbr. „voucher“ nr. 302 á dskj. nr. 78.

12. Beiðni frá Guðmundi Jónssyni til K.C.O.M., dags. 14. september 1961, um hlutagreiðslu vegna byggingar samkvæmis-

salar K.C.O.M., að fjárhæð kr. 42.800.00, eða \$ 1.000.00, með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 39, með áritun Stanley Roff til staðfestingar um, að greiðsla hafi farið fram 14. september 1961 með ávísun nr. 654, sbr. dskj. nr. 12, sbr. ákærulið nr. 3 í II. kafla A, sbr. „voucher“ nr. 302 á dskj. nr. 78.

13. Beiðni frá Guðmundi Jónssyni til K.C.O.M. um hluta-greiðslu vegna vinnu og efnis fyrir samkomusal K.C.O.M. samkvæmt 6. gr. samnings, að fjárhæð kr. 85.600.00, eða \$ 2.000.00, með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 41, og með áritun Stanley Roff til staðfestingar og um að greiðsla hafi farið fram 31. ágúst 1961 með ávísun nr. 632, sbr. dskj. nr. 10, sbr. ákærulið nr. 1 í II. kafla A.

14. Reikningur frá Guðmundi Halldórssyni til K.C.O.M., ódags., fyrir bólstrun og lagfæringu sófa samkvæmt beiðni gæzlumanns, fyrir kr. 6.000.00, eða \$ 158.31, með undirskriftinni Guðmundur Halldórsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 46, sbr. dskj. nr. 68, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 14. febrúar 1961 með ávísun nr. 428 (sic), 429, sbr. dskj. nr. 69, sbr. ákærulið nr. 12 í II. kafla A.

15. Eftirtaldir sex reikningar, samtals að fjárhæð kr. 20.983.38, eða \$ 526.10, til K.C.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson undir þeim öllum, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 70:

a) Reikningur fyrir viðgerð á uppþvottavél, að fjárhæð kr. 1.705.50, eða \$ 45.00, ódags., fylgjandi „voucher“ nr. 111, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 21. apríl 1961 með ávísun nr. 487, sbr. dskj. nr. 71, sbr. ákærulið nr. 13 í II. kafla A.

b) Reikningur fyrir kælivélapjónustu í júlí 1961 fyrir kr. 2.842.50, eða \$ 75.00, dags. 28. júlí 1961, fylgjandi „voucher“ nr. 252, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 26. júlí 1961 með ávísun nr. 596, sbr. dskj. nr. 71, sbr. ákærulið nr. 13 í II. kafla A.

c) Reikningur fyrir kælivélapjónustu í septembermánuði 1961 o. fl. fyrir kr. 3.616.60, eða \$ 84.50, dags. 25. september 1961, fylgjandi „voucher“ nr. 318, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi

farið fram 22. september 1961 með ávísun nr. 665, sbr. dskj. nr. 19, sbr. ákærulið 10 í II. kafla A.

d) Reikningur fyrir viðgerð á uppþvottavél í eldhúsi K.C.O.M., ódags., að fjárhæð kr. 1.038.46, eða \$ 27.40, fylgjandi „voucher“ nr. 89, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 28. marz 1961 með ávísun nr. 468, sbr. dskj. nr. 71, sbr. ákærulið nr. 13 í II. kafla A.

e) Reikningur yfir efni og vinnu vegna viðgerðar á bingo-blásara, ódags., að fjárhæð kr. 6.276.24, eða \$ 165.60, fylgjandi „voucher“ nr. 89, með þeim áritunum, er í d-lið greinir, og um að greiðsla hafi farið fram 15. marz 1961 með ávísun nr. 458, sbr. dskj. nr. 71, sbr. ákærulið nr. 13 í II. kafla A.

f) Reikningur fyrir kælivélaþjónustu o. fl. í ágúst 1961, dags. 30. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 5.504.80, eða \$ 128.60, fylgjandi „voucher“ nr. 631, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 31. ágúst 1961 með ávísun nr. 631, sbr. dskj. nr. 18, sbr. ákærulið nr. 9 í II. kafla A.

16. Reikningur til K.C.O.M. í 6 liðum frá Eypóri Þórðarsyni, með undirskriftinni Eypór Þórðarson undir öllum 6 liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 15, sbr. dskj. nr. 84, samtals að fjárhæð kr. 55.694.17, eða \$ 1.470.31, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram í janúar 1961 með eftirgreindum ávísunum:

a) Fyrsti liður vegna staðsetningar rafmagnsstæðis, útvegum trésmiða frá Keflavík o. fl., að fjárhæð kr. 1.603.17, eða \$ 42.30, og annar liður vegna hlutagreiðslu fyrir að mála K.C.O.M., að fjárhæð kr. 3.600.00, eða \$ 94.99, ódags. báðir og báðir greiddir með ávísun nr. 413, að fjárhæð kr. 5.203.17, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

b) Þriðji liður vegna málningarvinnu við K.C.O.M. klúbbinn, að fjárhæð kr. 21.000.00, eða \$ 554.90, dags. 18. janúar 1961, greiddur með ávísun nr. 339, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

c) Fjórði liður vegna málningarvinnu við K.C.O.M. klúbbinn, að fjárhæð kr. 10.000.00, eða \$ 263.85, dags. 17. janúar 1961, greiddur með ávísun nr. 398, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

d) Fimmti liður vegna byggingar hengis við inngang K.C.O.M., dags. í janúar 1961, að fjárhæð kr. 10.991.00, eða \$ 290.00, greiddur með ávísun nr. 395, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

e) Sjötti liður vegna málningarvinnu við danssal o. fl., dags. 17. janúar 1961, að fjárhæð kr. 8.500.00, eða \$ 224.27, greiddur 19. janúar 1961 með ávísun nr. 400.

17. Reikningur til K.C.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni, dags. 27. febrúar 1961, vegna útvegna efnis, flutnings trésmiða, bólstrunar á sófum o. fl., að fjárhæð kr. 909.60, eða \$ 24.00, með undirskriftinni Eyþór Þórðarson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 64, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff, sbr. dskj. nr. 85, og um að greiðsla hafi farið fram 8. febrúar 1961 með ávísun nr. 437, sbr. dskj. nr. 90.

18. Reikningur til K.C.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni, dags. 28. apríl 1961, vegna kælivélaþjónustu í apríl 1961, að fjárhæð kr. 1.790.00, eða \$ 47.23, með undirskriftinni Eyþór Þórðarson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 139, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff, sbr. dskj. nr. 86, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 28. apríl 1961 með ávísun nr. 500, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

19. Reikningur í 2 liðum frá Eyþóri Þórðarsyni til K.C.O.M., með undirskriftinni Eyþór Þórðarson undir báðum liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 171, með áritunum um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff, sbr. dskj. nr. 87, og um að greiðsla hafi farið fram í maí 1961 með eftirgreindum ávísunum:

a) Fyrri liður, dags. 19. maí 1961, vegna ýmiss konar efnisútvegna og vinnu í þágu klúbbsins, að fjárhæð kr. 1.751.60, eða \$ 46.22, greiddur með ávísun nr. 526, sbr. dskj. nr. 90.

b) Seinni liður, dags. 26. maí 1961, vegna kælivélaþjónustu í maímánuði 1961, að fjárhæð kr. 2.842.50, eða \$ 75.00, greiddur með ávísun nr. 529, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

20. Reikningur í 2 liðum frá Eyþóri Þórðarsyni til K.C.O.M., með undirskriftinni Eyþór Þórðarson undir fyrri lið reikningsins, sem lýtur að kælivélaþjónustu í júní, fyrir kr. 2.842.50, eða \$ 75.00, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 205, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslu-

samþykki S. Roff, sbr. dskj. nr. 88, og um að greiðsla hafi farið fram í júní 1961 með ávísun nr. 559, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

21. Reikningur til K.C.O.M. frá Eypóri Þórðarsyni, dags. 27. júlí 1961, fyrir uppsetningu steikarpönnu, að fjárhæð kr. 3.411.00, eða \$ 90.00, með undirskriftinni Eypór Þórðarson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 253, sbr. dskj. nr. 89, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 26. júlí 1961 með ávísun nr. 593, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

22. Reikningur í 2 liðum til K.C.O.M. frá Áka Gränz vegna málningarvinnu við K.C.O.M., ódags., sá fyrri að fjárhæð kr. 10.000.00, en sá síðari kr. 23.000.00, með undirskriftinni Áki Gränz undir báðum liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 12, sbr. dskj. nr. 91, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 23. og 31. janúar með ávísunum nr. 402 og nr. 415, sbr. dskj. nr. 94.

23. Reikningur í 3 liðum til K.C.O.M. frá Áka Gränz vegna mynda og málningar í K.C.O.M. klúbbnum, 1. liður ódags., en síðari liðirnir dags. 7. febrúar 1961, með undirskriftinni Áki Gränz undir öllum liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 45, sbr. dskj. nr. 92, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 7. og 17. febrúar 1961 með ávísunum nr. 424 og nr. 435, sbr. dskj. nr. 94.

24. Reikningur til K.C.O.M. frá Áka Gränz, dags. 25. september 1961, fyrir málningarvinnu í innri forstofu K.C.O.M., að fjárhæð kr. 8.560.00, eða \$ 200.00, með undirskriftinni Áki Gränz, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 331, sbr. dskj. nr. 93, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 25. september 1961 með ávísun nr. 672, sbr. dskj. nr. 94.

25. Reikningur í 3 liðum, dags. í janúar 1961, til K.C.O.M. klúbbsins frá Eypóri Þórðarsyni, með undirskrift Eypórs undir öllum 3 liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 497, með áritun um athugun af hálfu M. T. Cusulski og greiðslusamþykki Charles W. Kramer, sbr. dskj. nr. 99, og um að greiðsla hafi farið fram í janúar 1961 með eftirgreindum ávísunum:

a) Fyrsti liður vegna frystivélþjónustu í janúar fyrir kr. 2.842.50, eða \$ 75.00, dags. 27. janúar, greiddur með ávísun nr. 899, sbr. dskj. nr. 101, sbr. ákærulið nr. 2 í II. kafla B.

b) Annar liður vegna uppsetningar 2 kælikápa í N.C.O. eldhúsi, dags. 12. janúar, fyrir kr. 2.804.60, eða \$ 74.00, og þriðji liður vegna viðgerðar á hitara í N.C.O. klúbbnum, dags. 12. janúar, fyrir kr. 758.00, eða \$ 20.00, báðir greiddir með ávísun nr. 880, sbr. dskj. nr. 100, sbr. ákærulið nr. 2 í II. kafla B.

26. Reikningur frá Eypóri Þórðarsyni til N.C.O., dagsettur 28. febrúar 1961, fyrir uppsetningu ljósa, að upphæð kr. 1.137.00, eða \$ 30.00, með undirskriftinni Eypór Þórðarson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 563, sbr. dskj. nr. 102, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki Charles W. Kramer og um að greiðsla hafi farið fram 28. febrúar 1961 með ávísun nr. 958, sbr. dskj. nr. 103, sbr. ákærulið nr. 3 í II. kafla B.

27. Reikningur til N.C.O. frá Eypóri Þórðarsyni, dagsettur 14. marz 1961, fyrir ýmsa vinnu og efni samkvæmt beiðni gæzlumanns fyrir kr. 1.591.80, eða \$ 42.00, með undirskriftinni Eypór Þórðarson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 589, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki C. B. Owens jr., sbr. dskj. nr. 104, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 16. marz 1961 með ávísun nr. 984, sbr. dskj. nr. 105, sbr. ákærulið nr. 4 í II. kafla B.

28. Reikningur til N.C.O. frá Eypóri Þórðarsyni, dagsettur 31. marz 1961, vegna kælivélþjónustu í marz mánuði 1961, að fjárhæð kr. 2.842.50, eða \$ 75.00, með undirskriftinni Eypór Þórðarson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 595, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki C. B. Owens jr., sbr. dskj. nr. 106, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 24. maí 1961 með ávísun nr. 998, sbr. dskj. nr. 107, sbr. ákærulið nr. 5 í II. kafla B.

29. Reikningur til N.C.O. frá Eypóri Þórðarsyni, ódagsettur, fyrir ýmsa vinnu og viðgerðarþjónustu fyrir kr. 1.478.10, eða \$ 39.00, að viðbættum kr. 2.842.50, eða \$ 75.00, fyrir kælivélþjónustu í apríl, alls kr. 4.320.60, eða \$ 114.00, með undirskriftinni Eypór Þórðarson undir báðum liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 636, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki C. B. Owens jr., sbr. dskj. nr. 108, og með áritun um, að greiðsla hafi farið

fram 21. apríl 1961 með ávísun nr. 1037, sbr. dskj. nr. 109, sbr. ákærulið nr. 6 í II. kafla B.

30. Reikningur til K.N.C.O. frá Eypóri Þórðarsyni vegna kæli-vélaþjónustu í septembermánuði 1961, dagsettur 25. september 1961, fyrir kr. 2.675.00, eða \$ 62.50, með undirskriftinni Eypór Þórðarson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 848, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki William Mull, sbr. dskj. nr. 110, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 23. september 1961 með ávísun nr. 1261.

31. Reikningur í tveim liðum frá Eypóri Þórðarsyni til A.F.O.M., fyrri liður vegna vinnu við gólfskilrúm, að upphæð kr. 1.445.08, eða \$ 36.40, dagsettur 13. janúar 1961, en seinni liður, dagsettur 22. janúar 1961, vegna rörlagningarvinnu við salerni, að upphæð kr. 3.550.00, eða \$ 93.67, með undirskriftinni Eypór Þórðarson undir báðum liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 306, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki C. G. Wourl, sbr. dskj. nr. 114, og með áritun um, að fyrri liður hafi verið greiddur 17. janúar 1961 með ávísun nr. 564, sbr. dskj. nr. 115, sbr. ákærulið nr. 8 í II. kafla B, en síðari liður 26. janúar 1961 með ávísun nr. 573.

32. Tilboð A.F.O.M. frá Eypóri Þórðarsyni og Þórarni Eyjólfssyni, dagsett 3. maí 1961, um vinnu við að þekja vegg danssalar A.F.O.M., tilboðsupphæð kr. 99.298.00, eða \$ 2.620.00, með undirskriftunum Eypór Þórðarson og Þórarinn Eyjólfsson undir tilboðinu, fólsum af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 116, sbr. næstu tvo ákæruliði.

33. Samningur í tvíriti milli Graham Keesee, ritara og gæzlu-manns A.F.O.M., annars vegar og Eypórs Þórðarsonar og Þórarins Eyjólfssonar hins vegar um breytingar í danssal A.F.O.M., dagsettur 3. ágúst 1961, samningsupphæð \$ 2.620.00, með undirskriftunum Eypór Þórðarson og Þórarinn Eyjólfsson undir samningnum, fólsum af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 117, sbr. ákæruliði nr. 32 og 34 í þessum kafla.

34. Greiðslubeiðni í þrem liðum til A.F.O.M. vegna endurnýjunar veggja í danssal samkvæmt samningi. Fyrsti liður, dagsettur 16. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 42.800.00, eða \$ 1.000.00, annar liður 15. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 42.800.00, eða \$ 1.000.00, og þriðji liður 31. ágúst 1965, að fjárhæð kr. 41.836.10, eða \$ 977.48, með undirskriftunum Eypór Þórðarson undir tveim

fyrri liðunum og Þórarinn Eyjólfsson undir þriðja lið, öllum fölsuðum af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 477, með áritun um athugun Gunnars Ingvarssonar og greiðslusamþykki Graham Keese, sbr. dskj. nr. 118, og með áritun á hinum einstöku liðum greiðslubeiðnanna um greiðslu, fyrsti og annar liður 15. ágúst 1961 með ávísun nr. 211, sbr. dskj. nr. 120, sbr. ákærulið nr. 9 í II. kafla B, og þriðji liður 31. ágúst 1961 með ávísun nr. 238, sbr. dskj. nr. 119.

35. Reikningur frá Þórarini Eyjólfssyni til A.F.O.M., dagsettur 20. febrúar 1961, fyrir flísar í snyrtiklefa kvenna fyrir samtals kr. 3.650.00, eða \$ 96.31, með undirskriftinni Þórarinn Eyjólfsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 348, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki Graham Keese, sbr. dskj. nr. 121, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 22. febrúar 1961 með ávísun nr. 11.

36. Reikningur til N.C.O. frá Ragnari Guðmundssyni, ódagsettur, fyrir viðgerð á margföldunarvél, að fjárhæð kr. 910.00, eða \$ 24.01, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 594, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki C. B. Owens jr. og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 24. marz 1961 með ávísun nr. 996, sbr. dskj. nr. 122, sbr. ákærulið nr. 10 í II. kafla B.

37. Reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til N.C.O., dagsettur 25. apríl 1961, fyrir ýmsa trésmíðavinnu og efni samkvæmt beiðni gæzlumanns fyrir samtals kr. 12.601.75, eða \$ 332.50, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 641, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki Charles W. Kramer, sbr. dskj. nr. 124, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 25. apríl 1961 með ávísun nr. 1040, sbr. dskj. nr. 125, sbr. ákærulið nr. 11 í II. kafla B.

38. Reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til N.C.O., dagsettur 28. apríl 1961, vegna viðgerðar á húsgögnum samkvæmt beiðni gæzlumanns, fyrir samtals kr. 10.915.20, eða \$ 288.00, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 648, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki Charles W. Kramer, sbr. dskj. nr. 126, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 30. apríl 1961 með ávísun nr. 1050, sbr. dskj. nr. 127, sbr. ákærulið nr. 12 í II. kafla B.

39. Ódagsettur reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til N.C.O. fyrir peningakassaskúffur fyrir bandaríska mynt, fyrir kr. 1.284.00, eða \$ 30.00, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 847, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki William Mull, sbr. dskj. nr. 128, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 23. september 1961 með ávísun nr. 1260.

40. Reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M., dagsettur 24. febrúar 1961, vegna viðgerðar á vegg í snyrtiklefa A.F.O.M. og fyrir málningu snyrtiklefans samkvæmt beiðni gæzlumanns, fyrir kr. 3.411.00, eða \$ 90.00, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 354, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar, sbr. dskj. nr. 129, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 27. febrúar 1961 með ávísun nr. 20, sbr. dskj. nr. 130, sbr. ákærulið nr. 13 í II. kafla B.

41. Ódagsettur reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M. fyrir málningarvinnu samkvæmt beiðni gæzlumanns í A.F.O.M., fyrir kr. 4.358.50, eða \$ 115.00, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 404, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 131, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 27. apríl 1961 með ávísun nr. 88, sbr. dskj. nr. 132, sbr. ákærulið nr. 14 í II. kafla B.

42. Ódagsettur reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M. fyrir ýmsar viðgerðir og viðhaldsvinnu samkvæmt beiðni ritarans, fyrir kr. 1.648.65, eða \$ 43.50, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 421, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 133, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 19. maí 1961 með ávísun nr. 109, sbr. dskj. nr. 134, sbr. ákærulið nr. 15 í II. kafla B.

43. Reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M., dagsettur 25. maí 1961, vegna frystivélapjónustu í maímánuði 1961, fyrir kr. 2.842.50, eða \$ 75.00, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 425, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 135, og með

áritun um, að greiðsla hafi farið fram 30. maí 1961 með ávísun nr. 120, sbr. dskj. nr. 136, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla B.

44. Reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M. vegna frystivélapjónustu í júnímánuði 1961 o. fl., dagsettur 26. júní 1961, að fjárhæð kr. 3.649.77, eða \$ 96.30, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 447, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 137, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 27. júní 1961 með ávísun nr. 149, sbr. dskj. nr. 138, sbr. ákærulið nr. 17 í II. kafla B.

45. Reikningur í tveim liðum frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M., með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson undir báðum liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fyrri liður vegna byggingar girðingar um áfengisgeymslu A.F.O.M. samkvæmt beiðni gæzlumanns, fyrir kr. 3.032.00, eða \$ 80.00, dagsettur 30. júní 1961, og síðari liður fyrir ýmsa vinnu og pjónustu samkvæmt beiðni gæzlumanns, fyrir alls kr. 6.026.10, eða \$ 159.00, dagsettur 28. júlí 1961, báðir fylgjandi „voucher“ nr. 461, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 139, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram, fyrri liður hinn 13. júlí 1961 með ávísun nr. 166, sbr. dskj. nr. 140, og síðari liður 26. júlí með ávísun nr. 181, sbr. dskj. nr. 141, sbr. ákæruliði nr. 18 og 19 í II. kafla B.

46. Reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M., dagsettur 28. ágúst 1961, fyrir frystivélapjónustu í ágústmánuði 1961 o. fl., fyrir alls kr. 9.501.60, eða \$ 222.00, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 497, með athugun af hálfu Gunnars Ingvarssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 142, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 28. ágúst 1961 með ávísun nr. 230, sbr. dskj. nr. 143, sbr. ákærulið nr. 20 í II. kafla B.

47. Reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M. vegna frystivélapjónustu í septembermánuði 1961 og fyrir útvegum á peningakassaskúffum fyrir bandaríska mynt, fyrir alls kr. 3.616.60, eða \$ 84.50, dagsettur 25. september 1961, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 527, með áritun um athugun af hálfu Gunnars Ingvarssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 144, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 23. september 1961 með ávísun nr. 271.

## II. kafli.

Ávísanir með fölsuðum nafnritunum á bakhliðum þeirra sem framsöl og framvísað síðan, tíðast í Sparisjóði Keflavíkur, eftir að ákærðu höfðu sjálfir framselt tékkana með eigin nöfnum og þannig fengið fjárhæðir þeirra greiddar, svo sem rakið verður.

## A.

Eftirgreindar ávísanir, útgefnar af Keflavík Civilian Open Mess á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., Keflavíkurlflugvelli:

1. Nr. 632, dagsett 31. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 85.600.00, til Guðmundar Jónssonar, með nafnrituninni Guðmundur Jónsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Eyþóri að beiðni eða áeggjan Jósafats, sem síðan framseldi ávísunina í eigin nafni, en þannig var ávísuninni framvísað í sparisjóðnum 1. september 1961 og greidd, sbr. dskj. nr. 10, sbr. ákærulið nr. 13 í I. kafla.

2. Nr. 644, dagsett 7. september 1961, að fjárhæð kr. 42.800.00, til Guðmundar Jónssonar, með nafnrituninni Guðmundur Jónsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi ávísunina í eigin nafni og framvísaði ávísuninni í sparisjóðnum 7. september 1961, þar sem hún var greidd, sbr. dskj. nr. 11, sbr. ákærulið nr. 9 í I. kafla, sbr. „voucher“ nr. 302 á dskj. nr. 78.

3. Nr. 654, dagsett 14. september 1961, að fjárhæð kr. 42.800.00, til Guðmundar Jónssonar, með nafnrituninni Guðmundur Jónsson, falsaðri á bakhlið tékkans af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann í eigin nafni, en ávísunin var þannig greidd í sparisjóðnum 14. september 1961, sbr. dskj. nr. 12, sbr. ákærulið nr. 12 í I. kafla, sbr. „voucher“ nr. 302 á dskj. nr. 78.

4. Nr. 656, dagsett 19. september, að fjárhæð kr. 42.800.00, til Guðmundar Jónssonar, með nafnrituninni Guðmundur Jónsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi ávísunina pr. pr. Kyndill, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum 19. september 1961, sbr. dskj. nr. 13, sbr. ákærulið nr. 11 í I. kafla, sbr. „voucher“ nr. 302 á dskj. nr. 78.

5. Nr. 668, dagsett 24. september 1961, að fjárhæð kr. 42.800.00, til Guðmundar Jónssonar, með nafnrituninni Guðmundur Jónsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni og framvísaði honum í sparisjóðnum 23. september 1961, þar sem hann var greiddur, sbr.

dskj. nr. 14, sbr. ákærulið nr. 10 í I. kafla, sbr. „voucher“ nr. 302 á dskj. nr. 78.

6. Nr. 613, dagsett 4. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 20.287.20, til Ólafs Önundssonar, með nafnrituninni Ólafur Önundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með framsalinu pr. pr. Kyndill h/f, Jósafat Arngrímsson, og var ávísunin þannig greidd í sparisjóðnum (5.) ágúst 1961, sbr. dskj. nr. 15, sbr. ákærulið nr. 3 í I. kafla.

7. Nr. 647, dagsett 12. september 1961, til Ólafs Önundssonar, að fjárhæð kr. 23.685.52, með nafnrituninni Ólafur Önundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Eypóri að beiðni og áeggjan meðákærða Jósafats, sem síðan framseldi ávísunina með eigin nafni, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum 12. september 1961, sbr. dskj. nr. 16, sbr. ákærulið nr. 6 í I. kafla, sbr. „voucher“ nr. 303 á dskj. nr. 76.

8. Nr. 653, dagsett 14. september 1961, að fjárhæð kr. 7.361.60, til Ólafs Önundssonar, með nafnrituninni Ólafur Önundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi ávísunina með eigin nafni, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum 14. september 1961, sbr. dskj. nr. 17, sbr. ákærulið nr. 7 í I. kafla, sbr. „voucher“ nr. 303 á dskj. nr. 76.

9. Nr. 631, dagsett 31. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 5.504.08, til Ragnars Guðmundssonar, með árituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var ávísunin greidd 31. ágúst 1961, sbr. dskj. nr. 18, sbr. ákærulið nr. 15 í I. kafla, staflið f.

10. Nr. 665, dagsett 22. september 1961, á reikning nr. K-14, að fjárhæð kr. 3.616.00, til Ragnars Guðmundssonar, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann í eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 23. september 1961, sbr. dskj. nr. 19, sbr. ákærulið nr. 15 í I. kafla, staflið c.

11. Nr. 666, dagsett 24. september 1961, að fjárhæð kr. 67.985.23, til Ragnars Svavarssonar, með framsalsárituninni Ragnar Svavarsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Eypóri að beiðni og áeggjan meðákærða Jósafats, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 23. september 1961, sbr. dskj. nr. 20, sbr. ákærulið nr. 5 í I. kafla, sbr. „voucher“ nr. 320 á dskj. nr. 72.

12. Nr. 429, dagsett 14. febrúar 1961, að fjárhæð kr. 6.000.00,

til Guðmundar Halldórssonar, með framsalsárituninni Guðmundur Halldórsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Eypóri að beiðni og áeggjan meðákærða Jósafats, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 14. febrúar 1961, sbr. dskj. nr. 69, sbr. ákærulið nr. 14 í I. kafla.

13. Fjórar ávísanir til Ragnars Guðmundssonar, þ. e. nr. 458, dagsett 15. marz 1961, að fjárhæð kr. 6.276.24, nr. 468, dagsett 28. marz 1961, að fjárhæð kr. 1.038.46, nr. 487, dagsett 21. apríl 1961, að fjárhæð kr. 1.705.50, og nr. 596, dagsett 26. júlí 1961, að fjárhæð kr. 2.842.50, með framsalsnafnrituninni Ragnar Guðmundsson á bakhliðum allra tékkanna, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi 3 tékkana, þ. e. nr. 458, 487 og 596, með eigin nafni, og þannig voru tékkarnir greiddir í sparisjóðnum, nr. 458 16. marz 1961, nr. 487 21. apríl 1961 og nr. 596 27. júlí 1961. Ávísun nr. 468 var framseld af Stapafelli h/f og greidd í sparisjóðnum 4. apríl 1964, sbr. dskj. nr. 71, sbr. dskj. nr. 70, sbr. ákærulið nr. 16 í I. kafla, staflíði a, b, d og e.

14. Nr. 591, dagsett 19. júlí 1961, að fjárhæð kr. 30.000.00, til Ragnars Svavarssonar, með nafnrituninni Ragnar Svavarsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann í eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 19. júlí 1961, sbr. dskj. nr. 73, sbr. „voucher“ nr. 239 á dskj. nr. 72, sbr. ákærulið nr. 4 í I. kafla.

15. Nr. 673, dagsett 25. september 1961, að fjárhæð kr. 107.635.15, til Guðmundar Jónssonar, með framsalsnafnrituninni Guðmundur Jónsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat með vitneskju meðákærða Eypórs, sem síðan framseldi ávísunina með eigin nafni, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum 28. september 1961, sbr. dskj. nr. 79, sbr. ákærulið nr. 8 í I. kafla, sbr. „voucher“ nr. 302 á dskj. nr. 78.

16. Eftirgreindar 9 ávísanir á dskj. nr. 90, samtals að fjárhæð kr. 58.686.57, til Eypórs Þórðarsonar: Nr. 374, dagsett 28. desember 1960, að fjárhæð kr. 606.40, nr. 395, dagsett 12. janúar 1961, að fjárhæð kr. 10.991.00, nr. 398, dagsett 17. janúar 1961, að fjárhæð kr. 10.000.00, nr. 399, dagsett 19. janúar 1961, að fjárhæð kr. 21.000.00, nr. 413, dagsett 31. janúar 1961, að fjárhæð kr. 5.203.17, nr. 500, dagsett 28. apríl 1961, að fjárhæð kr. 1.790.00, nr. 529, dagsett 26. marz 1961, að fjárhæð kr. 2.842.50, nr. 559, dagsett 26. júní 1961, að fjárhæð kr. 2.842.50, og nr. 593, dagsett 26. júlí 1961, að fjárhæð kr. 3.411.00, allar með framsals-

nafnrituninni Eyþór Þórðarson á bakhliðum tékkanna, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi þær í eigin nafni, og þannig voru þær greiddar í sparisjóðnum á eftirgreindum dögum: Nr. 374 28. desember 1960, nr. 395 13. janúar 1961, nr. 398 18. janúar 1961, nr. 399 19. janúar 1961, nr. 413 3. febrúar 1961, nr. 500 greidd í Verzlunarbbankanum 4. maí 1961, nr. 529 greidd í sparisjóðnum 26. maí 1961, nr. 559 26. júní 1961 og nr. 593 27. júlí 1961, sbr. eftirgreinda ákæruliði í I. kafla nr. 16, stafliði a, b, c og d, nr. 18, 19, 20 og 21.

## B.

Ávísanir, útgefnar af Custodian N.C.O. Open Mess á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., Keflavíkurflugvelli:

1. Nr. 793, dagsett 28. desember 1960, til Eyþórs Þórðarsonar, að fjárhæð kr. 10.917.95, með framsalsárituninni Eyþór Þórðarson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum 28. desember 1960, sbr. dskj. nr. 98.

2. Nr. 880, dagsett 12. janúar 1961, að fjárhæð kr. 3.562.60, og nr. 899, dagsett 27. janúar 1961, að fjárhæð kr. 2.842.50, báðar til Eyþórs Þórðarsonar, með framsalsárituninni Eyþór Þórðarson á bakhliðum tékkanna, falsaðri af ákærða Jósafat, en tékkarnir voru greiddir í sparisjóðnum 13. janúar 1961, nr. 880, og 27. janúar 1961, nr. 899, eftir að ákærði Jósafat hafði framselt þá báða í eigin nafni, sbr. dskj. nr. 99, 100 og 101, sbr. ákærulið nr. 25 í I. kafla.

3. Nr. 958, dagsett 28. febrúar 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að fjárhæð kr. 1.137.00, með framsalsnafnrituninni Eyþór Þórðarson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 2. marz 1961, sbr. dskj. nr. 103, sbr. dskj. nr. 102, sbr. ákærulið nr. 26 í I. kafla.

4. Nr. 984, dagsett 16. marz 1961, að fjárhæð kr. 1.591.80, til Eyþórs Þórðarsonar, með framsalsnafnrituninni Eyþór Þórðarson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi ávísunina með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 17. marz 1961, sbr. dskj. nr. 105, sbr. dskj. nr. 104, sbr. ákærulið nr. 27 í I. kafla.

5. Nr. 998, dagsett 24. marz 1961, að fjárhæð kr. 2.842.50, til Eyþórs Þórðarsonar, með framsalsnafnrituninni Eyþór Þórðarson

á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 24. marz 1961, sbr. dskj. nr. 107, sbr. dskj. nr. 106, sbr. ákærulið nr. 28 í I. kafla.

6. Nr. 1037, dagsett 21. apríl 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að fjárhæð kr. 4.320.60, með framsalsárituninni Eyþór Þórðarson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 21. apríl 1961, sbr. dskj. nr. 109, sbr. dskj. nr. 108, sbr. ákærulið nr. 29 í I. kafla.

7. Nr. 695, dagsett 28. nóvember 1960, til Eyþórs Þórðarsonar, að fjárhæð kr. 2.842.50, með framsalsárituninni Eyþór Þórðarson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi sjálfur tékkann, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 28. nóvember 1960, sbr. dskj. nr. 111.

8. Nr. 564, dagsett 11. janúar, til Eyþórs Þórðarsonar, að fjárhæð kr. 1.445.08, með nafnrituninni Eyþór Þórðarson á bakhlið tékkans sem framsal, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum 16. janúar 1961, sbr. dskj. nr. 115, sbr. dskj. nr. 114, sbr. ákærulið nr. 31 í I. kafla.

9. Nr. 194, dagsett 3. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 27.500.00, og nr. 211, dagsett 15. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 42.800.00, báðar til Eyþórs Þórðarsonar, með framsalsárituninni Eyþór Þórðarson á bakhliðum beggja tékkanna, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi þá báða með eigin nafni, og þannig voru tékkarnir greiddir í sparisjóðnum, nr. 194 3. ágúst 1961 og nr. 211 16. júlí (sic) 1961, sbr. dskj. nr. 120, sbr. dskj. nr. 118, sbr. ákærulið nr. 34 í I. kafla.

10. Nr. 996, dagsett 24. marz 1961, að fjárhæð kr. 910.00, til Ragnars Guðmundssonar, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum á útgáfudegi hennar, sbr. dskj. nr. 123, sbr. dskj. nr. 122, sbr. ákærulið nr. 36 í I. kafla.

11. Nr. 1040, dagsett 25. apríl 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 12.601.75, með framsalsnafnrituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 25. apríl 1961, sbr. dskj. nr. 125, sbr. dskj. nr. 124, sbr. ákærulið nr. 37 í I. kafla.

12. Nr. 1050, dagsett 30. apríl 1961, til Ragnars Guðmunds-

sonar, að fjárhæð kr. 10.915.20, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 2. maí 1961, sbr. dskj. nr. 127, sbr. dskj. nr. 126, sbr. ákærulið nr. 38 í I. kafla.

13. Nr. 20, dagsett 27. febrúar 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 3.411.00, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 2. marz 1961, sbr. dskj. nr. 130, sbr. dskj. nr. 129, sbr. ákærulið nr. 40 í I. kafla.

14. Nr. 88, dagsett 27. apríl 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 4.358.50, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 27. apríl 1961, sbr. dskj. nr. 132, sbr. dskj. nr. 131, sbr. ákærulið nr. 41 í I. kafla.

15. Nr. 109, dagsett 19. maí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 1.648.65, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 20. maí 1961, með stimplun Kaupfélags Suðurnesja í Keflavík einnig á tékkanum, sbr. dskj. nr. 134, sbr. dskj. nr. 133, sbr. ákærulið nr. 42 í I. kafla.

16. Nr. 120, dagsett 30. maí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 2.842.50, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 7. júní 1961, sbr. dskj. nr. 136, sbr. dskj. nr. 135, sbr. ákærulið nr. 43 í I. kafla.

17. Nr. 149, dagsett 27. júní 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 3.649.77, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 28. júní 1961, sbr. dskj. nr. 138, sbr. dskj. nr. 137, sbr. ákærulið nr. 44 í I. kafla.

18. Nr. 166, dagsett 13. júlí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 3.032.00, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Eyþóri að beiðni og áeggjan meðákærða Jósafats, en ákærði Eyþór framseldi síðan tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í spari-

sjóðnum 14. júlí 1961, sbr. dskj. nr. 140, sbr. dskj. nr. 139, sbr. ákærulið nr. 45 í I. kafla.

19. Nr. 181, dagsett 26. júlí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 6.026.10, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi ávísunina pr. pr. Kyndill h/f, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum 31. júlí 1961, sbr. dskj. nr. 141, sbr. dskj. nr. 139, sbr. ákærulið nr. 45 í I. kafla.

20. Nr. 230, dagsett 28. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 9.501.60, til Ragnars Guðmundssonar, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem þannig fékk fjárhæð tékkans greidda við framvísun hans í The American Express Co., Inc., 29. ágúst 1961, sbr. dskj. nr. 143, sbr. dskj. nr. 142, sbr. ákærulið nr. 46 í I. kafla.

21. Nr. 51, dagsett 24. marz 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 720.10, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 24. marz 1961, sbr. dskj. nr. 145.

### III. kafli.

Ákærða Jósafat er og gefið að sök að hafa síðari hluta febrúar-múnaðar 1962 sent tilkynningu til firmaskrár Keflavíkur um stofnun fyrirtækis í Keflavík, er bera skyldi heitið Guðmundur Jónsson, með undirritun Björgvins Guðmundssonar og dagsetningu 27. febrúar 1962, eftir að hafa breytt ártalinu í tilkynningunni í 1961 án vitundar og heimildar Björgvins, en þannig var tilkynningin móttækin á skrifstofu bæjarfógetans í Keflavík 8. maí 1962 og firmaskráningin auglýst í 59. tbl. Lögbirtinga-blaðsins 26. maí 1962, auglýsing nr. 1189.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

### II. þáttur.

Brot í sambandi við sendingu símapóstávísana um pósthúsið á Keflavíkurflugvelli.

#### I. kafli.

Ákærða Jósafat er gefið að sök að hafa á árunum 1962, 1963 og í ársbyrjun 1964 með sviksamlegri útgáfu og notkun tékka af hálfu Ísfélags Keflavíkur h/f, Kyndils h/f og Kassagerð Suðurnesja h/f, en á þeim árum var ákærði Jósafat lengst af í stjórn fyrrgreindra fyrirtækja, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri

Ísfélagsins og framkvæmdastjóri Kyndils h/f, náð að svíkja út úr sjóðum póstmálastjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli fé, er nam í febrúarbyrjun 1964 kr. 2.667.245.42, á þann hátt að senda iðulega á fyrrgreindu tímabili símapóstávisanir í nafni fyrrnefndra fyrirtækja eða annarra félaga sinna pro forma um pósthúsið á Keflavíkurflugvelli til ýmissa aðilja í Reykjavík, sem til þess eins voru kvaddir að veita þar fénu viðtöku fyrir ákærða, þar til hann sækti það sjálfur eða léti sækja það eða féð skyldi leggjaast beint inn á bankareikning fyrirtækjanna í Reykjavík, og með því móti hyggjast skapa sér og fyrirtækjum sínum skammvinn rekstrarlán, vitandi það og í trausti þess, að tékkauppgjör fór aðeins fram einu sinni í mánuði af hálfu póstsöfunnar á Keflavíkurflugvelli, en bankainnstæðu brast fyrir hinum ávísuðu tékkafjórðingum, sem símapóstávisanirnar voru greiddar með.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra heglingarlaga nr. 19/1940.

## II. kafli.

Ákærða Þórði Einari er gefið að sök aðallega að hafa gerzt sekur um þátttöku í svikum meðákærða Jósafats, sem greinir í I. kafla þessa þáttar, og jafnframt um brot í opinberu starfi, en til vara að hafa:

A. Gerzt sekur um brot í opinberu starfi og misnotkun á fjárvörzlu póstaftgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli á öndverðu ári 1964 með því að hafa sem póstvarðstjóri þar í heimildarleysi og gegnt fyrirmælum póstmálastjórnarinnar um kaup á tékkum tekið við sem greiðslum eftirgreindum 11 tékkum, útgefnum af meðákærða Albert Karli Sanders pr. pr. Ísfélag Keflavíkur h/f á hlaupareikning nr. 40 við Sparisjóð Keflavíkur, samtals að fjárhæð kr. 2.667.245.42, öllum til greiðslu á símapóstávisunum, sem sendar voru af hálfu forsvarsmanna félagsins, meðákærða Jósafat, sbr. tékka þá, er greinir í 1.—3. tölul. incl., og meðákærðu Áka Guðna og Albert Karli, sbr. tékka í 4.—11. tölul. incl., pro forma til ýmissa aðilja í Reykjavík, sbr. efnislýsingu I. kafla þessa þáttar, án þess að grennslast um innstæðu fyrir tékkunum, og það enda þótt ákærði Þórður Einar vissi eða hlaut að vera ljóst, að innstæðu brysti að meira eða minna leyti fyrir hinum ávísuðu tékkafjórðingum né heldur senda tékkana til aðalgjaldkera pósts og síma í Reykjavík með fyrstu póstferðum eftir mótöku þeirra:

1. A, nr. 69407, dags. 9. janúar, .. kr. 198.756.36
2. A, nr. 69411, dags. 13. janúar, .. — 268.519.53

3. A, nr. 69427, dags. 30. janúar, kr. 40.000.00
4. A, nr. 69419, dags. 3. febrúar, .. — 291.098.00
5. A, nr. 69420, dags. 3. febrúar, .. — 467.500.00
6. A, nr. 69421, dags. 3. febrúar, .. — 383.651.00
7. A, nr. 69422, dags. 5. febrúar, .. — 368.361.44
8. A, nr. 69423, dags. 6. febrúar, .. — 187.710.50
9. A, nr. 69424, dags. 6. febrúar, .. — 122.000.00
10. A, nr. 69425, dags. 6. febrúar, .. — 78.342.52
11. A, nr. 69426, dags. 6. febrúar, .. — 261.306.10

Telst þetta aðallega varða við 248. gr., sbr. 22. gr. almennra heglingarlaga nr. 19/1940, sbr. 138. gr. sömu laga, en til vara við 139. gr. og 261. gr., sbr. 249. gr., sbr. 138. gr. hegningarlaga, sbr. 37. gr., 5. tölul., sbr. 82. gr. reglugerðar um notkun pósts nr. 170/1963, sbr. 26. gr. póstlaga nr. 31/1940.

B. Veitt meðákærðu Áka Guðna og Albert Karli aðstoð sína til þessa atferlis þeirra, sem rakið er í A-lið III. kafla, að því er varðar hagnýtingu þeirra á tékkum þeim, sem gefnir voru út af þeirra hálfu í febrúarmánuði 1964, með því að vekja athygli þeirra á innstæðuleysi tékka frá Ísfélaginu, sem þá voru í hans vörzlum í póstafgreiðslunni, og gera þeim þannig jafnframt kleift að halda áfram símapóstávisanasendingum félagsins, sem hafnar voru af meðákærðu Jósafat, svo sem rakið er í I. kafla, og fólgnar voru í pro forma símapóstávisanasendingum af hálfu fyrirtækja meðákærðu til ýmissa aðilja í Reykjavík, sem til þess eins voru kvaddir af meðákærðu að veita fénu þar viðtöku, þar til þeir sæktu það sjálfir eða féð skyldi leggjast beint inn á bankareikninga, og þannig halda í horfi peningaveltu félagsins í gegnum póstafgreiðsluna. Telst þetta varða við 254. gr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna.

### III. kafli.

Ákærðu Áka Guðna og Albert Karli er gefið að sök að hafa:

A. Í febrúarmánuði 1964 gefið út tékka þá, er greinir í 4.—11. tölulið incl., A-liðs II. kafla, samtals að fjárhæð kr. 2.159.969.53, og hagnýtt þá með þeim hætti, er þar greinir í B-lið sama kafla, til að halda við ávinningum af því broti meðákærðu Jósafats, sem rakið var í I. kafla, og í því skyni að blekkja póstmálastjórnina um viðskipti Ísfélags Keflavíkur h/f við póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli til þess að geta greitt sams konar tékka frá fyrri tíð, er stöfuðu frá meðákærðu Jósafat og lágu í vörzlum meðákærðu Þórðar Einars á póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli vegna væntanlegs uppgjors þeirrar póstafgreiðslu við póst-

húsið í Reykjavík, enda þótt bankainnstæðu brysti fyrir hinum ávísuðu tékkafjórðingum.

Telst þetta varða við 248. gr. og 254. gr. hegningarlagaanna.

B. Gerzt sekir um hlutdeild í brotum meðákærða Þórðar Einars sem opinbers starfsmanns, sem rakin eru í A-lið II. kafla, að því er tekur til hagnýtingar tékka þeirra, sem raktir eru í 4.—11. tölulið incl., með því að hafa í febrúarmánuði 1964 gefið út umrædda tékka í samráði við meðákærða Þórð Einar til þeirra nota, sem rakin eru hér að framan í A-lið þessa kafla, sbr. B-lið II. kafla.

Telst þetta varða við 139. gr., 261. gr., sbr. 249. gr., sbr. 138. gr., sbr. 22. gr. hegningarlagaanna.

Ákærðu Áki Guðni og Albert Karl voru á þessum tíma báðir í stjórn Ísfélags Keflavíkur h/f og ákærði Albert Karl framkvæmdastjóri þess.

#### Dómkröfur.

Þess er krafizt, að ákærðu, Jósafat Arngrímsson, Þórður Einar Halldórsson, Eyþór Þórðarson, Áki Guðni Gränz og Albert Karl Sanders, verði dæmdir til refsingar samkvæmt framangreindum refsiakvæðum og til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 141. gr. og 142. gr. laga nr. 82/1961.

Dæma skal í málinu um fjárkröfur, sem uppi kunna að verða hafðar samkvæmt 145. gr. laga nr. 82/1961.

#### I. þáttur.

##### I.

Með umboðsskrá dómsmálaráðherra, dagsettri 14. janúar 1964, var dómari máls þessa skipaður til að fara með rannsókn á verk-takastarfsemi Jósafats Arngrímssonar á Keflavíkurflugvelli og nafnritanafölsunum í því sambandi svo og til þess að kveða upp dóm í málinu, ef til málshöfðunar kæmi. Skipun dómarans var gerð samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961 um meðferð opinberra mála. Til framkvæmdar starfinu var dómara heimilt að heyja dómping innan sérhvers lögsagnarumdæmis landsins.

Skipunarbréfinu fylgdi skýrsla bandarískra rannsóknarmanna, skýrsla rannsóknarlögreglunnar í New York um rithandarathuganir, enn fremur ljósrit af tékkum og skjölum. Niðurstaða hinnar bandarísku rannsókar var á eftirfarandi hátt:

„Öregla á úthlutun og greiðslu samninga vegna endurnýjunar

í gildaskála borgaralegra starfsmanna (Keflavík Civilian Open Mess) í ágúst og september 1961.

Aðalatriði: Við endurskoðun, sem framkvæmd var í ofangreindri stofnun, K.C.O.M., til að ljúka ábyrgð flughersins á henni í september 1961, kom í ljós, að 11 ávísanir að upphæð \$ 9.094, sem greiddar höfðu verið 4 verktökum, höfðu verið framseldar af Jósafat Arngrímssyni, bókara K.C.O.M. Athugun leiddi í ljós, að ávísanir til Ólafs Önundssonar, framseldar af Jósafat Arngrímssyni, voru raunar ekki undirritaðar af Önundssyni. Þrátt fyrir rannsókn var ekki unnt að finna, að til væru Ragnar Guðmundsson eða Ragnar Svavarsson, sem fengu K.C.O.M. ávísanir, er síðar voru framseldar af Arngrímssyni. Rithandarsérfræðingar lögreglunnar í New York létu vita, að Eypór Þórðarson, frystivélvirki í Njarðvíkum, falsaði framsal á þrjár K.C.O.M. ávísanir til Guðmundar Jónssonar, Ólafs Önundssonar og Ragnars Svavarssonar, og að tvö önnur K.C.O.M. skjöl, undirrituð af Ragnari Guðmundssyni og Ragnari Svavarssyni, líkjast rithönd Jósafats Arngrímssonar“.

Dómsrannsókn í málinu hófst 24. janúar 1964. Í fyrstu beindist rannsóknin að athugun gagna þeirra, er þegar lágu fyrir, eða gagna varðandi K.C.O.M. veitingastaðinn. Á síðara stigi rannsóknarinnar voru og lögð fram gögn, er stöfuðu frá None Commissioned Officers Club eða N.C.O. veitingastaðnum og Air Forces Open Mess eða A.F.O.M. veitingastaðnum.

Rannsókn þessi var send saksóknara ríkisins til ákvörðunar 14. desember 1964. Að loknum framhaldsrannsóknum, er fram fóru snemma árs 1965, höfðu saksóknari mál með ákæruskjali, dagsettu 27. apríl 1965, á hendur ákærða Jósafat Arngrímssyni og ákærða Eypóri Þórðarsyni á grundvelli framangreindra rannsókna fyrir skjalafals skv. 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. I. þátt áðurnefndrar ákæru. Framhaldsrannsókn var háð í málinu síðari hluta árs 1965.

Til glöggvunar þykir nauðsyn til bera að lýsa nokkuð starfsháttum áðurnefndra veitingastaða. Á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins gerðu Ísland og Bandaríkin með sér varnarsamning hinn 5. maí 1951, en sá samningur hlaut lagagildi með lögum nr. 110 19. desember 1951. Frá gildistöku samnings þessa hefur bandarískt herlið haft aðsetur á Keflavíkurflugvelli. Á árunum 1960—1961 sá flugher Bandaríkjanna um framkvæmd samningsins, en í september 1961 tók sjólið Bandaríkjanna við

störfum flugliðsins á Keflavíkurflugvelli. Á áðurnefndum árum störfuðu á Keflavíkurflugvelli skemmtistaðir þeir, er áður hafa verið nefndir, eða K.C.O.M. veitingastaðurinn, N.C.O. veitingastaðurinn og A.F.O.M. veitingastaðurinn. Hinn fyrstnefndi veitingastaður er veitingastaður borgaralegra starfsmanna og stjórn að af þeim með heimild herstjórnarinnar. Hinir tveir síðastnefndu eru stofnaðir af liðsmönnum Badaríkjahers og stjórn þeirra kosin af þeim. Veitingastaðir þessir allir hafa sjálfstæðan fjárhag og eru reknir með það fyrir augum, að þeir beri sig fjárhagslega. Stjórn Bandaríkjanna leggur ekki fram fé til veitingastaðanna, en þeir njóta hins vegar styrks úr einkasjóðum. Herstjóri hefur eftirlit með rekstri veitingastaðanna. Sérstakir endurskoðendur starfa við veitingastaðina og framkvæma þar endurskoðun eftir því sem þörf er á. Endurskoðendur þessir eru eigi starfsmenn veitingastaðanna, heldur undir herstjóra seldir. Herstjóri eða herstjórn getur hvenær sem er skipað nefnd manna til að rannsaka og athuga starfrækslu veitingastaðanna, ef ástæða þykir til. Á flugvellingum starfar bókhaldsmiðstöð, sem hefur það verkefni með höndum að annast um bókhald veitingastaðanna eða bókhald vegna ýmiss konar sérþjónustu, er veitingastaðirnir þurfa á að halda, svo sem viðhald, viðgerðir, endurbætur o. s. frv. Bókhaldsmiðstöðin er óháð veitingastöðunum í starfsrekstri og kemur fram gagnvart veitingastöðunum sem endurskoðandi auk þess að annast um bókhaldspátt. Er ákvörðun hefur verið tekin af stjórn viðkomandi veitingastaða um að ráðast í ákveðna fjárfestingu, þá er framkvæmdastjóra falið að annast um framkvæmdir á sem hagkvæmestan hátt, og fær framkvæmdastjóri afrit fundargerðar stjórnar viðkomandi veitingastaðar til afnota við framkvæmdir, og er það umboð hans til að annast umrætt verk. Sé um að ræða verk, sem eigi fer fram úr \$ 250.00, er framkvæmdastjóra hins vegar heimilt að sjá um, að unnið verði án umboðs stjórnar veitingastaðar. Framkvæmdastjóra er falið að leita tilboða í verk eða gera um það innkaupaheimild eða skriflegan samning, ef um meiri háttar verk er að ræða. Að verki loknu fer greiðsla fram á þann hátt, að verktaki gefur út reikning, sem gengur til bókhaldsmiðstöðvarinnar, eftir að framkvæmdastjóri hefur áritað reikninginn til staðfestingar. Bókhaldsmiðstöðin sér um útgáfu greiðslutékka, eftir að hafa athugað um heimild fyrir fjárfestingunni. Sem áður getur um, er greiðslutékki útfylltur í bókhaldsmiðstöðinni og sendur viðkomandi framkvæmdastjóra til undirskriftar og

afhendingar. Endurskoðun bókhaldsmiðstöðvarinnar fer fram á þann hátt, að borinn er saman reikningur og greiðsluheimild, en án þess að skoðun á verkinu sem slíku fari fram, en um þá hlið sér viðkomandi framkvæmdastjóri hvers veitingastaðar.

## II.

Starfsferill ákærðu Jósafats og Eypórs á Keflavíkurflugvelli verður nú rakinn. Ákærði Jósafat hóf störf á Keflavíkurflugvelli í októbermánuði 1952. Þá vann hann við fyrirtækið Metcalf Mamilton-Smith Beck & Co. sem yfirverkstjóri. Á árunum 1956—1958 vann ákærði við fyrirtækið Hedric Grove á flugvellinum við sömu störf. Á árinu 1958 fram í marzmánuð 1959 vann ákærði við fyrirtækið Central Boarding and Supply. Ákærði vann þar sem verkstjóri, en gegndi þó nokkrum öðrum störfum. Á árinu 1959 gerðist ákærði undirverktaki hjá Íslenzkum Aðalverktökum og sá um hreingerningar í skrifstofum verkfræðingadeildar varnarliðsins. Auk þess sá ákærði um viðhald á húsum verkfræðingadeildarinnar og íbúðarhúsum starfsmanna verkfræðingadeildar varnarliðsins. Fyrir þessi verk fekk ákærði ákveðnar mánaðargreiðslur í íslenzkum krónum. Ákærði hafði nokkurt starfsfólk við hreingerningarnar og auk þess meðákærða Eypór Þórðarson, er sá um viðhaldssamninginn. Verktakasamningur þessi var í gildi til ársloka 1962, og sá ákærði Jósafat um framkvæmd samningsins fram að þeim tíma. Í apríl eða maímánuði 1959 hóf ákærði Jósafat störf í K.C.O.M. veitingastaðnum sem bókhaldari og tók þar að sér svokallað undirbókhald. Ákærði sá þar einnig um vörutalningu og samanburð og endurskoðun á almennum sölu-skýrslum. Ákærði tók einnig að sér bókhaldsstörf í N.C.O. veitingastaðnum snemma árs 1959. Starfið var sams konar og lýst hefur verið í K.C.O.M. veitingastaðnum. Um sumarið eða haustið 1960 sagði ákærði starfi sínu lausu sem bókhaldari við N.C.O. veitingastaðinn. Við yfirtöku flotans á Keflavíkurflugvelli í septembermánuði 1961 var ákærði ráðinn aðstoðarframkvæmdastjóri deildar úr Navy Exchange. Deild þessi sá um rekstur veitingastaða og annarra greiðasölustaða á flugvellinum. Starf ákærða sem aðstoðarframkvæmdastjóra var fólgið í skýrslugerð, er nauðsynleg var vegna deildarinnar, eftirlit með rekstrarkostnaði og rekstrarafkomu hvers veitingastaðar fyrir sig. Á hinn bóginn sá aðalframkvæmdastjóri um daglegt eftirlit. Hann annaðist einnig innkaup. Í aprílmánuði 1963 sagði ákærði upp starfi sínu og lét af störfum á flugvellinum hinn 1. ágúst sama ár.

Ákærði Eypór gerðist starfsmaður meðákærða Jósafats í árslok 1959. Ákærði Eypór hóf þá störf samkvæmt viðhaldssamningi, er meðákærði Jósafat hafði gert sem undirverktaki Íslenzkra Aðalverktaka við varnarliðið. Ákærði Eypór var starfsmaður meðákærða Jósafats, meðan sá síðarnefndi framkvæmdi samning, eða þar til um áramótin 1962—1963. Sem aukastarf sá ákærði Eypór um viðhald frystivéla í K.C.O.M. veitingastaðnum frá því fyrri hluta árs 1960 og fram á síðari hluta árs 1961.

Svo sem þegar hefur fram komið, annaðist ákærði Eypór viðhaldssamning fyrir ákærða Jósafat, er hann hafði tekið að sér sem undirverktaki Íslenzkra Aðalverktaka. Viðhaldssamning þennan framkvæmdi ákærði Eypór að mestu einn, en keypti þó í nokkrum tilvikum aðstoð. Vegna viðhaldssamningsins þáði ákærði Eypór ákveðin mánaðarlaun af ákærða Jósafat. Fyrir milligöngu ákærða Jósafats tók Eypór að sér störf í ríkari mæli, meðal annars tók hann að sér frystivélaeftirlit í K.C.O.M. veitingastaðnum, eins og áður er getið um. Samstarf ákærðu þróaðist brátt og náði til fleiri veitingastaða á flugvellinum. Ákærðu hafa skýrt frá samstarfi þessu nokkuð á mismunandi hátt, og verða nú framburðir þeirra raktir um þetta atriði til skýringar á málinu.

Ákærði Eypór hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að vegna viðgerðarstarfsemi sinnar við viðhaldssamninginn hafi oft komið fram beiðnir frá ýmsum aðiljum á flugvellinum um minni háttar viðhalds- og viðgerðarstörf. Hann hafi unnið að störfum þessum fyrir meðalgöngu meðákærða Jósafats, en í stað þess fékk meðákærði Jósafat hálf andvirði endurgjaldsins. Verk þessi hafi að langmestu leyti verið unnin í hinum ýmsu skemmtistöðum Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli. Hann hafi því oft verið kvaddur út utan reglulegs vinnutíma og hafi afkoma sín verið góð, þar eð meðákærði Jósafat hafi greitt honum vel fyrir störfin, en meðákærði Jósafat hafi útvegað honum störf þessi. Meðákærði Jósafat hafi þá auk helmingagreiðslna fyrir ýmis smærri störf, er hann átti að fá, einnig fengið helming af mánaðarlaunum sínum vegna frystivélaeftirlitsins í K.C.O.M. veitingastaðnum. Meðákærði Jósafat hafi gert upp við sig mánaðarlega. Honum hafi líkað greiðslurnar, enda þótt vinnudagur hafi oft verið mjög langur. Hann hafi ekki brotið heilann um það, hvernig meðákærði Jósafat skipti greiðslum milli þeirra vegna verkanna, er hann vann. Þá hafi honum skilizt það á meðákærða Jósafat, er hann hafði verkumsjón fyrir meðákærða Jósafat vegna stærri

verka, að þeir meðákærði Jósafat skiptu hagnaði af verkunum, ef einhver yrði, sín á milli. Hann hafi aldrei haft veg né vanda af bókhaldi né skjalagerð vegna verka sinna fyrir meðákærða Jósafat. Við verklok hafi hann gefið meðákærða Jósafat upp tímafjölda og efnisnotkun, yfirleitt skrifað á blað, en meðákærði Jósafat hafi útbúið öll skjöl. Við mánaðaruppgjörið hafi meðákærði Jósafat útskýrt uppgjörið í stórum dráttum, ýmist munnlega eða skriflega. Sökum lags vinnudags síns hafi laun sín verið mjög bærileg, enda þótt skipting launanna færi fram á milli þeirra meðákærða Jósafats, eins og greint hefur verið frá. Hann hafi ekki gert af þeim sökum athugasemdir við uppgjörin. Ákærði Eypór hefur þá tekið fram fyrir dómi, að hann hafi ekki vitað um það fyrr en snemma árs 1962, er hin bandaríska rannsókn hófst og þeir meðákærði Jósafat fóru fyrir alvöru að ræða um launagreiðslur til hans, að hann vissi til þess, að meðákærði Jósafat taldi honum andvirði \$ 2.00 á klukkustund vegna hinna ýmissu starfa sinna fyrir bandaríska aðilja.

Ákærði Jósafat hefur skýrt svo frá samstarfi þeirra meðákærða Eypórs, að hann hafi í fyrsta lagi greitt meðákærða Eypóri útlagðan kostnað vegna verkanna, bæði aðkeypta vinnu og efni, í öðru lagi hafi hann greitt meðákærða vinnu hans, er hann eyddi í verkið, og í þriðja lagi deilt með meðákærða hagnaði af verkunum, en hagnaður var jafnan af þeim. Tímakaup, er framkvæmdastjórar veitingahúsanna féllust á að greiða fyrir slíka vinnu, er meðákærði Eypór framkvæmdi, var talsvert miklu hærra en tímakaup íslenzkra iðnaðarmanna, eða \$ 2.00 pr. klukkustund, en hann og meðákærði Eypór greiddu aðkeypta vinnu samkvæmt íslenzkum töxtum. Meðákærði Eypór hafi einnig unnið samkvæmt íslenzkum taxta, þannig að hagnaður hafi jafnan komið af verkunum. Uppgjör þeirra í millum hafi jafnan farið fram að minnsta kosti mánaðarlega. Hann hafi þá sýnt meðákærða afrit af öllum reikningum, er hann útbjó vegna þeirra verka, er Eypór sá um. Hann hafi gert meðákærða Eypóri skil á fé því, er hann hafði tekið á móti fyrir meðákærða. Hagnaði hafi þá verið skipt af verkunum til helminga. Hann hafi aldrei krafði Eypór um helming launa hans vegna starfa Eypórs fyrir K. C. O. M. veitingastaðinn eða aðra aðilja. Undantekning hafi þó verið á þessu, hann hafi fengið helming mánaðarlauna meðákærða Eypórs vegna frystivélasamningsins við K.C.O.M. veitingastaðinn. Í því tilviki hafi þeir meðákærðu Eypór skipt greiðslum fyrir verkið án þess að reikna meðákærða

Eypóri vinnuna áður. Hann hafi annazt um skjalagerð vegna hinna ýmissu verka, er Eypór sá um framkvæmd á.

Svo sem séð verður af framburðum ákærðu Eypórs og Jósafats, ber nokkuð á milli um samstarf eða samskipti þeirra vegna hinna ýmissu verka, er unnin voru á þeirra vegum. Þrátt fyrir ítarlegar samprófanir hefur ekki náðst að samræma framburðina. Þannig hefur ákærði Eypór haldið því fram, að uppgjör þeirra meðákærða Jósafats í millum hafi farið fram mánaðarlega, þannig að meðákærði Jósafat hafi lagt fram skrá um tekjur hans við hvert verk yfir mánuðinn. Hins vegar muni hann ekki til þess, að afrit reikninga vegna verkanna hefðu fylgt skránni. Ákærði Jósafat hefur á hinn bóginn haldið því fram, að auk skrár um verkin, er ákærði Eypór hefur getið um, hafi fylgt afrit reikninga allra, er hann útbjó vegna vinnu meðákærða Eypórs. Undirskriftir hafi og komið fram á reikningunum.

Svo sem rakið verður hér á eftir, hefur það upplýstst við rannsókn máls þessa, að reikningar, er gerðir hafa verið vegna hinna ýmissu verka ákærða Eypórs, hafa verið ritaðir tilbúnum nöfnum og þannig framvísað við bandaríska aðilja. Greiðslutékkar í samræmi við reikningana hafa þá verið framseldir tilbúnum nöfnum. Ákærði Eypór hefur jafnan haldið því fram, að hann hafi ekki vitað um þennan hátt mála. Hann hafi ekki séð um skjalagerð vegna verka sinna, um það hafi meðákærði Jósafat séð. Gögn vegna verkanna hafi hann ekki séð, samanber lýsingar á uppgjörum, sem drepíð hefur verið á hér að framan. Ákærði Jósafat hefur á hinn bóginn haldið því fram, að meðákærði Eypór hafi fyllilega vitað um þennan hátt á gerð skjala, en samræmi hefur ekki náðst í þessa framburði þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Ákærði Jósafat hefur skýrt frá tildrögum að því, að hann sendi inn reikninga vegna vinnu meðákærða Eypórs tilbúnum nöfnum, svo, að um áramótin 1960 og 1961 hafi verið farið að fylgjast vel með því af Bandaríkjamönnum, að starfsmenn Bandaríkjanna, bæði íslenzkir og erlendir, gerðust ekki verktakar hjá þeim fyrirtækjum, sem aðiljar unnu við eða voru í óbeinum tengslum við. Hann hafi oft verið beðinn að sjá til, að minni háttar viðgerðarstörf yrðu unnin í hinum ýmsu veitingastöðum á flugvellinum, en hann hafi verið kunnugur framkvæmdastjórum veitingastaðanna, eða K.C.O.M., N.C.O. og A.F.O.M. Hann hafi ekki viljað, að nafn meðákærða Eypórs kæmi of oft fram í reikningum til veitingastaðanna vegna tengsla hans

við meðákærða. Sjálfur hafi hann ekki viljað, að nafn sitt kæmi fram vegna atvinnu sinnar og því hafi hann útbúið reikninga, oft með tilbúnu nafni. Þá hafi ein höfuðástæðan til þess, að nöfn þeirra meðákærða Eypórs voru ekki skráð fyrir verkunum, verið sú, að framkvæmdastjórar veitingastaðanna óskuðu þess sérstaklega, að nafn hans kæmi alls ekki fram á reikningum til þeirra og nafn meðákærða Eypórs ekki of oft. Framkvæmdastjórum veitingastaðanna hafi verið um það kunnugt, að hann sjálfur og meðákærði Eypór stóðu að baki verkum, er skráðir voru fyrir aðrir aðiljar, enda hafi honum jafnan verið afhentir greiðslutékkar af framkvæmdastjórunum, er stílaðir voru þannig.

Þegar dómsrannsókn þessa máls hófst, athugaði dómarrinn um bandaríska aðilja, er nefndir voru í gögnum málsins, hvort unnt væri að fá þá fyrir dóm. Í öllum tilvikum höfðu Bandaríkjamennirnir þegar farið af landi brott og komu ekki til landsins undir rannsókn málsins. Ein undantekning var þó á, og er þá átt við framkvæmdastjóra K.C.O.M. veitingastaðarins, Stanley Roff. Ákærði Jósafat hefur borið fyrir dómi, að Roff hafi sérstaklega óskað þess við hann, að hann sæi til þess, að nafn meðákærða Eypórs kæmi ekki of oft fyrir í reikningum veitingastaðarins. Roff hafi þá verið kunnugt um, að verk voru unnin í tilbúnu nafni, er engin ákveðin persóna stóð í sambandi við, og er þá átt við verk þau, er Eypór Þórðarson sá um, að unnin væru.

Roff framkvæmdastjóri hefur komið fyrir dóm og borið um þetta atriði. Hann hefur tekið skýrt fram, að hann hafi ekki beðið einn eða neinn að rita undir nokkur gögn vegna veitingastaðarins í öðru en eigin nafni. Sjálfum hafi honum ekki verið kunnugt um, að ekki væri allt með felldu um nafnritanir vegna ýmissa verka fyrir veitingastaðinn, fyrir en hin bandaríska rannsókn hófst snemma árs 1962. Roff framkvæmdastjóri heldur fast við það, að hann hafi ekki vitað um nokkrar nafnritafalsanir í sambandi við rekstur K.C.O.M. veitingastaðarins. Ákærði Jósafat hefur á hinn bóginn haldið fast við framburð sinn um hið gagnstæða, en samræmi hefur ekki náðst í framburði þeirra.

### III.

Nú verður rakin verktakastarfsemi við K.C.O.M. veitingastaðinn, er ákærðu störfuðu þar. Veitingastað þessum stjórnðu 8 borgaralegir starfsmenn. Framkvæmdastjóri veitingastaðarins var á þessum tíma Stanley Roff. Framkvæmdastjórinn hafði unnið

við veitingastaðinn allt frá 1955 og þar til 25. september 1961, er floti Bandaríkjanna yfirtók störf flughersins á Keflavíkurflugvelli. Hinn 26. september 1961 réðst Stanley Roff til flotans við sams konar störf og fyrir flugherinn, þó þannig, að Roff stjórnaði nú 5 veitingastöðum og 3 matsölustöðum og hefur starfað að framkvæmdastjórninni fram á þetta ár. Auk framkvæmdastjórans og ákærða Jósafats sem bókhaldara starfaði í veitingastaðnum gjaldkeri hverju sinni. Voru það að jafnaði eiginkonur bandarískra hermanna, er dvöldust hverju sinni á Keflavíkurflugvelli. Í veitingastaðnum var þá fastráðinn matsveinn og 2 þjónar, en auk þessa starfslíðs, sem nú hefur verið talið, störfuðu oft lausráðnir menn, er hjálpuðu til við þjónustu og aðdrætti. Menn þessir störfuðu aldrei við skrifstofustörf. Menn þessir voru allir úr herliði Bandaríkjanna.

#### A. Verktakastarfsemi í nafninu Guðmundur Jónsson.

Samkvæmt framburði framkvæmdastjóra K.C.O.M. veitinga staðarins, Stanley Roff, frá 30. janúar 1964, var ákveðið á árinu 1961 að endurnýja sal veitingastaðarins. Í því tilefni hafi verið leitað til verktaka bæði á Keflavíkurflugvelli, í Keflavík og í Reykjavík. Tvö tilboð hafi borizt í verkið, annað úr Reykjavík, hitt undirritað Guðmundur Jónsson. Ákveðið hafi verið af stjórn veitingastaðarins að taka tilboði Guðmundar Jónssonar. Í fundargerðum stjórnar veitingastaðarins frá 11. janúar 1961 og 15. ágúst sama ár sést, að stjórn veitingastaðarins samþykkir, að verkið yrði unnið fyrir upphæð \$ 8.514.84, eða samkvæmt skráðu gengi þá ísl. kr. 364.435.15. Verk þetta var unnið haustið 1961, og hafa eftirtalin gögn vegna verksins orðið liðir ákæru:

1. Áætlun og tilboð í húsgögn fyrir samkvæmissal K.C.O.M. í 4 liðum, samtals að upphæð \$ 2.929.74, eða ísl. kr. 125.392.87, dagsett á Keflavíkurflugvelli 16. júlí 1961, ritað Guðmundur Jónsson, sbr. lið 1 í I. kafla I. þætti ákæru.

2. Samningur milli Stanley Roff fyrir hönd K.C.O.M. og Guðmundar Jónssonar í 6 liðum, þar sem Roff kemur fram fyrir hönd verksala, en Guðmundur Jónsson fyrir hönd verktaka. Samningurinn ber með sér, að greiðsla alls verksins skuli vera \$ 8.518.84. Samningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 25. ágúst 1961, undirritaður Stanley Roff, Guðmundur Jónsson. Samningur þessi er ljósrit, ekki frumrit, sbr. 2. lið I. kafla I. þáttar ákæruskjals.

3. Beiðni um hlutagreiðslu vegna verksins, að upphæð kr.

42.800.00, eða \$ 1.000.00, dagsett í Keflavík 7. ágúst 1961, undirrituð Guðmundur Jónsson, árituð S. Roff, enn fremur árituð um greiðslu 7. september 1961 með tékka nr. 644, sbr. 9. tölulið I. kafla I. þáttar ákæruskjals.

4. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 644, dagsettur 7. september 1961, til Guðmundar Jónssonar, að upphæð kr. 42.800.00, undirritaður af Stanley Roff, framseldur Guðmundur Jónsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 2. tölulið II. kafla A I. þáttar ákæru.

5. Greiðslubeiðni til K.C.O.M. til hlutagreiðslu vinnu og efnis vegna verksins, að upphæð kr. 85.600.00, eða \$ 2.000.00, ódagsett, undirrituð Guðmundur Jónsson, árituð Stanley Roff, enn fremur árituð greidd 31. ágúst 1961, tékki nr. 632, sbr. 13. lið I. kafla I. þáttar ákæru.

6. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 632, dagsettur 31. ágúst 1961, til Guðmundar Jónssonar, að upphæð kr. 85.600.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Guðmundur Jónsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 1. tölulið II. kafla A I. þáttar ákæru.

7. Greiðslubeiðni til K.C.O.M. frá Guðmundi Jónssyni, þar sem farið er fram á hlutagreiðslu vegna byggingar samkvæmissalar K.C.O.M., samkvæmt samningi \$ 1.000.00, eða kr. 42.800.00. Beiðnin er dagsett á Keflavíkurflugvelli 14. september 1961, undirrituð Guðmundur Jónsson. Árituð er beiðnin nafninu Stanley Roff, enn fremur árituð greidd 19. september 1961 með tékka nr. 654, sbr. 12. lið I. kafla I. þáttar ákæru.

8. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 654, dagsettur 14. september 1961, til Guðmundar Jónssonar, að upphæð kr. 42.800.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur nafninu Guðmundur Jónsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 3. tölulið II. kafla A I. þáttar ákæru.

9. Beiðni um hlutagreiðslu til K.C.O.M. vegna húsgagna fyrir samkvæmissal K.C.O.M., samkvæmt reikningi \$ 1.000.00, ísl. kr. 42.800.00, dagsett Keflavíkurflugvelli 19. september 1961, undirrituð nafninu Guðmundur Jónsson, árituð S. Roff, enn fremur árituð greiðsla 19. september 1961, tékki nr. 656, sbr. 11. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

10. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 656, dagsettur 19. september 1961, til Guðmundar Jónssonar, að upphæð kr. 42.800.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Guðmundur Jónsson, framseldur pr. pr.

Kyndill, Jósafat Arngrímsson, sbr. 4. tölulið II. kafla A I. þáttar ákæru.

11. Greiðslubeiðni til K.C.O.M. vegna hlutagreiðslu fyrir húsgögn í samkvæmissal K.C.O.M., samkvæmt samningi \$ 1.000.00, ísl. kr. 42.800.00, undirrituð Guðmundur Jónsson, árituð S. Roff, enn fremur árituð greidd 24. september 1961, tékki nr. 668, sbr. 10. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

12. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 668, dagsettur 24. september 1961, til Guðmundar Jónssonar, að upphæð kr. 42.800.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur nafninu Guðmundur Jónsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 5. tölulið II. kafla A I. þáttar ákæru.

13. Greiðslubeiðni til K.C.O.M. Beiðni um endanlega greiðslu vegna samkvæmissalar K.C.O.M., að upphæð \$ 2.514.84, eða ísl. kr. 107.635.15, dagsett Keflavíkurflugvelli 23. september 1961, undirrituð Guðmundur Jónsson, árituð S. Roff, árituð greidd 25. september 1961, tékki nr. 673, sbr. 8. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

14. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 673, dagsettur 25. september 1961, til Guðmundar Jónssonar, að upphæð kr. 107.635.15, undirritaður Stanley Roff, framseldur Guðmundur Jónsson, Eyþór Þórðarson, sbr. 15. tölulið II. kafla A I. þáttar ákæru.

Svo sem að framan getur, var verkið unnið haustið 1961. Að verkinu unnu ýmsir iðnaðarmenn frá Keflavík og nágrenni. Verkumsjón hafði með höndum ákærði Eyþór. Hann sá einnig að einhverju leyti um efnisútvegum og um aðra aðdrætti. Ákærði Jósafat sá um allar greiðslur vegna verksins. Greiðslurnar innti hann af hendi með útgáfu tékka af hlaupareikningi sínum við Sparisjóðinn í Keflavík, nr. 520. Flestir voru greiðslutékkarnir ritaðir til meðákærða Eyþórs, er greiddi iðnaðarmönnunum og öðrum þeim, er unnu að verkinu.

Greiðslutékkar þeir frá bandarískum aðiljum vegna verksins, sem raktir eru hér að framan í staflidum 4, 6, 8, 10 og 12, hafa allir verið framseldir af ákærða Jósafat, síðara framsali, og hafa tékkarnir allir verið seldir í Sparisjóðnum í Keflavík, en andvirði þeirra í mörgum tilvikum lagt inn á nefndan reikning ákærða Jósafats.

Tékkinn í staflid 14 hefur verið framseldur þar síðara framsali af ákærða Eyþóri. Sá tékki hefur og verið innleystur í Sparisjóðnum í Keflavík.

Svo sem fram kemur í gögnum þeim, er rakin hafa verið hér að framan, var verkið unnið í nafninu Guðmundur Jónsson. Upplýst er, að nafnið á ekki við ákveðna persónu, er séð hafi um verkið eða unnið að því.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór Þórðarson jafnan skýrt á sama hátt frá verkinu um endurnýjun samkvæmissalarins. Hann hafi að beiðni meðákærða Jósafats fengið iðnaðarmenn til að vinna að verkinu og séð um greiðslur til þeirra, svo sem getið er um að framan. Meðákærði Jósafat hafi ávallt tjáð sér, að verkið væri unnið á vegum veitingastaðarins samkvæmt reikningi. Hann hafi ekkert vitað um, að tilbúið nafn væri notað í skjalagerð vegna verks þessa né annarra verka, fyrr en um það leyti sem hin bandaríska rannsókn byrjaði snemma árs 1962 og þá sérstaklega, eftir að hann sá gögn varðandi verk, er hann hafði haft umsjón með að beiðni meðákærða Jósafats.

Framburður ákærða Jósafats um verkið hefur verið mjög á reiki. Ákærði Jósafat hefur þrásinnis breytt framburðum sínum um veigamikil atriði vegna framkvæmda verksins og skjalagerðar í því sambandi eftir því sem rannsókn málsins miðaði áfram. Við upphaf rannsóknarinnar skýrði ákærði Jósafat frá því, að Björgvin Einar Guðmundsson málari, Hringbraut 64 í Keflavík, hefði staðið fyrir verkinu, en sjálfur hefði hann þar hvergi komið nærri.

Hinn 31. janúar 1964 kom nefndur Björgvin fyrir dóm og taldi sig þá hafa staðið fyrir verkinu og notað í lögskiptum vegna þess nafnið Guðmundur Jónsson. Taldi Björgvin sig þá þekkja framsöl sín á nafninu Guðmundur Jónsson á þrem af tékkum þeim, er raktir hafa verið hér að framan. Þegar næsta dag gekk nefndur Björgvin frá framburði sínum og skýrði nú frá því, að hann hefði ekki séð um verkið að nokkru leyti og ekki hafa séð skjöl um verkið, fyrr en löngu eftir að verkið var unnið, eða fyrir bandarískum rannsóknarmönnum og fyrir dómi. Tildrög að því, að hann hafi í upphafi skýrt rangt frá fyrir dómi, hafi verið þau, að ákærði Jósafat hafi beðið hann að kannast við að hafa haft verkið með höndum og unnið að því í nafninu Guðmundur Jónsson sem fyrirtækisnafni.

Nánar hafi atvik verið svo, að í febrúarmánuði 1962 hafi hann ráðizt til starfa í Kassagerð Suðurnesja. Fyrirtæki þetta var þá í eigu ákærða Jósafats að ½ hluta. Þá var í ráði, að hann tæki við verkstjórn í maímánuði 1962. Úr því varð, að hann tók við verkstjórarstarfinu á tilsettum tíma. Nokkru áður en hann hafi tekið við verkstjórarstarfinu, hafi Jósafat Arngrímsson komið

að máli við sig og skýrt sér svo frá, að svo væri málum háttað, að hann, Jósafat, hefði tekið að sér að framkvæma verk fyrir K.C.O.M. veitingastaðinn á Keflavíkurflugvelli, en undir alla pappíra í sambandi við verkið hefði hann, Jósafat, undirritað nafnið Guðmundur Jónsson. Jósafat hafi nú beint því til hans, hvort hann vildi kannast við að hafa framkvæmt verk þetta, ef hann yrði spurður af endurskoðun Bandaríkjamanna. Jósafat hafi þá sagt honum að kannast við að hafa stofnað fyrirtæki með nafninu Guðmundur Jónsson, ef hann yrði að því spurður. Jósafat hafi sagt honum, að hann, Jósafat, mundi ganga löglega frá öllum pappírnum í því sambandi. Nokkrum mánuðum síðar hafi hann verið kallaður á skrifstofu lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli og spurður þar af fulltrúa, hvort hann vildi svara nokkrum spurningum, er einhver Bandaríkjamaður vildi fyrir hann leggja. Úr því hafi orðið, að hann svaraði spurningum og kvaðst þá hafa viðurkennt að hafa framselt 2 tækka nafninu Guðmundur Jónsson. Nokkru fyrir dómsrannsókn málsins hafi hann átt tal við ákærða Jósafat, er ráðlagði honum að skýra frá á sömu lund og fyrir Bandaríkjamönnum, því að ella hlyti hann verri útkomu úr málinu. Þannig hafi skipazt, að hann skýrði rangt frá fyrir dómi í upphafi.

Framburð þann, er nú hefur verið rakinn, hefur nefndur Björgvin jafnan haldið fast við fyrir dómi, og hefur hann staðfest hann réttan sem vitni eftir útgáfu ákæru. Björgvin hefur þá skýrt frá því, að eftir viðtal þeirra ákærða Jósafats í Kassagerðinni hafi Stanley Roff framkvæmdastjóri K.C.O.M. hvatt sig til að liðsinna ákærða Jósafat í þessu efni.

Stanley Roff, framkvæmdastjóri K.C.O.M., hefur ávallt skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekki um það vitað fyrr en undir hinni bandarísku rannsókn snemma árs 1962, að allt væri ekki með felldu um nafnritanir í sambandi við verktökur við K.C.O.M. á árinu 1961. Þá hafi ákærði Jósafat skýrt sér frá því, að vegna tilrauna til skattsvika hefðu aðrir aðiljar verið skráðir fyrir verkum við K.C.O.M heldur en unnu að þeim eða sáu um þau. Í fyrsta framburði sínum fyrir dómi skýrði Roff framkvæmdastjóri frá því, að Björgvin Guðmundsson hefði séð um verkið við endurnýjun samkvæmissalarins. Hann hefði borið þannig fyrir þrábeiðni ákærða Jósafats, er sagt hafi Björgvin mundu gangast við verkinu. Í síðari framburðum kvaðst Roff hafa talið einhvern iðnaðarmannanna, er að verkinu unnu, hafa borið nafnið Guðmundur Jónsson og væri sá aðili þá skrifaður fyrir verkinu.

Ákærði Jósafat féll frá þeim framburði sínum, að margnefndur Björgvin hefði unnið að verkinu, og skýrði frá því í síðari framburðum, að verkið hefði verið unnið samkvæmt reikningi (sic) fyrir K.C.O.M., en fyrir verkinu hefði verið ritaður Guðmundur Jónsson, „pro forma“. Sá háttur hefði verið á samkvæmt beiðni Roff. Roff hefði stungið upp á hinu tilbúna nafni.

Í síðari framburðum kvaðst ákærði Jósafat hafa sjálfur stungið upp á nafninu, en í lokaframburði sínum taldi hann meðákærða Eyþór hafa átt uppástunguna að hinu tilbúna nafni. Hann hafi haft fjárreiður vegna verksins, en gert upp við Roff framkvæmdastjóra.

Samræmi hefur ekki náðst um framburði þeirra Björgvins, Roff og ákærða Jósafats.

Iðnaðarmenn og aðrir þeir, er unnu að verkinu, hafa lýst fyrir dómi ákærða Eyþór hafa haft með höndum verkumsjón, enn fremur, að ákærði Jósafat hafi virzt standa fyrir verkinu, er um getur hér að framan, og þykir ekki ástæða að rekja frekar framburði um þetta atriði.

Svo sem vikið er að hér að framan, fylgdi hinni bandarísku rannsókn rithandarathugun á nokkrum þeim gögnum, er talin hafa verið hér að framan, enn fremur á gögnum vegna verka í B, C og D hér á eftir. Rithandarathugun þessa framkvæmdi rannsóknarlögregla New York borgar. Þá hefur dómurinn skipað Pál Kr. Pálsson, Norðurbraut 29, Hafnarfirði, til að athuga um rithandir á gögnum þeim, er orðið hafa efni ákæru í máli þessu. Páll hefur ritað skýrslu um athugun sína, er lögð hefur verið fram í málinu. Hefur Páll staðfest skýrsluna fyrir dómi og jafnframt upplýst dóminn um það, að hann hafi lagt stund á rithandarathuganir (grafologie) í Svíþjóð á árinu 1946.

Nú hefur þegar verið rakið í stórum dráttum, hvað fram kom við rannsóknina um það, hver staðið hafi fyrir verkinu við endurbyggingu samkvæmissalarins. Verður nú vikið að hverju dómsskjali fyrir sig í liðum 1 til 14 hér að framan.

Stanley Roff, framkvæmdastjóri K.C.O.M., hefur jafnan fyrir dómi skýrt frá á sömu lund um dómsskjölin.

Um áætlun og tilboð í húsgögn fyrir samkvæmissal K.C.O.M., sbr. staflið 1 hér að framan, hefur Roff skýrt svo frá, að dómsskjalið sé einungis hluti tilboðs, er barst í verkið, undirritað Guðmundur Jónsson. Tilboðið hafi verið lagt fram í skrifstofu sinni. Hann hafi ekki vitað um, hver kom tilboðinu þangað. Um ljósrit samningsins, sbr. staflið 2 hér að framan, hefur Roff

skýrt svo frá, að er hann kom til Íslands frá Bandaríkjunum eftir 10 daga dvöl þar, einhvern tíma um mánaðamótin júlí—ágúst 1961, þá hafi frumrit samningsins legið á skrifborði hans. Samningurinn hafi þá þegar verið undirritaður nafninu Guðmundur Jónsson. Verkið við endurbyggingu samkvæmissalarins hafi þá verið hafið. Gjaldkeri sinn, bandarísk kona, hafi sagt sér, að verktakinn Guðmundur Jónsson hefði lagt inn samning þennan á skrifstofuna og óskað eftir undirritun hans á samninginn. Þar sem samningurinn hafi verið í samræmi við tilboð, undirritað Guðmundur Jónsson, hafi hann undirritað samninginn. Um greiðslubeiðni, sbr. staflíð 3 hér að framan, hefur Roff skýrt svo frá, að beiðnin hafi legið fyrir í skrifstofu sinni um svipað leyti og hún er dagsett. Hann hafi ekki vitað, hver lagði inn beiðnina. Hann hafi, áður en hann varð við beiðninni, athugað um, hvernig verkinu miðaði áfram, og er hann sá, að verkið gekk eftir áætlun, hafi hann ritað nafn sitt á beiðnina til staðfestingar. Beiðni þessa hafi hann síðan sent bókhaldsmiðstöðinni. Þar hafi verið skrifaður út tékki í samræmi við beiðnina, eða tékki í staflíð 4. Tékkann hafi hann síðan fengið sendan frá bókhaldsmiðstöðinni. Hann hafi undirritað tékkann og afhent gjaldkera sínum, til að gjaldkeri afhenti verktakanum greiðsluna. Um greiðslubeiðnir og tékka í staflíðum 5—14 hér að framan sé sömu sögu að segja og um staflíði 3 og 4. Greiðslubeiðnirnar hafi verið lagðar inn í skrifstofu sína. Hann hafi hverju sinni athugað um, hvernig verkinu miðaði áfram, áður en hann staðfesti beiðnirnar. Eftir staðfestingar þeirra hafi hann fengið greiðslutékka frá bókhaldsmiðstöðinni, undirritað tékkana og afhent þá síðan gjaldkera sínum eða ákærða Jósafat til framhaldsafendingar til verktaka. Hann hafi, eins og áður er fram komið, ekki vitað, hver hinn raunverulegi verktaki var. Hann hafi aldrei vitað, hver lagði fram beiðirnar í skrifstofunni, en talið eðlilegt að staðfesta þær hverju sinni.

Svo sem áður getur um, taldi Björgvin Einar Guðmundsson sig þekkja sum gögnin í staflíðum 1—14 hér að framan, bæði fyrir hinum bandarísku rannsóknarmönnum og eins fyrir dómi hinn 31. janúar 1964. Hins vegar hvarf Björgvin frá þeim framburði í síðari framburðum sínum í málinu og taldi sig ekki hafa séð nokkuð af gögnum þessum utan rannsóknarinnar. Þykir sá framburður Björgvins styðjast við framburði annarra aðilja, er borið hafa um verkið og gögnin, og verður framburður hans ekki rakinn frekar.

Ákærði Eyþór Þórðarson hefur jafnan fyrir dómi borið á sama veg um gögnin í staðliðum 1–14. Svo sem þegar hefur fram komið, hefur ákærði Eyþór skýrt frá þátttöku sinni í framkvæmd verksins við endurbyggingu samkvæmissalarins. Hann hafi á hinn bóginn engan þátt átt í skjalagerð vegna verksins og ekki vitað um þann þátt. Ekkert af gögnunum í staðliðum 1–14 hafi hann séð utan dómsins utan tékkans í staðlið 6 og tékkans í staðlið 14.

Um tékkann, staðlið 6. Þegar við fyrstu yfirheyrslu ákærða Eyþórs viðurkenndi hann að hafa framselt tékkann nafninu Guðmundur Jónsson. Ákærði Eyþór hefur síðan haldið við þá viðurkenningu sína fyrir dómi. Nánar hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að hann hafi ritað framsalið Guðmundur Jónsson á tékkann að beiðni meðákærða Jósafats. Þá hafi hann ekki sett tékkann í samband við endurnýjun samkvæmissalarins, enda hafi meðákærði Jósafat sagt honum, að hann, Jósafat, hefði í greiðaskyni við Guðmund Jónsson greitt Guðmundi andvirði tékkans nokkru áður til þess að spara Guðmundi þessum aukaferð á flugvöllinn. Guðmundur hafi átt einhver viðskipti við veitingastaðinn að sögn Jósafats. Hann hafi ekki rennt grun í það, að allt væri ekki með felldu með gögn vegna verksins við samkvæmissalinn fyrir en í febrúar eða marzmánuði 1962, sem áður greinir. Meðákærði Jósafat hafi fullvissað hann um, að ekkert ólöglegt né óvanalegt væri á ferðinni. Hér væri aðeins um hagræðingu að ræða til að einfalda bókhald, þar sem greiðslur í sumum tilvikum ættu að fara til fleiri manna. Tékkinn væri góður og fengist greiddur. Tékkinn yrði síðar fylgiskjal í bókhaldi, ef hann yrði ekki eyðilagður sem óþarfaplagg. Ákærði Eyþór kvaðst hafa treyst Jósafat og kvaðst meðal annars hafa byggt traust sitt á því, að meðákærði Jósafat hefði um mörg ár verið bókhaldari á flugvællinum við góðan orðstír. Ákærði Eyþór hefur skýrt frá tékkanum í staðlið 14 hér að framan á þá lund, að meðákærði Jósafat hafi lagt fyrir sig tékkann í skrifstofu hins síðarnefnda í K.C.O.M. veitingastaðnum. Tékkinn hafi þá verið óframseldur. Meðákærði Jósafat hafi óskað við sig, að hann framseldi tékkann nafninu Guðmundur Jónsson, þar sem ekkert væri við slíkt framsal að athuga, heldur einungis um hagræðingu að ræða. Hann hafi þá sagt við meðákærða Jósafat eitthvað í þá áttina, hvort hann, Jósafat, vildi ekki framselja tékkann sjálfur með nafinu Guðmundur Jónsson fyrst ekkert væri við slíkt framsal að athuga. Viðbrögð Jósafats hefðu orðið þau, að hann, ákærði Jósafat, framseldi tékkann í staðlið 14 nafninu

Guðmundur Jónsson og afhenti síðan tékkann til hans. Hann hafi síðan framselt tékkann eigin nafni, en lagt tékkaupphæðina inn á hlaupareikning meðákærða Jósafats við Sparisjóðinn í Keflavík að beiðni hans.

Þá verða raktir að nokkru framburðir ákærða Jósafats um gögn þau, er talin voru í stafliðum 1—14 hér að framan. Svo sem rakið hefur verið þegar hér að framan, hafa framburðir ákærða Jósafats verið mjög á reiki um verkið við endurnýjun samkvæmissalarins, og af þeim ástæðum hafa framburðir hans um framangreind gögn verið mjög ósamhljóða. Í fyrstu taldi ákærði sig ekki þekkja undirritanir á gögnunum, Guðmundur Jónsson, né framsöl tékka með því nafni. Við framvindu rannsóknarinnar breyttist framburður ákærða Jósafats. Fyrir dómi 11. marz 1964 skýrði ákærði Jósafat svo frá, að hann hefði frá 15. febrúar skýrt frá sannleika máls þessa, þó hafi ekki verið gætt nákvæmni í framburðum um undirritun skjala og framsöl tékka. Hann hafi örugglega undirritað meira af gögnum þessum en þegar er fram komið í málinu, meðal annars að hafa skrifað nafnið Guðmundur Jónsson sem framsal á tékka. Ákærði kvaðst þá hafa útbúið margar greiðslubeiðnir vegna verksins að beiðni Stanley Roff og kvaðst þekkja undirskrift sína á nafninu Guðmundur Jónsson á greiðslubeiðni í staflið 3 hér að framan. Honum finnst mjög sennilegt, að hann hafi undirritað fleiri greiðslubeiðnir, enda þótt hann gæti ekki sagt það með vissu. Ákærði kvaðst þá þekkja rithönd sína á framsalinu Guðmundur Jónsson á tékkum samkvæmt stafliðum 4, 8, 10 og 12 hér að framan. Enn fremur taldi ákærði mjög sennilegt, að hann mundi hafa ritað framsalið Guðmundur Jónsson á tékka í staflið 14. Hann hafi síðan framselt tékkana, þá er nú hafa verið taldir, eigin nafni og fengið tékkana innleysta í Sparisjóðnum í Keflavík og ýmist lagt andvirði þeirra inn á einkareikning sinn, vegna þess að hann hafi greitt úr reikningi sínum kostnað vegna verksins, eða breytt tékkunum í reiðufé til að afhenda Roff mismun tékkafjárhæðanna og útlagðs kostnaðar vegna verksins. Framburð meðákærða Eypórs um tékka, sbr. staflið 14, kvað ákærði mjög sennilegan og vildi ekki vefengja hann. Varðandi tékkann samkvæmt staflið 6 greindi ákærði Jósafat svo frá fyrir dómi 17. febrúar 1964, að Eypór hefði ritað þar framsalið Guðmundur Jónsson að beiðni hans, Fyrir dómi 15. maí 1964 skýrði ákærði Jósafat svo frá um gögnin í stafliðum 1—14 hér að framan. Um stafliði 1 og 2 skýrði hann svo frá, að hann myndi ekki til þess að hafa ritað undir þau

gögn og taldi, að svo hefði ekki verið. Um greiðslubeiðirnar í staflíðum 3, 5, 7, 9, 11 og 13 skýrði ákærði Jósafat svo frá, að hann teldi mjög sennilegt, að hann hefði undirritað skjölin. Ákærði taldi sig þá hafa framselt tékkana í staflíðum 4, 8, 10, 12 og 14 nafninu Guðmundur Jónsson. Hins vegar hafi Eypór Þórðarson framselt tékkann nafninu Guðmundur Jónsson, tékkann í staflíð 6.

Að beiðni verjanda ákærða Jósafats voru gögnin í liðum 1—14 hér að framan borin undir ákærða Jósafat í október s.l. Þá gekk ákærði Jósafat frá fyrri játningum sínum um undirritanir varðandi gögnin. Ákærði Jósafat kvaðst þannig ekki hafa framselt tékkana í staflíðum 4, 8, 12 og 14 nafninu Guðmundur Jónsson né að hafa beið meðákærða Eypór að framselja tékkann í staflíð 6 því nafni. Þá hafi hann ekki undirritað áætlunina né samninginn í staflíðum 1 og 2 hér að framan nafninu Guðmundur Jónsson né hafa undirritað greiðslubeiðirnar í staflíðum 3, 5, 7, 9, 11 og 13 því nafni.

Í hinni bandarísku rithandarkönnun segir um nafnritanirnar Guðmundur Jónsson í gögnunum í 1—13 hér að framan (14. liður ekki kannaður), að talið sé, að ákærði Eypór hafi ritað framsalið á tékka í staflíð 6. Þá er óskað viðbótarsýnishorna af skrift ákærða Jósafats varðandi gögnin í staflíðum 1—3, 5, 7 og 8 ásamt rithandarsýnishorni ákærða Eypórs, 9, 11 og 12 ásamt sýnishorni ákærða Eypórs og 13. Viðbótarsýnishorns ákærða Eypórs er óskað varðandi staflíð 4.

Í skýrslu Páls Kr. Pálssonar segir svo um gögnin í staflíðum 1—14:

„1. Ég tel Jósafat hafa undirritað skjalið nafninu Guðmundur Jónsson. Við athugun á stafagerð undirskriftarinnar kemur í ljós:

G: Stefna breytingar í upphafi stafs og lykkjan mjög áþekk rithendi Jósafats. Stafurinn nær rétt aðeins niður fyrir línu svo sem í rithandarsýnishornum Jósafats. Upphaf stafsins er hreyfing til vinstri, sem er mjög ráðandi ein-kenni hjá Jósafat.

u: Er svipað og u í Guðmundur í sýnishorni rithandar Jósafats, dskj. XXXVII, fyrri leggur þó þyngri og stafurinn þyngri að neðan. U-ið er eins og u í (Ragnar) Guðmundsson í sýnishorni, dskj. XXXVII, að frádregnum halla, sem er allur annar, en hallinn skiptir ekki máli.

ð: Skrifað eins og á rithandarsýnishorni Jósafats, dskj. 50, (Jóhann) Guðmundsson, aðeins svolítið lengra dreginn.

- m, n: Svipuð hans eigin, aðeins annar halli og hægar skrifað.  
 d: Er sama og í sýnishornum, aðeins mismunandi gleitt.  
 r: Greinilega teiknað, enda óeiginlegt Jósafat.  
 J: Typískt fyrir Jósafat. Við lykkja að ofan og ýkt vinstri hreyfing að neðan.  
 o: Hans eigið, sbr. sýnishorn, sama form, alltaf lokað með legg úr miðju eða að neðan.  
 s: Opin, hin sömu og í Önundsson, sýnishorn, dskj. XXXVII.  
 Loka-n: Sama og sýnishorn, dskj. 50, Örn Ólafsson.“

Rithandarathugandinn telur, að ákærði Jósafat hafi ritað nafnið Guðmundur Jónsson undir samninginn í staflið 2 og undir allar greiðslubeiðnirnar og framsöl sérhvers tékka utan tékkans í staflið 6, er hann telur ákærða Eyþór hafa ritað óbreyttri hendi. Um röksemdir sínar fyrir ritun ákærða Jósafats á nafninu Guðmundur Jónsson hefur athugandinn vísað í umsögn sína um skjalið í staflið 1 og um ritun ákærða Eyþórs á framsalinu Guðmundur Jónsson á tékka í staflið 6 á rithandarsýnishornum ákærða Eyþórs, er gefin voru fyrir dómi, er athugandinn telur rituð með sömu hendi.

Þegar litið er til þess, á hvern hátt greiðslum vegna verks þessa var háttað og greint hefur verið frá hér að framan, með vísan í framburði ákærða Jósafats um gögnin í stafliðum 1—14 fyrir dómi á árinu 1964, er raktir hafa verið samkvæmt framburðum meðákærða Eyþórs og annarra, er um gögnin og verkið á bak við það hafa borið, og samkvæmt niðurstöðu rithandarannsóknna, þykir vera fram komin sönnun þess, enda þótt viðurkenningar ákærða Jósafats liggja ekki fyrir um undirritun gagna samkv. stafliðum 1 og 2 hér að framan, að ákærði Jósafat hafi undirritað síðarnefnd gögn nafninu Guðmundur Jónsson. Enn fremur að hafa undirritað sama nafni greiðslubeiðnir í stafliðum 3, 5, 7, 9, 11 og 13 hér að framan og framselt tékkana í stafliðum 4, 8, 10, 12 og 14 hér að framan nafninu Guðmundur Jónsson. Með vísan til sömu röksemda og með sérstakri hliðsjón af framburði meðákærða Eyþórs þykir ákærði Jósafat sannur að því að hafa talið meðákærða Eyþór á að framselja tékkann í staflið 6 hér að framan nafninu Guðmundur Jónsson. Þykir afturhvarf ákærða frá fyrri viðurkenningu um gögnin ekki geta breytt sönnunarmati dómsins. Ósannað er gegn andmælum Stanley Roff framkvæmdastjóra, að hann hafi verið í vitorði með ákærða Jósafat um fölsun gagnanna eða stuðlað að fölsun þeirra. Á hinn bóginn telst sannað, að ákærði Jósafat hafi notað öll

gögnin í staflidum 1—14 í lögskiptum með hinu falsaða nafni, Guðmundur Jónsson. Tilboðinu, samningnum og greiðslubeiðnunum hefur öllum verið komið á framfæri við bandaríska aðilja, er vegna þeirra gagna gáfu út tékkana, sem innleystir voru síðan í Sparisjóðnum í Keflavík. Með háttsemi þeirri, sem nú hefur verið rakin, þykir ákærði Jósafat hafa gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Með játningu ákærða Eypórs, sem studd þykir framburðum meðákærða Jósafats og niðurstöðu rithandarathugana, telst ákærði Eypór hafa framselt tékkann í staflid 6 hér að framan nafninu Guðmundur Jónsson fyrir hvatningar meðákærða Jósafats. Þykir ákærði Eypór með þeirri háttsemi hafa gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlag, sbr. 22. gr. sömu laga.

Kröfur ákæruvaldsins vegna gagnanna í 1—14 varðandi ákærða verða því að öllu leyti teknar til greina.

#### B. Verktakastarfsemi í nafni Ólafs Önundssonar.

Stanley Roff, framkvæmdastjóri K.C.O.M., hefur lýst atvikum að því, að nýtt dansgólf var lagt í K.C.O.M. veitingastaðinn, á eftirfarandi hátt. Einhvern tíma sumars 1961 hafi stjórn veitingastaðarins óskað þess við sig, að hann leitaði tilboða í að endurnýja dansgólf í veitingasalnum. Hann, Roff, hafi fengið upplýsingar um það, að Ólafur Önundsson, Kársnesbraut 75 í Kópavogi, væri eini aðilinn hér á landi, sem fengist til að leggja parket, en ætlunin var að parketleggja dansgólfið. Hann hafi síðan farið þess á leit við ákærða Eypór eða ákærða Jósafat að hafa samband við Ólaf og leita eftir tilboði hans í verkið. Ólafur Önundsson hafi komið nokkru síðar í veitingastaðinn til að kanna aðstæður þar. Nokkru síðar hafi hann fengið í hendur tilboð, undirritað af Ólafi Önundssyni. Tilboðið hafi legið einn morguninn á skrifborði sínu. Tilboðinu hafi fylgt efnisprufa. Tilboðið hafi síðan verið sent til stjórnar veitingastaðarins og fengið þar samþykki.

Samkvæmt fundargerð stjórnar K.C.O.M. frá 13. júlí 1961 hefur Roff lagt fram áætlun og sundurliðun um væntanlega lagningu nýs dansgólfs. Áætlunin hlaut samþykki allra fundarmanna, og var samþykkt, að dansgólfið yrði lagt samkvæmt henni fyrir samtals \$ 1.580.00.

Roff kveður nú, að nokkrar vikur hafi liðið, áður en verkið var hafið.

Vegna verksins hafa 6 gögn orðið liðir í ákæru máls þessa. Verður nú gögnum þessum lýst að nokkru.

1. Samningur milli Stanley Roff, ritara og gjaldkera K.C.O.M., og Ólafs Ölundssonar í 6 liðum, þar sem Ólafur Ölundsson tekur að sér að leggja parket á dansgólf, eins og lýst er í verktilboði, dagsettu 28. júní 1961. Fram er tekið, að Ólafur leggi til efni, tæki, vinnu, tryggingu, máltíðir, flutning og allt annað, er vera kynni í sambandi við verkið. Ólafur ábyrgist vinnugæði á gólfinu um eins árs skeið. Ákvæði eru um greiðslur til handa Ólafi fyrir verkið að upphæð \$ 1.580.00. Þá eru ákvæði í samningnum um vinnudaga, hvenær verkið yrði unnið og loks ákvæði um það, að verktaki eigi rétt á 30% samningsupphæðarinnar vegna efnis, sem þegar hefur verið keypt, þ. e. a. s. við undirritun samningsins. Samningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 4. ágúst 1961, undirritaður Stanley Roff, ritari og gjaldkeri, og undirritaður Ólafur Ölundsson, verktaki. Áritun er á samningnum neðst, greitt 4. ágúst 1961, tékki nr. 613, sbr. 3. tl. I. kafla I. þáttar ákæru.

2. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 613, dagsettur 4. ágúst 1961, til handa Ólafi Ölundssyni, að upphæð kr. 20.287.20, undirritaður Stanley Roff, framseldur Ólafur Ölundsson, framseldur að nýju pr. pr. Kyndill, Jósafat Arngrímsson, sbr. 6. tl. II. kafla A I. þáttar ákæru.

3. Reikningur til K.C.O.M. frá Ólafi Ölundssyni fyrir lagningu parketsgólfs í K.C.O.M. Endanleg greiðsla kr. 23.685.52, \$ 553.40. Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 13. september 1961, undirritaður Ólafur Ölundsson, áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 12. september 1961, tékki nr. 647, sbr. 6. tl. I. kafla I. þáttar ákæru.

4. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 647, dagsettur 12. september 1961, til handa Ólafi Ölundssyni, að upphæð kr. 23.685.52, undirritaður Stanley Roff, framseldur Ólafur Ölundsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 7. tl. II. kafla A I. þáttar ákæru.

5. Reikningur til K.C.O.M. frá Ólafi Ölundssyni fyrir slípun og viðgerð á sviði K.C.O.M., \$ 172.00, ísl. kr. 7.361.60, dagsettur 15. september 1961 á Keflavíkurflugvelli, undirritaður Ólafur Ölundsson, áritaður S. Roff, áritaður greiddur 14. september 1961, tékki nr. 653, sbr. 7. tl. I. kafla I. þáttar ákæru.

6. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 653, dagsettur 14. september 1961, til

handa Ólafi Önundssyni, að upphæð kr. 7.361.60, undirritaður Stanley Roff, framseldur Ólafur Önundsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 8. tl. II. kafla A I. þáttar ákæru.

Stanley Roff hefur skýrt frá því fyrir dómi, að samningurinn í staflið 1 hér að framan hafi borizt til hans í pósti, litlu áður en Ólafur hóf verk sitt. Samningurinn hafi þá þegar verið undirritaður Ólafur Önundsson. Þar eð samningurinn hafi verið í samræmi við fyrri áætlun Ólafs, hafi hann undirritað samninginn. Tékkann undir staflið 2 hér að framan kvaðst Roff hafa áritað og afhent gjaldkera sínum eða ákærða Jósafat. Reikning undir staflið 3 kvað Roff hafa legið fyrir í skrifstofu sinni, daginn eftir að Ólafur lauk verkinu. Hann hafi áritað reikninginn til greiðslu. Tékkann undir staflið 4 kvaðst Roff hafa áritað og afhent gjaldkera sínum eða ákærða Jósafat. Reikning undir staflið 5 kvaðst Roff hafa áritað til staðfestingar. Reikningurinn hafi verið fyrir verk, er Ólafur framkvæmdi utan samningsins að beiðni hans. Tékkann undir staflið 6 hafi hann undirritað í samræmi við reikninginn í staflið 5 og afhent tékkann gjaldkera sínum eða ákærða Jósafat.

Fyrir dómi hefur ákærði Eypór skýrt frá verkinu við lagningu dansgólfsins á þá lund, að meðákærði Jósafat hafi beið hann fyrir hönd veitingastaðarins um kostnaðaráætlun á verki þessu. Hann hafi sett sig í samband við Ólaf Önundsson parketlagningarmann, er féllst á að leggja parketið. Ólafur hafi gefið honum upp kostnað sinn við vinnuna. Þá hafi hann og athugað um efniskostnað, en efníð var keypt í heildverzlun Egils Árnasonar, Reykjavík. Upplýsingar þessar hafi hann síðan látið meðákærða Jósafat í té. Nokkru síðar hafi meðákærði Jósafat komið að máli við hann og beið hann að tala að nýju við Ólaf Önundsson, því að ákveðið væri nú, að hann framkvæmdi parketlagninguna. Áður hafi hann annazt um beiðni meðákærða Jósafats að láta undirbúa gólfið undir parketlagninguna. Hann hafi ráðið til þess verkamenn fyrir milligöngu Guðna Bjarnasonar, fyrrverandi verkstjóra Keflavíkurbæjar. Ólafur hafi síðan komið og lagt parketið á dansgólfið. Hann hafi lokið verki sínu að kvöldlagi. Þá hafi Roff óskað eftir því við hann, að hann, Eypór, fengi Ólaf til að slípa senu dansgólfsins. Úr varð, að Ólafur vann þetta verk. Ákærði Eypór kveðst hafa greitt Ólafi í reiðufé vegna slípunar senunnar.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Ólafur Önundsson parketlagningarmaður, til heimilis að Kársnesbraut 75 í Kópavogi. Vitnið

hefur greint frá því, að fyrir milligöngu ákærða Eypórs Þórðarsonar hafi það lagt parketgólf í danssal K.C.O.M. veitingastaðarins í septembermánuði 1961. Gólflið hafi verið 60 m<sup>2</sup>, en þóknun til þess vegna verksins hafi verið um kr. 100.00 á m<sup>2</sup>. Auk þess hafi það gert sér reikning fyrir lími. Sá reikningur hefur verið lagður fram í málinu, og hefur vitnið þekkt reikninginn. Enn fremur hefur verið lagður fram í málinu bandarískur greiðslutékki vegna límreikningsins, og hefur vitnið þekkt þann tékka og framsal sitt á honum. Tékkinn og reikningurinn eru að sömu upphæð, kr. 4.966.00. Þá hefur vitnið greint frá því, að vegna beiðni hafi það til viðbótar við lagningu dansgólfsins slípað senu í sama sal. Fyrir það verk hafi það fengið greiddar tæpar kr. 1.000.00. Eypór hafi greitt því vegna þess verks þegar að verkinu loknu. Ákærði Eypór hefur staðfest þann framburð vitnisins. Vitnið hefur séð í dóminum gögn þau, er greind eru í 1—6 hér að framan. Vitnið kannast ekki við gögnin né nafnritunina Ólafur Önundsson á þeim. Vitnið tók fram, að enginn skriflegur samningur hefði verið gerður vegna verks þessa við það.

Ákærði Jósafat hefur skýrt svo frá verki þessu fyrir dómi, að meðákærði Eypór hafi fyrir hönd Stanley Roff framkvæmdastjóra leitað tilboðs Ólafs Önundssonar parketlagningarmanns í verkið um dansgólfið. Hann hafi vitað til þess, að meðákærði náði til Ólafs. Nokkru eftir það hafi Stanley Roff framkvæmdastjóri og Josef Miolla, stjórnarformaður K.C.O.M. veitingastaðarins, komið á sinn fund með samninginn í staflið 1 hér að framan. Þeir höfðu skýrt sér frá því, að nauðsynlegt væri að bera samninginn fyrir stjórnarfund til samþykkis eða synjunar. Stanley Roff hafi undirritað samninginn nafni sínu, en hann sjálfur hafi fyrir tilmæli þeirra Roff og Miolla undirritað samninginn nafninu Ólafur Önundsson. Fyrir dómi sama dag, eða 31. janúar 1964, taldi ákærði Jósafat ekki ósennilegt, að hann hefði ritað framsalið Ólafur Önundsson á tékka í staflið 2 hér að framan. Andvirði tékkans hefði hann þó afhent Ólafi Önundssyni. Síðar fyrir dómi, eða 11. marz 1964 og 15. maí 1964, viðurkenndi ákærði Jósafat tvímælalaust að hafa ritað framsalið Ólafur Önundsson á tékkann. Um reikninginn í staflið 3 bar ákærði Jósafat fyrir dómi 31. janúar 1964, að vera kynni, að hann hefði undir reikninginn ritað nafn Ólafs Önundssonar. Fyrir dómi hinn 11. marz 1964 viðurkenndi ákærði bæði að hafa útbúið reikninginn í staflið 3 og undirritað hann nafninu Ólafur Önundsson. Hinn 15. maí 1964 bar ákærði Jósafat enn um reikning þennan og

viðurkenndi þá að hafa undirritað hann nafninu Ólafur Önundsson.

Um tékkann í staflið 4 hér að framan bar ákærði Eypór þegar í upphafi rannsóknar það, að hann hefði ritað nafnið Ólafur Önundsson aftan á tékka þennan. Tildrög til þess hafi verið þau, að meðákærði Jósafat kom til fundar við hann, einhvern tíma eftir að Ólafur parketlagningarmaður hafði lokið verki sínu og var farinn af flugvellingum. Meðákærði Jósafat hafi sagt sér, að hann hefði greitt Ólafi í reiðufé strax að verki loknu, en greiðslan til Ólafs samkvæmt tékka þessum væri fyrir allt verkið auk efnis og hefði Ólafi því ekki borið að fá allan tékkann, þar eð hann lagði ekki til efnis né undirbúningsvinnu. Meðákærði Jósafat hafi nú beðið sig að framselja tékkann með nafni Ólafs Önundssonar til að spara Ólafi ferð á flugvöllinn. Hann hafi látið tilleiðast að rita framsalið Ólafur Önundsson, enda hafi hann treyst Jósafat til að láta sig ekki skapa sér ábyrgð með framsalinu. Framburð þennan hefur ákærði Eypór jafnan haldið fast við. Fyrir dómi hinn 18. febrúar var framangreindur framburður ákærða Eypórs borinn undir ákærða Jósafat, og vildi ákærði Jósafat ekki mótmæla því, að orð hefðu fallið á þann veg, sem í umræddum framburði greinir, við framsal á tékkann í lið 4. Síðar, er ákærði Jósafat var inntur eftir tékka þessum fyrir dómi, eða 11. marz 1964 og 15. maí sama ár, breytti hann ekki fyrri framburði sínum um tékkann.

Um reikning í staflið 5 bar ákærði Jósafat svo fyrir dómi 31. janúar 1964, að hann myndi ekki til að hafa ritað nafn Ólafs Önundssonar á reikninginn, en ef til vill hefði hann þó gert það. Fyrir dómi 11. marz 1964 viðurkenndi ákærði Jósafat bæði að hafa útbúið reikninginn í staflið 5 og undirritað hann nafninu Ólafur Önundsson. Þann framburð staðfesti ákærði aftur 15. maí 1964. Um tékkan í staflið 6 skýrði ákærði Jósafat svo frá hinn 31. janúar 1964, að hann myndi ekki, hvort hann hefði ritað framsalið á tékkann. Síðar fyrir dómi, bæði 11. marz 1964 og 15. maí 1964, viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa ritað nafnið Ólafur Önundsson sem framsal á tékka þennan.

Ákærði Jósafat hefur greint frá því, svo sem áður hefur komið fram, að fyrir beiðni Roff framkvæmdastjóra og Miolla stjórnarformanns hafi hann látið tilleiðast að undirrita samninginn í lið 1 og reikningana, er nefndir hafa verið hér að framan að beiðni þeirra. Greiðslutékkana vegna verksins hafi hann tekið við úr hendi Roff. Andvirði tékkanna hafi hann notað til þess

í fyrsta lagi að greiða laun verkamanna, er undirbjuggu parketlagninguna, í öðru lagi greiðslur til Ólafs Önundssonar og í þriðja lagi efni vegna verksins, þar á meðal lakk, sement og fleira. Hann hafi síðan afhent Roff mismun greiðslutékkanna vegna verksins og reikninga þá, er hann galt vegna þess. Framkvæmdastjórinn Stanley Roff hefur mótmælt framburði ákærða Jósafats í þessu efni og hefur haldið fast við það, að hann hafi talið verkið vera framkvæmt samkvæmt tilboði frá Ólafi og því hafi hann í góðri trú samþykkt reikninga og gefið út tékka vegna verksins. Samræmi náðist ekki í þessa framburði.

Auk reikningsins fyrir límið, er Ólafur Önundsson lagði fram vegna verksins og getið er um hér að framan og greiðslutékkans í því sambandi stílaðan á Ólaf, er Ólafur hefur þekkt, hefur verið lagður fram í málinu reikningur frá heildverzlun Egils Árnasonar í Reykjavík, dagsettur 4/9 1961, um 2.275.5 fet af beykigólfborðum, samtals að upphæð kr. 18.683.70. Reikningur þessi er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu með stimpli fyrirtækisins. Þá hefur og verið lagður fram í málinu tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., til handa fyrirtækinu Egill Árnason & Co., dagsettur 31. ágúst 1961, að upphæð kr. 18.683.70 í samræmi við nefndan reikning. Dómurinn hefur þá aflað úr hlaupareikningi ákærða Jósafats nr. 520 við Sparisjóðinn í Keflavík ljósrit tékka, dagsetts 1. ágúst 1961, að upphæð kr. 3.150.00 til Eypórs Þórðarsonar. Tékkinn er útgefinn af ákærða Jósafat. Tékkinn er framseldur af Eypóri Þórðarsyni og framseldur að nýju af Guðna Bjarnasyni verkstjóra, til heimilis að Tjarnarstíg 4, Seltjarnarnesi. Guðni hefur komið fyrir dóm sem vitni og greint frá því að hafa séð um að rífa upp plastgólfplötur í K.C.O.M. veitingastaðnum haustið 1961. Verk þetta hafi hann unnið að beiðni ákærða Eypórs. Vitnið hefur þekkt ljósrit tékkans, er lýst var sem greiðsla til þess vegna verksins fyrir það sjálft og menn þess. Frekari greiðslur hafi það ekki fengið fyrir verkið og önnur verk hafi það ekki unnið fyrir ákærða um svipað leyti.

Þá hefur verið rakið það helzta, er fram kom við rannsókn á umræddu verki.

Í októbermánuði s.l. voru gögnin í staflidum 1—6 hér að framan enn borin undir ákærða Jósafat að beiðni verjanda hans. Ákærði Jósafat breytti þá fyrri framburðum sínum vegna gagnanna. Ákærði Jósafat skýrði þá svo frá, að hann hefði ekki undirritað samninginn í staflid 1 nafninu Ólafur Önundsson og

ekki framselt tékkann í staflið 2 því nafni. Mjög ósennilegt væri, að hann hefði undirritað reikninginn í staflið 3. Ekki hefði hann beðið meðákærða Eypór að rita framsalið Ólafur Önundsson á tékkann í staflið 4. Nær útilokað væri, að hann hefði undirritað reikninginn í staflið 5. Hins vegar kvaðst ákærði Jósafat ekki vilja útiloka þann möguleika að hafa framselt tékkann í staflið 6 nafninu Ólafur Önundsson.

Í hinni bandarísku skýrslu um rithandarathuganir segir svo um nafnritunina Ólafur Önundsson á gögnunum í stafliðum 1—6 hér að framan, að Ólafur Önundsson, er lét Bandaríkjamönnum sýnishorn af rithönd sinni í té, hafi ekki ritað nafn sitt á nokkurt gagnanna. Ákærði Eypór hafi ritað fyrra framsalið, eða framsalið Ólafur Önundsson, á tékka í staflið 4. Síðan er óskað viðbótarsýnishorna af rithönd ákærða Jósafats varðandi stafliði 1, 2 ásamt sýnishorni meðákærða Eypórs, 3, 5 og 6 ásamt sýnishorni meðákærða Eypórs.

Í skýrslu Páls Kr. Pálssonar segir svo um gögnin:

„Stafliður 1.

Tel Jósafat hafa undirritað skjalið nafninu Ólafur Önundsson.

O: Eins dregið og O í Ólafur Önundsson, dskj. XXXVII (efri lína).

l: Typískt fyrir Jósafat. Við lykkja, sama stefna í upphafi og endi stafsins.

a, f: Hin sömu og í sýnishorni, dskj. XXXVII, aðeins annar halli.

u: Sama og í Guðmundar, sbr. dskj. 40, sbr. 7.

r: Stafurinn teiknaður, fyrri hluti sami og í Guðmundur, dskj. 40, en þar er hægar skrifað.

n, u: Eins og sýnishorn, aðeins annar halli.

d: Þekkt af sýnishornum.

s: Sama og um dskj. 40, sbr. 7.

o: Sama og um dskj. 40, sbr. 7.

n: Sama og um dskj. 40, sbr. 7.

Nafnritun Stanley Roff þekkt sem hans eigin, sbr. sýnishorn.“

Stafliður 2.

Athugandinn telur ákærða Jósafat hafa ritað fyrra framsal tékkans og vísar í umsögn stafliðs 1. Síðara framsal eigið framsal Jósafats.

Stafliður 3.

Athugandinn telur ákærða Jósafat hafa undirritað skjalið og vísar í umsögn um staflið 1.

*Stafliður 4.*

Athugandinn telur ákærða Eypór hafa ritað fyrra framsal, sbr. rithandarsýnishorn hans. Síðara framsal eigið framsal Jósafats. *Stafliður 5.*

Athugandinn telur ákærða Jósafat hafa undirritað skjalið og vísar í umsögn um staflið 1.

*Stafliður 6.*

Athugandinn telur ákærða Jósafat hafa ritað bæði framsöl tékkans og vísar í umsögn um tékka í staflið 2.

Með viðurkenningu ákærða Jósafats fyrir dómi, framburði meðákærða Eypórs, að öðru leyti með vísan í framkvæmd umgetins verks í heild og með stuðningi í rithandarathugunum þykir sannað, að ákærði Jósafat hafi undirritað samning í staflið 1 og reikninga í stafliðum 3 og 5 til nota í blekkingarskyni, en vegna gagnanna voru gefnir út greiðslutékkar, og jafnframt að hafa framselt tékkana í stafliðum 2 og 6 nafni Ólafs Önundssonar og talið meðákærða Eypór á að rita það framsal á tékkann í staflið 4 í sama skyni undan eigin framsali, áður en ákærði síðar innleysti tékkana alla í Sparisjóðnum í Keflavík. Afturhvarf ákærða Jósafats frá fyrri framburðum í októbermánuði s.l. þykir ekki í þessu efni geta breytt mati dómsins. Verður fallizt á kröfur ákæruvaldsins um framangreinda liði og ákærði Jósafat talinn hafa með framanlýstu atferli gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en ósannað er talið gegn andmælum Roff framkvæmdastjóra, að hann hafi vitað um falsanir á gögnunum, er þau voru notuð.

Með játningu ákærða Eypórs, framburði meðákærða Jósafats, niðurstöðu rithandarathugana og samkvæmt öðru því, sem rakið hefur verið, telst sannað, að ákærði Eypór hafi ritað nafnið Ólafur Önundsson sem framsal á tékka í staflið 4 fyrir áeggjan meðákærða Jósafats og með því gerzt sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga, samanber 22. gr. sömu laga, og verður því fallizt á kröfur ákæruvaldsins um tékka þennan, er lýtur að ákærða Eypóri.

*C. Verktakastarfsemi í nafninu Ragnar Svavarsson.*

Samkvæmt fundargerðum stjórnar K.C.O.M. veitingastaðarins á Keflavíkurflugvelli heimilaði stjórn veitingastaðarins Stanley Roff framkvæmdastjóra að kaupa fyrir veitingastaðinn gluggatjöld, enda færi kostnaður ekki fram úr \$ 2.500.00.

Við rannsókn málsins hefur komið í ljós, að gluggatjöld voru keypt fyrir veitingastaðinn í Gardínubúðinni í Reykjavík, og annaðist eigandi Gardínubúðarinnar, Karólína Karlsdóttir kaupkona, uppsetningu gluggatjaldanna, en uppsetning þeirra fór fram síðast í september 1961.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Karólína Sigríður Karlsdóttir kaupkona og hefur skýrt frá kaupum og uppsetningu gluggatjaldanna á eftirfarandi hátt: Einhvern tíma um vorið 1961 hafi ákærði Jósafat og einhver óþekktur Bandaríkjamaður komið í verzlun vitnisins í Reykjavík. Erindi mannanna var að sjá prufur af gardínefnum, en ákærði Jósafat tjáði vitninu, að í ráði væri að setja upp ný gluggatjöld í K.C.O.M. veitingastaðnum. Vitnið lét ákærða og Bandaríkjamanninum í té efnisprufur, er þeir höfðu með sér úr verzluninni. Einhvern tíma um sumarið 1961 hafi ákærði Jósafat síðan hringt í vitnið og skýrt því frá, að gardínuprufurnar hefðu hlotið samþykki og óskaði eftir því, að vitnið seldi veitingastaðnum efni í gluggatjöld, saumaði þau og setti upp. Vitnið ákvað að taka verk þetta. Vitnið athugaði um staðhætti í K.C.O.M. veitingastaðnum eftir það. Vitnið greindi frá því, að að minnsta kosti tvisvar sinnum hefði því borizt skilaboð um að hraða verkinu og hafi það talað í síma bæði við ákærða Jósafat og meðákærða Eypór, en hinn síðarnefndi hafði aðstoðað vitnið, er það leit á veitingastaðinn. Vitnið kveður gardínuuppsetninguna hafa farið fram um haustið 1961, aðeins örfáum dögum áður en bandaríski flotinn tók við störfum bandaríska flughersins á flugvellinum. Strax að uppsetningu lokinni hafi ákærði Jósafat mótttekið sundurliðaðan reikning frá vitninu fyrir verkið. Þar var tilgreint efni auk vinnu. Vitnið kveður ákærða Jósafat hafa afhent því litlu síðar tékka sömu upphæðar og reikningurinn var. Vitnið kvað ákærða Jósafat hafa gersamlega séð um verkið fyrir hönd verksalans.

Úr hlaupareikningi ákærða Jósafats nr. 520 við Sparisjóðinn í Keflavík hefur dómurinn aflað ljósrits tékka til Gardínubúðarinnar, dags. 23. september 1961, að upphæð kr. 55.487.05, útgefins af ákærða Jósafats, framselds f. h. Gardínubúðarinnar, Karólína Karlsdóttir. Vitnið hefur fyrir dómi þekkt ljósrit tékkans sem ljósrit greiðslutékkans, er það fékk frá ákærða Jósafat fyrir umrætt verk í heild.

Vegna verks þessa hafa verið lögð fram í málinu 4 gögn, er orðið hafa liðir ákærunnar. Gögnin eru þessi:

1. Tilboð K.C.O.M. veitingastaðarins um útvegum eldtraustra

gluggatjalda í danssal, forstofu, vinstúku og á senu veitingastaðarins. Sýnishorn eru sögð fylgja tilboðinu. Þess er getið í tilboðinu, að efnið sé framleitt í Bandaríkjunum. Heildarupphæð tilboðsins er kr. 90.202.00, eða \$ 2.380.00. Loks stendur, að óskað sé eftir kr. 30.000.00 fyrirframgreiðslu til staðfestingar á tilboðinu, þegar samþykkt verður. Undirskrift Gardínubúðin, Ragnar Svavarsson. Tilboðið er dagsett 17. júlí 1961. Áritun á tilboðið er S. Roff, greitt með tékka nr. 591 19. júlí 1961, sbr 4. tl. I. kafla I. þáttar ákæru.

2. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 591, dagsettur 19. júlí 1961, stílaður á Ragnar Svavarsson, að upphæð kr. 30.000.00, framseldur Ragnar Svavarsson, aftur framseldur Jósafat Arngrímsson, sbr. 14. tl. II. kafla A I. þáttar ákæru.

3. Greiðslubeiðni til K.C.O.M. frá Ragnari Svavarssyni vegna uppsetningar og útvegunar gluggatjalda. Fyrirframgreiðsla \$ 791.56, eftirstöðvar \$ 1.588.44, ísl. kr. 67.985.23. Beiðnin er dagsett á Keflavíkurflugvelli 24. september 1961, undirrituð Ragnar Svavarsson. Beiðnin er árituð S. Roff, enn fremur árituð um greiðslu 22. september 1961 með tékka nr. 666, sbr. 5. tl. I. kafla I. þáttar ákæru.

4. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 666, dagsettur 24. september 1961, ritaður til handa Ragnari Svavarssyni, að upphæð kr. 67.985.23, undirritaður af Stanley Roff, framseldur nafninu Ragnar Svavarsson, aftur framseldur Jósafat Arngrímsson, sbr. 11. tl. II. kafla A I. þáttar ákæru.

Hinn 30. janúar 1964 skýrði Stanley Roff, framkvæmdastjóri K.C.O.M. veitingastaðarins, frá gardínuuppsetningunni á þennan veg, að eftir að stjórn veitingastaðarins hafði ákveðið að endurnýja gluggatjöldin, þá hafi borizt 3 tilboð í verkið. Ákveðið hafi verið af stjórninni að taka tilboði Gardínubúðarinnar. Í lið 1 hér að framan, tilboði, þekkti Roff framkvæmdastjóri tilboð Gardínubúðarinnar. Tilboðið hafi verið sent til stjórnar K.C.O.M. veitingastaðarins, er hafi tilkynnt honum að taka tilboðinu. Staðfestingu sína þekkti framkvæmdastjórinn á tilboðinu undir lið 1. Varðandi lið 2, tékkann, hefur framkvæmdastjórinn Roff þekkt undirskrift sína í samræmi við tilboðið. Varðandi lið 3 hefur framkvæmdastjórinn þekkt áritun sína á greiðslubeiðnina. Greiðslubeiðnin hafi verið lögð inn á skrifborð hans. Varðandi lið 4, tékka, hefur framkvæmdastjórinn þekkt undirskrift sína

undir tékkann, sem ritaður hafði verið í bókhaldsmiðstöðinni að öðru leyti vegna staðfestingar greiðslubeiðni, sbr. lið 3.

Ákærði Jósafat hefur borið um gögn þessi fyrir dómi. Í fyrstu, hinn 14. febrúar 1964, skýrði ákærði svo frá, að hann hefði ekkert séð um að afla tilboða í verkið. Við Karólínu í Gardínu-búðinni hafi hann ekki talað öðruvísi en sem túlkur fyrir Stanley Roff. Ekki kannaðist ákærði þá við að hafa undirritað tilboðið samkvæmt staflíð 1 né greiðslubeiðni, staflíð 3, eða að hafa framselt tékkann, staflíð 4, nafninu Ragnar Svavarsson. Hinn 24. febrúar 1964 var ákærði Jósafat að nýju inntur eftir verkinu við gluggatjöldin. Ákærði viðurkenndi þá án tvímæla, að undirskrift hans væri undir tilboðinu samkvæmt staflíð 1. Ekki gæti hann svarað því til, hver samið hefði tilboðið, en taldi þó líklegt, að hann hefði gert það sjálfur eða fjórir tilgreindir bandarískir aðiljar, þar á meðal Stanley Roff framkvæmdastjóri. Tilboðið kvaðst ákærði á hinn bóginn hafa undirritað nafninu Ragnar Svavarsson að beiðni Roff framkvæmdastjóra. Roff hafi átt hugmyndina að hinu tilbúna nafni. Ákærði Jósafat viðurkenndi við það tækifæri að hafa greitt vitninu Karólínu Karlsdóttur vegna verksins með tékka þeim úr hlaupareikningi sínum að upphæð kr. 55.487.05, sem getið er um hér að framan, en við það tækifæri var honum sýnt ljósrit tékkans. Meðákærði Eypór hafi þó afhent tékkann. Hann hafi mótttekið andvirði tékkanna í staflíðum 2 og 4 hér að framan, að upphæð kr. 97.985.23. Hann hafi framselt báða tékkana síðara framsali og fengið þá innleysta í Sparisjóðnum í Keflavík. Mismuninn á upphæðum þessum hafi hann komið til Stanley Roff. Ákærði taldi sig þá hafa fengið tékkann í staflíð 2 framseldan fyrra framsali úr hendi Roff. Undirritun greiðslubeiðnar í staflíð 3 kvaðst hann ekki þekkja, og um fyrra framsalið á tékka í staflíð 4 skýrði hann svo frá, að annað hvort hafi tékkinn verið framseldur fyrra framsali, er hann tók við honum, eða að meðákærði Eypór hafi síðar ritað fyrra framsal hans. Ákærði Jósafat breytti verulega framburðum sínum á síðara rannsóknarstigi málsins. Tilboð í staflíð 1 ítrekaði ákærði í framburðum 11/3 1964 og 15/5 sama ár að hafa án tvímæla undirritað. Tékkann í staflíð 2 taldi ákærði sig hafa framselt fyrra framsali í framburði 11/3 1964 og viðurkenndi án vafa hinn 15/5 sama ár að hafa framselt tékkann nafninu Ragnar Svavarsson. Greiðslubeiðni í staflíð 3 vildi ákærði ekki útiloka að hafa undirritað fyrir dómi 11/3 1964, og fyrir dómi 15/5 sama ár viðurkenndi ákærði án vafa

að hafa undirritað beiðnina. Um tékkann í staflið 4 greindi ákærði svo frá hinn 11/3 1964, að meðákærði Eyþór hefði ritað fyrra framsal tékkans að beiðni hans á undan eigin framsali. Fyrir dómi 15/5 sama ár breytti ákærði Jósafat ekki þeim framburði. Ákærði Jósafat hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa haft samband við vitnið Karólínu Karlsdóttur vegna verksins. Hann hafi þar komið fram sem milligöngumaður Stanley Roff, er hafi ákveðið að útbúa skjöl vegna verksins tilbúnu nafni.

Stanley Roff hefur fyrir dómi eindregið mótmælt framburði ákærða Jósafats í þessu efni. Hann hafi jafnan talið Ragnar Svavarsson vera aðilja frá Gardínubúðinni, en hann hafi ekkert vitað um, að tilbúin nöfn væru notuð í skiptum við veitingastaðinn fyrr en á árinu 1962 við hina bandarísku rannsókn.

Samræmi hefur ekki náðst í framburði ákærða Jósafats og Stanley Roff.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um verk þetta, að samkvæmt beiðni meðákærða Jósafats hafi hann athugað um það um mitt ár 1961, hvaða fyrirtæki í Reykjavík gæti tekið að sér gardínuuppsetningu við K.C.O.M. veitingastaðinn. Hann hafi komið að því, að Gardínubúðin í Reykjavík væri líklegasti staðurinn. Úr hafi orðið, að Karólína kaupkona þar hafi tekið að sér verkið. Hann hafi í tvö skipti tekið að sér að aðstoða Karólínu í sambandi við verkið, er hún hafi komið á flugvöllinn. Að öðru leyti hafi hann ekki haft skipti af verkinu. Ákærði Eyþór kvaðst ekkert af gögnum þeim í stafliðum 1—3 hafa séð utan dóms. Um tékkann í staflið 4 hefur ákærði Eyþór jafnan haldið fast við þann framburð, að hann hafi framselt tékkann nafninu Ragnar Svavarsson að beiðni meðákærða Jósafats. Hann hafi treyst meðákærða Jósafat og sögu hans um, að framsal hans á tékkann væri gert í hagræðingarskyni til að spara þeim aðilja, er tékkann átti að fá, aukaferð á flugvöllinn til að ná í greiðslu sína. Því hefði hann, Jósafat, greitt manningum í verklok í greiðaskyni, en þá hefði tékkinn ekki verið tilbúinn. Ákærði Eyþór hefur haldið fast við það að hafa ekki um það vitað, að tékkinn stæði í sambandi við gardínuuppsetninguna.

Að beiðni verjanda ákærða Jósafats voru gögnin í stafliðum 1—4 hér að framan enn borin undir ákærða Jósafat í októbermánuði s.l. Ákærði Jósafat breytti þá mjög framburði sínum. Hann kveðst ekki minnst þess að hafa undirritað tilboðið í staflið 1. Hann hafi ekki framselt tékkann í staflið 2 fyrra framsali. Hann hafi ekki undirritað greiðslubeiðnina í staflið 3 og

hann hafi ekki beðið meðákærða Eyþór að framselja tékkann í staflið 4.

Í hinni bandarísku skýrslu um rithandarathuganir segir svo um nafnritunina Ragnar Svavarsson:

*Stafliður 1.*

„Rithöndin líkist skrift Jósafats Arngrímssonar. (Tékki í staflið 2 var ekki í þessu (efni?) kannaður).

*Greiðslubeiðni, stafliður 3.*

Óskað viðbótarsýnishorna rithandar Jósafats Arngrímssonar. *Tékki, stafliður 4.*

Framsalið Ragnar Svavarsson ritað af Eyþóri Þórðarsyni.“ Í skýrslu Páls Kr. Pálssonar segir svo um gögnin:

*Tilboð, stafliður 1.*

„Ég tel eigin óbreytta rithönd Jósafats vera á nafninu Ragnar Svavarsson“.

*Tékki, stafliður 2.*

„Tel Jósafat hafa ritað bæði framsölin. Óbreytt stafagerð hans á fyrra framsali. Síðara framsal eigið“.

*Greiðslubeiðni, stafliður 3.*

Telur athugandinn ákærða Jósafat hafa undirritað með sömu stafagerð og í tilboðinu staflið 1.

*Tékki, stafliður 4.*

„Fyrra framsalið tel ég Eyþór hafa ritað og vísa í rithandar-sýnishorn hans, dskj. 48, þar sem fram kemur sams konar rit-hönd á nafninu. Síðara framsal eigið framsal Jósafats“.

Með játningu ákærða Jósafats fyrir dómi og samkvæmt niður-stöðu rithandarathugana og samkvæmt öðru því, sem rakið hefur verið hér að framan úr framburðum þeirra aðilja, er borið hafa um verk þetta, og með hliðsjón af greiðsluháttum vegna verksins þykir sannað, að ákærði Jósafat hafi undirritað tilboðið, staflið 1, framselt tékkann, staflið 2, og undirritað greiðslubeiðn-ina, staflið 3, nafninu Ragnar Svavarsson. Með sömu röksemda-færslu og sérstaklega með hliðsjón af framburði meðákærða Eyþórs þykir ákærði Jósafat hafa talið meðákærða Eyþór á að framselja tékkann í staflið 4 nafninu Ragnar Svavarsson. Síðara afturhvarf ákærða Jósafats frá framburðum sínum í málinu þykja ekki geta breytt sönnunarmati dómsins. Ósannað þykir gegn andmælum Stanley Roff, að hann hafi um fölsun skjalanna vitað. Skjölin í stafliðum 1 og 3 bárust bókhaldsmiðstöðinni með falsaðri nafnritun, en þar voru útbúnir tékkar í samræmi við þau, er ákærði Jósafat framseldi annars vegar (tékki, stafliður 2) og

sá um, að framseldur var hins vegar (tékki í staflíð 4) fölsuðu nafni, áður en hann framseldi tékkana og innleysti síðar við Sparisjóðinn í Keflavík. Teljast því gögnin öll hafa verið notuð í blekkingarskygni í lögskiptum. Fallizt verður því á kröfu ákærvaldsins vegna ákæruliða um gögn þessi varðandi ákærða Jósafat, er telst hafa brotið gegn 155. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga með framferði sínu.

Með játningu Eyþórs, með vísan til framburðar meðákærða Jósafats og með tilliti til rithandarathugananna þykir sannað, að ákærði Eyþór hafi fyrir áeggjan meðákærða Jósafats framselt tékkann í staflíð 4 hér að framan, og telst hann með því hafa brotið gegn 1. mgr. 155. gr., sbr. 22. gr., almennra hegningarlaga. Fallizt er á kröfur ákærvaldsins varðandi framangreindan þátt Eyþórs.

*D. Um verktöku við K.C.O.M. veitingastaðinn í nafninu Ragnar Guðmundsson.*

Á árinu 1961 var vísað fram reikningum við K.C.O.M. veitingastaðinn í nafninu Ragnar Guðmundsson fyrir ýmsa viðgerðar- og viðhaldsþjónustu. Greiðslutékkar voru gefnir út vegna reikninganna á áður nefnt nafn. Gögn þessi, reikningar og tékkar, hafa orðið liðir í ákæru, og verða nú gögnin rakin:

1. Reikningur til K.C.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir viðgerð á uppþvottavél, fjárhættuvélaborði og íslenzkri ritvél auk efnis, samtals að upphæð kr. 1.705.50 (\$ 45.00), undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er án dagsetningar. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður greiddur 21. apríl 1961, tékki nr. 487.

2. Reikningur til K.C.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir kælivelapjónustu í júlímánuði 1961 samkvæmt samningi, að upphæð kr. 2.842.50 (\$ 75.00). Dagsettur er reikningurinn á Keflavíkurflugvelli 28. júlí 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður greiddur 26. júlí 1961, tékki nr. 596.

3. Reikningur til K.C.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir kælivelapjónustu í septembermánuði 1961 og fyrir útvegum á skúffum í búðarkassa fyrir bandaríska mynt, samtals að upphæð kr. 3.616.60 (\$ 84.50). Dagsettur er reikningurinn á Keflavíkurflugvelli 25. september 1961 og undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður greiddur 23. september 1961, ekkert tékkanúmer.

4. Reikningur til K.C.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir viðgerð á uppþvottavél í eldhúsi auk efnis. Samtals að upphæð kr. 1.038.46 (\$ 27.40), undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu, tékki nr. 468, 28. marz 1961.

5. Reikningur til K.C.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir viðgerð á bingó-blásara, auglýsingakassa, uppsetningu matarhitara, uppsetningu rafmagns- og flórskinsljósa auk efnis, samtals að upphæð kr. 6.276.24 (\$ 165.60). Reikningurinn er ódagsettur, en undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 15. marz 1961, tékki nr. 458.

6. Reikningur til K.C.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir kælivélþjónustu í ágústmánuði 1961, viðgerð á eldavél og „buffer“ auk varahluta, samtals að upphæð kr. 5.504.08 (\$ 128.60). Dagsettur er reikningurinn 30. ágúst 1961 á Keflavíkurflugvelli. Undirritaður er reikningurinn Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður S. Roff, greitt 31. ágúst 1961, tékki nr. 631.

Sjá ákæru I. þátt I. kafla 15. tölulið frá a—f.

Vegna reikninga þeirra, er raktir eru í 1—6 hér að framan, hafa verið gefnir út greiðslutékkar í samræmi við reikningana. Tékkar þessir hafa allir orðið efni ákæru, og verða þeir nú raktir.

7. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 631, dagsettur 31. ágúst 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 5.504.08, undirritaður Stanley Roff, framseldur Ragnar Guðmundsson, framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson, sbr. 9. tölulið A II. kafla I. þáttar ákæru.

8. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. K 14 við The American Express Company, Inc., nr. 665, dagsettur 22. september 1961, ritaður til handa Ragnari Guðmundssyni, að upphæð kr. 3.616.60, undirritaður Stanley Roff, framseldur nafninu Ragnar Guðmundsson, framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson, sbr. 10. tölulið A í II. kafla I. þáttar ákæru.

9. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 458, dagsettur 15. marz 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 6.276.24, undirritaður Stanley Roff, framseldur Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 468, dagsettur 28. marz 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 1.038.46, undirritaður Stanley Roff, framseldur Ragnar Guðmundsson. Tékki K.C.O.M. á

reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 487, dagsettur 21. apríl 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 1.705.50, undirritaður Stanley Roff, framseldur Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 596, dagsettur 26. júlí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 2.842.50, undirritaður Stanley Roff, framseldur nafninu Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 13. tölulið A II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur framkvæmdastjórinn Stanley Roff kannast við áritun sína á sérhvern reikning, er raktir eru í 1—6 hér að framan. Eftir staðfestingarnar hafi reikningarnir verið afhentir bókhaldsmiðstöðinni, til að tékkar yrðu gefnir út samkvæmt þeim. Roff hefur þá þekkt undirskrift sína undir sérhvern tékka, rakta í liðum 7—9 hér að framan.

Ákærði Eypór hefur skýrt svo frá fyrir dómi um reikningana í 1—6 hér að framan, að hann hafi séð um verk þau öll, er reikningarnir hljóða um, utan viðgerðar á íslenzkri ritvél, sbr. staflíð 1. Hann hafi á hinn bóginn aldrei séð reikningana fyrr og viti ekki, hver ritaði undir reikningana. Hins vegar hafi enginn maður að nafni Ragnar Guðmundsson unnið að verkunum, en í mörgum tilfellum hafi hann þó kvatt sér til aðstoðarmenn vegna starfanna. Fyrir dómi hefur ákærði séð tékkana, er raktir eru í staflíðum 7—9 hér að framan. Ákærði kvaðst ekki hafa séð tékka þessa fyrr utan dómsins og ekki þekkja framsalið Ragnar Guðmundsson á tékkunum. Hann þekki framsalið Jósafat Arngrímsson á tékkunum, þar sem það framsal kom fram sem eigið framsal meðákærða Jósafats.

Fyrir dómi (12. marz 1964) viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa útbúið sérhvern reikning í staflíðum 1—6 hér að framan, enn fremur að hafa undirritað sérhvern reikning nafninu Ragnar Guðmundsson. Þá hefur ákærði fyrir dómi viðurkennt að hafa ritað framsalið Ragnar Guðmundsson á sérhvern tékka, er raktir hafa verið í 7—9 hér að framan. Þá hafi hann ritað eigið framsal á eftir því framsali á tékka í staflíðum 7 og 8 og tékka nr. 458, 487 og 596 í staflíð 9. Tékkarnir hafa allir verið innlestir í Sparisjóðnum í Keflavík. Ákærði Jósafat hefur viðurkennt fyrir dómi, að nafnið Ragnar Guðmundsson í skjölunum hafi ekki átt við ákveðna persónu, heldur sé um tilbúið nafn að ræða. Nánar vísast til framburðar ákærða Jósafats í kafla II hér að framan varðandi það atriði.

Tékkarnir í staflíðum 7 og 8 hér að framan voru skoðaðir af rithandarsérfræðingum lögreglunnar í New York vegna framsalsins Ragnar Guðmundsson á tékkunum. Varðandi tékka í staflíð 7 var óskað eftir viðbótarsýnishornum af rithönd ákærða Jósafats. Varðandi tékkann í staflíð 8 var enn fremur óskað eftir viðbótarsýnishornum rithandar ákærða Jósafats og fram tekið, að skriftin líktist hans skrift. Í skýrslu Páls Kr. Pálssonar um rithandarskoðun segir um framantalin gögn: „Tel Jósafat hafa undirritað alla reikningana (líðir 1—6) nafninu Ragnar Guðmundsson. Stafagerðin öll hin sama og á rithandarsýnishornum hans, aðeins annar halli“. Um tékkana í staflíðum 7—9 segir í skýrslunni, að hann telji Jósafat hafa ritað nafnið Ragnar Guðmundsson á framsölum sérhvers tékka. Stafagerðin sé öll hin sama og á rithandarsýnishornum hans, aðeins með breyttum halla, sem ekki hafi þýðingu.

Með viðurkenningu ákærða Jósafats fyrir dómi um undirritun reikninga í staflíðum 1—6 nafninu Ragnar Guðmundsson og enn fremur með viðurkenningu hans um framsöl tékkanna í staflíðum 7—9 sama nafni samkvæmt niðurstöðu rithandarskoðunar og samkvæmt framburði ákærða sjálfs að öðru leyti um tilhögun á gerð skjala þykir sannað, að ákærði hafi gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga, enda þykir í ljós leitt, að ákærði Jósafat hafi notað framangreind gögn öll með hinu falsaða nafni í lögskiptum. Kröfur ákæruvaldsins vegna gagnanna verða því að fullu teknar til greina. Að ósk verjanda ákærða Jósafats var hann inntur eftir framantöldum gögnum fyrir dómi 8. október 1965, og gekk þá ákærði frá fyrri viðurkenningum sínum um að hafa ritað nafnið Ragnar Guðmundsson á reikningana, er taldir hafa verið upp í staflíðum 1—6 hér að framan. Hann myndi ekki hvort hann hefði útbúið reikningana. Um tékkana í staflíðum 7—9 skýrði ákærði frá við sama tækifæri, að hann teldi útilokað, að hann hefði framselt tékkann í lið 7, nær útilokað, að hann hefði framselt tékkann í lið 8 nafninu Ragnar Guðmundsson og að hann hefði ekki framselt tékkana því nafni, er raktir eru í lið 9. Afturhvarf ákærða frá fyrri játningum þykir hins vegar ekki geta breytt sönnunarmati dómsins í þessu tilviki.

E. *Verktaka Guðmundar Halldórssonar.*

Guðmundur Halldórsson húsgagnabólstrari, Faxabraut 32 A í Keflavík, fóðraði púða í bekkjum í forstofu K.C.O.M. veitinga-

staðarins snemma árs 1961. Vegna verks þessa hafa tvö gögn orðið liðir ákæru. Gögnin eru þessi:

1. Reikningur til K.C.O.M. fyrir blóstrun og lagfæringu þriggja sófa skv. beiðni gæzlumanns, kr. 6.000.00 (\$ 158.31), undirritaður Guðmundur Halldórsson. Reikningurinn er án dagsetningar. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu, tékki nr. 428, 14. febrúar 1961, sbr. 14. tölulið I. kafla I. þáttar ákæruskjals.

2. Tékki K.C.O.M. á reikning við The American Express Company, Inc., nr. 429, dagsettur 14. febrúar 1961, til Guðmundar Halldórssonar, að upphæð kr. 6.000.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Guðmundur Halldórsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 12. tölulið A II. kafla I. þáttar ákæru.

Stanley Roff framkvæmdastjóri hefur fyrir dómi þekkt áritun sína á reikningnum í staflið 1 hér að framan sem greiðslusamþykki vegna umgetinna starfa Guðmundar Halldórssonar. Þá hefur hann einnig þekkt undirritun sína á tékka í staflið 2. Framkvæmdastjórinn hefur tekið fram, að mistök hafi orðið á í bókhaldsmiðstöðinni með áritun á reikninginn í staflið 1, þar sem talið er, að reikningurinn hafi verið greiddur með tékka nr. 428. Reikningurinn hafi verið greiddur með tékka nr. 429, svo sem tékkinn í staflið 2 beri með sér.

Um verkið hefur borið sem vitni Guðmundur Halldórsson húsgagnabólstrari. Svo sem áður hefur komið fram, kvaðst vitnið hafa unnið að verki þessu og lagt auk þess til efni. Greiðslu fyrir verkið hafi það fengið 10. febrúar 1961 frá Eyþóri Þórðarsyni, alls kr. 3.976.00. Vitnið hefur tekið fram, að það haldi bókhald um störf sín og séu tölurnar og dagsetningar úr því bókhaldi. Er vitninu voru sýnd gögnin í lið 1 og 2 hér að framan, reikningurinn og tékkinn, kannaðist það við hvorugt plaggið. Ekki kannaðist vitnið við rithöndina undir reikningnum né framsalinu á tékkanum.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá hinn 12. marz 1964, að hann hafi útbúið reikninginn og udirritað reikninginn Guðmundur Halldórsson. Um tékkann í tölulið 2 skýrði ákærði Jósafat svo frá fyrir dómi samdægurs, að hann teldi sig þekkja rithönd meðákærða Eyþórs Þórðarsonar á nafninu Guðmundur Halldórsson sem framsali. Hann telji víst, að hann, Jósafat, hafi óskað þess við meðákærða Eyþór, að hann framseldi tékkann með nafinu Guðmundur Halldórsson. Hann telji líklegt, að tékkaupphæðin hafi verið lögð inn á hlaupareikning sinn við Spari-

sjóðinn í Keflavík. Hann hafi greitt Eyþóri fyrir vinnu hans og útlagðan kostnað, þannig að meðákærði Eyþór hafi greitt Guðmundi Halldórssyni. Er framburður vitnisins Guðmundar Halldórssonar var borinn undir ákærða Jósafat, vildi hann ekki hreyfa andmælum við þeim framburði.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að Guðmundur Halldórsson húsgagnabólstrari hafi að beiðni sinni unnið að verki því, er um getur í reikningi, staflið 1. Er ákærða var lesinn framburður vitnisins Guðmundar Halldórssonar um verk þetta og greiðslur, vildi hann ekki mótmæla þeim framburði. Ákærði Eyþór kvaðst fyrir dómi ekki þekkja reikninginn í staflið 1 hér að framan og ekki vita, hver hefði undirritað hann. Um tékkann í dómsskjali 2 skýrði ákærði Eyþór svo frá, að framsalið á tékkanum, Guðmundur Halldórsson, væri tvímælalaust með rithönd sinni. Síðara framsalið væri framsal Jósafats Arngrímssonar. Um tékkann hefur ákærði Eyþór að öðru leyti borið svo fyrir dómi, að hann myndi ekki eftir því að hafa framselt hann. Hann myndi hins vegar til þess, að í skiptum þeirra meðákærða Jósafats á flugvellinum hafi það í eitt skipti komið fyrir, að greiðslutékki, stílaður á iðnaðarmann, er unnið hafði á vegum þeirra meðákærða Jósafats, barst þeim í hendur. Meðákærði Jósafat hafi óskað þess við hann, að hann framseldi tékkann til iðnaðarmannsins nafni hans. Hann hafi orðið við því, en áður hafi hann gert upp við iðnaðarmanninn. Hann telji vafalaust, að um Guðmund Halldórsson og tékkann í staflið 1 hér að framan hafi verið um að ræða, enda þótt hann muni nú ekki eftir því.

Í skýrslu Páls Kr. Pálssonar um rithandarathugun segir um nafnritunina Guðmundur Halldórsson á reikningnum í staflið 1: „Tel Jósafat hafa ritað nafnið Guðmundur Halldórsson á dómsskjalið óbreyttri rithendi, þó með teiknuðu H“. Um framsalið á tékkanum í staflið 2 segir í sömu skýrslu: „Fyrira framsalið tel ég Eyþór hafa ritað og vísa í rithandarsýnishorn hans, dskj. 48, þar sem fram kemur sams konar rithönd. Síðara framsalið tel ég Jósafat hafa ritað“.

Er ákærði Jósafat kom fyrir dóm 8. október 1965 að beiðni verjanda síns, kvaðst hann ekki hafa undirritað reikninginn í tölulið 1 hér að framan, þó væri ekki útilokað, að hann hefði útbúið reikninginn og þá að beiðni Stanley Roff. Fyrir dómi 11. október 1965 bar ákærði um tékkann í tölulið 2 og skýrði þá svo frá, að hann minntist þess ekki að hafa beðið meðákærða Eyþór að framselja tékkann nafninu Guðmundur Halldórsson. Fyrir dómi

13. október 1965 þvertók ákærði fyrir að hafa eggjað meðákærða Eyþór til að framselja tékkann fyrra framsali.

Með játningu ákærða Jósafats, sem rakin hefur verið hér að framan um ritun nafnsins Guðmundur Halldórsson undir reikninginn tölulið 1 hér að framan og með vísan að öðru leyti í framburð ákærða um hátt á útbúnaði gagna samkvæmt framburði vitnisins Guðmundar Halldórssonar og með vísan í rithandarskoðunarskýrsluna, telur dómurinn, að þrátt fyrir afturhvarf játningar ákærða Jósafats fullsannað, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn nafninu Guðmundur Halldórsson, notað reikninginn í lögskiptum og með því gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga. Samkvæmt framburði ákærða Jósafats og framburði ákærða Eyþórs þykir sannað, að ákærði Jósafat þrátt fyrir síðar fram komin andmæli hafi talið ákærða Eyþór á að rita framsalið Guðmundur Halldórsson á tékkann í staflið 2, og þykir ákærði Jósafat með því athæfi hafa gerzt sekur um brot á 155. gr., 1. mgr., hegningarlaga, en tékkinn er framseldur af ákærða Jósafat síðara framsali og innleystur í Sparisjóðnum í Keflavík.

Með játningu ákærða Eyþórs, sem studd er framburði meðákærða Jósafats og skýrslu um rithandarskoðun, þykir sannað, að ákærði Eyþór hafi ritað framsalið Guðmundur Halldórsson á tékka í staflið 2 hér að framan, og með því telst hann hafa gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga, sbr. 22. gr. sömu laga.

#### F. Verktaka í nafni Eyþórs Þórðarsonar við K.C.O.M. veitingastaðinn.

Gögn, undirrituð nafni ákærða Eyþórs Þórðarsonar, hafa orðið liðir í ákæru, og verða nú þau gögn rakin, er fram hafa komið við K.C.O.M. veitingastaðinn.

1. Reikningur í 6 liðum til K.C.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni. 1. liður fyrir að staðsetja rafmagnsstæði í anddyri K.C.O.M. og fyrir aðstoð við útvegum efnis og önnur vinna, samtals að upphæð kr. 1.603.17 (\$ 42.30). Reikningurinn er ódagsettur, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 31. janúar 1961 með tékka nr. 413. Liður 2 er reikningur vegna hlutagreiðslu fyrir að mála K.C.O.M., að upphæð kr. 3.600.00. Reikningurinn er ódagsettur, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, áritaður um greiðslu 31. janúar 1961, tékki nr. 413. Liður 3 er reikningur vegna hlutagreiðslu fyrir

að mála K.C.O.M. veitingastaðinn, kr. 21.000.00 (\$ 554.90). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 18. janúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, áritaður enn fremur um greiðslu 19. janúar 1961, tékki nr. 399. Liður 4, reikningur vegna hlutagreiðslu fyrir að mála K.C.O.M. veitingastaðinn, kr. 10.000.00, dagsettur á Keflavíkurflugvelli 17. janúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 17. janúar 1961, tékki nr. 398. Liður 5, loka-reikningur fyrir byggingu hengis í inngang K.C.O.M. veitingastaðarins, að upphæð kr. 10.991.00 (\$ 290.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli í janúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, áritaður um greiðslu 12. janúar 1961, tékki nr. 395. Liður 6, reikningur fyrir málningu, samtals að upphæð kr. 8.500.00 (\$ 224.27). Reikningurinn er dagsettur 17. janúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 19. janúar 1961, tékki nr. 400. Reikningur þessi er í samræmi við 16. tölulið a–e I. kafla I. þáttar ákæru.

Vegna nokkurrar sérstöðu reiknings þessa verða framburðir ákærðu og annarra, er borið hafa um reikinginn og verk að baki honum, raktir, áður en önnur gögn verða upp talin, er undirrituð hafa verið nafninu Eyþór Þórðarson og komið var á framfæri í K.C.O.M. veitingastaðnum.

Fyrir dómi hefur Stanley Roff, framkvæmdastjóri K.C.O.M., þekkt staðfestingar sínar á liðum 1–5 í reikningnum tölulið 1. Liðir 2–4 séu reikningar ákærða Eyþórs fyrir umsjón á málningarvinnu, er fram fór í veitingastaðnum vegna eldsvoða, er þar hafi orðið. Málningarvinnuna sjálfa hafi Áki Gränz málarameistari eða menn frá honum unnið, en ákærði Eyþór hafi hlotið að hafa haft umsjón með verkinu og gert upp við málarana. Sjálfur hafi ákærði Eyþór tæpast unnið að málningarstörfunum. Framangreindir liðir séu hluti af málningarkostnaði, er varð vegna áður-nefnds eldsvoða.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór Þórðarson borið um reikninginn og talið útilokað, að hann hafi ritað undir reikningsliðina. Hann muni til þess hins vegar að hafa séð um að láta koma fyrir rafmagnstenglum í anddyri veitingastaðarins. Á hinn bóginn hafi hann aldrei unnið við málningarstörf í veitingastaðnum. Áki Gränz hafi hins vegar unnið að málningarstörfum í veitingastaðnum í janúar- og febrúarmánuðum 1961. Hann hafi engin laun þegið fyrir málningarstörf og engar svipaðar upphæðir fengið greiddar frá veitingastaðnum um þetta leyti. Hann hafi

ekki á nokkurn hátt séð um greiðslur til Áka Gränz eða manna hans vegna verksins, hvorki vegna efnis né vinnu. Sem starfsmaður veitingastaðarins kvaðst hann eitthvað hafa liðkað fyrir málurunum, en endurgjald fyrir þau störf hafi ef til vill getað hlaupið á hundruðum króna, en hvorki á þúsundum né tugþúsundum króna. Hann telji útilokað, að hann hafi fengið í hendur frá meðákærða Jósafat í janúarmánuði 1961 eða þar um kring kr. 30—40.000.00 eða meira fé sem greiðslu til sín eða sem greiðslu, sem hann ætti að afhenda öðrum vegna starfa við veitingastaðinn.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat borið um reikninginn á þann hátt, að hann hafi útbúið alla liði reikningsins og undirritað sérhvern lið í nafni Eypórs Þórðarsonar, þó að frátöldum lið 6. Fyrsti liðurinn hafi verið fyrir viðhaldsstörf, 2., 3. og 4 liður fyrir að sjá um málningarvinnu og undirbúning hennar, 5. liður hafi verið vegna greiðslu fyrir verk, er hann sá um við innganginn í veitingasalinn, 6. liður sé reikningur fyrir málningu. Hann sé ekki viss um að hafa undirritað þann lið.

Fyrir dóminn hefur komið vegna reiknings þessa Áki Guðni Gränz málarameistari, er ákærður hefur verið fyrir annan þátt í máli þessu. Varðandi 2., 3. og 4. lið reikningsins hefur ákærði Áki skýrt frá því, að ákærði Eypór hafi aldrei unnið með flokki hans við málningu. Hann hafi hvorki né menn hans fengið greiðslur frá ákærða Eypóri vegna málningarvinnu í K.C.O.M. veitigastaðnum, en hann og menn hans hafi einir séð um málningarvinnu við veitingastaðinn um þetta leyti. Síðastnefndur framburður ákærða Áka var borinn undir ákærða Jósafat, er ekki vildi andmæla framburðinum. Ákærða Jósafat var þá og kynntur framburður ákærða Eypórs um reikninginn, og hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá fyrir dómi, að framburður meðákærða Eypórs gæti verið réttur að því leyti, að meðákærði Eypór hafi ekki fengið greiðslurnar fyrir málningarstörf eða málningarumsjón. Hins vegar hafi hann hlotið að hafa fegið uppgjör eftir janúarmánuð sem endanær og þá séð janúarreikningana. Reikningarnir kunni að vera efnislega rangir, þannig að meðákærði Eypór hafi ekki unnið að þar tilgreindum störfum. Hafi hins vegar svo verið, hljóti reikningsupphæðir að vera fyrir eldri störf Eypórs, jafnvel óskyld störf, þar sem aðiljar, er unnu fyrir veitingastaðinn, hafi oft verið beðnir um að bíða með reikninga.

Um ritanir sínar á nafninu Eypór Þórðarson hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá fyrir dómi, að nokkurs konar venja hafi

orðið á, að hann undirritaði reikninga og framseldi tékka, er svo stóð á, nafni meðákærða Eypórs, þar eð hann sjálfur sá um alla skjalagerð vegna verka. Hann hafi litið á þessar nafnritanir sem hagræðingu í samskiptum þeirra meðákærða Eypórs við veitingastaði. Meðákærði Eypór hafi falið sér fjármálin í upphafi vegna starfa sinna og því hafi hann stundum framselt tékka í nafni meðákærða Eypórs, ef svo stóð á, að meðákærði Eypór var ekki viðlátinn, er hann fór með tékka þessa í Sparisjóðinn í Keflavík.

Ákærði Eypór hefur á hinn bóginn fyrir dómi þvertekið fyrir það að hafa gefið nokkrum aðilja heimild til að rita nafn sitt undir reikninga eða önnur gögn. Hann hafi ekki haft hugmynd um, að reikningar væru útbúnir vegna verka, er hann sá um, tilbúnum nöfnum og undirritaðir með þeim eða undirritaðir nafni hans sjálfs af öðrum aðilja. Þannig hafi meðákærði Jósafat ekki haft slíkt umboð. Umboð honum til handa í þá átt hafi algerlega verið óþarft, þar sem þeir meðákærði Jósafat hittust daglega, um það bil þrisvar á dag. Meðákærða Jósafat hafi jafnan verið kunnugt um, hvar hann var hverju sinni. Hann hafi aldrei forfallazt vegna veikinda við störf sín eða verið fjarvista vegna leyfa, enda hafi aldrei borið á góma á millum þeirra meðákærða Jósafats, að hann fengi umboð hjá honum til að rita nafn hans.

Ekkert samræmi hefur náðst í framburði ákærðu Jósafats og Eypórs um síðastnefnt atriði, og hefur hvor aðili haldið fast við framburði sína.

2. Reikningur til K.C.O.M. frá Eypóri Þórðarsyni fyrir útvegum efnis og flutning trésmiða, útvegum bólstrunar á sófum og flutning þeirra, samtals að upphæð kr. 909.60 (\$ 24.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurlflugvelli 27. febrúar 1961, undirritaður Eypór Þórðarson, áritaður S. Roff, áritaður um greiðslu með tékka nr. 437, sbr. 17. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

3. Reikningur til K.C.O.M. frá Eypóri Þórðarsyni fyrir kæli-velapjónustu hluta aprílmánaðar 1961, fyrir viðgerðir og kaup á tveim hitamælum, samtals kr. 1.790.00 (\$ 47.23). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurlflugvelli 28. apríl 1961, undirritaður Eypór Þórðarson, áritaður S. Roff, áritaður um greiðslu 28. apríl 1961 með tékka nr. 500, sbr. 18. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

4. Reikningur til K.C.O.M. frá Eypóri Þórðarsyni í 2 liðum. Liður 1 fyrir ýmis viðgerðarstörf og efni, samtals kr. 1.751.60

(§ 46.22). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 19. maí 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, áritaður um greiðslu 19. maí 1961, tékki nr. 526. Liður 2 er reikningur fyrir kælivelapjónustu fyrir maímánuð 1961, að upphæð kr. 2.842.50 (§ 75.00). Reikningurinn er dagsettur í Keflavík 26. maí 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 24. maí 1961 með tékka nr. 529, sbr. 19. tölulið a og b I. kafla I. þáttar ákæru.

5. Reikningur til K.C.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni. Liður 1 vegna kælivelapjónustu fyrir júnimánuð, kr. 2.842.50 (§ 75.00), undirritaður Eyþór Þórðarson. Dagsetning er ekki á reikningnum. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 26. júní 1961 með tékka nr. 559. Þar sem liður 2 reikningsins er ekki ákæruatriði í máli þessu, verður honum ekki lýst að öðru leyti en að hann er sagður fyrir viðgerðarstörf, að upphæð kr. 2.986.52, sbr. 20. tölulið ákæru I. kafla I. þáttar.

6. Reikningur til K.C.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni fyrir viðgerðarstörf og efni, samtals að upphæð kr. 3.411.00 (§ 90.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 27. júlí 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, enn fremur áritaður greiddur 26. júlí 1961, tékki nr. 593, sbr. 21. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

Þá verða raktir greiðslutékkar, er orðið hafa liðir ákæru.

7. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 374, dagsettur 28. desember 1960, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 606.40, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

8. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 395, dagsettur 12. janúar 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 10.991.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

9. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 398, dagsettur 17. janúar 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 10.000.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

10. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 399, dagsettur 19. janúar 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 21.000.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

11. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 413, dagsettur 31. janúar 1961, til

Eypórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 5.203.17, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eypór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

12. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 500, dagsettur 28. apríl 1961, til Eypórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 1.790.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eypór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

13. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 529, dagsettur 26. maí 1961, til Eypórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 2.842.50, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eypór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

14. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 559, dagsettur 26. júní 1961, til Eypórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 2.842.50, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eypór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

15. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 593, dagsettur 26. júlí 1961, til Eypórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 3.411.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eypór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

Varðandi tékkana, töluliði 7—15, vísast til 16. töluliðar II. kafla A I. þáttar ákæru. Allir bera framangreindir tékkar með sér að hafa verið innleystir í Sparisjóðnum í Keflavík utan tékka í staflið 12, er ber með sér að hafa verið innleystur af fyrirtækinu Háaleiti s/f, Keflavík.

Svo sem reikningarnir í töluliðum 1—6 bera með sér, eru allir tékkarnir greiðslur á framangreindum reikningum utan tékka nr. 374 í staflið 7.

Fyrir dómi hefur Stanley Roff framkvæmdastjóri þekkt staðfestingu sína á reikningum í töluliðum 2—6 hér að framan til greiðslu á öllum liðum. Þá hefur framkvæmdastjórinn enn fremur þekkt undirritun sína undir sérhvern tékka í töluliðum 7—15.

Fyrir dómi hefur ákærði Eypór skýrt svo frá um skjölin í stafliðum 2—15 hér að framan: Reikninginn í staflið 2 hafi hann ekki séð fyrr og ekki þar af leiðandi undirritað hann. Hann muni á hinn bóginn eftir verkinu, er reikningurinn hljóði um. Hann hafi unnið að verkinu. Reikninginn í staflið 3 þvertók ákærði fyrir að hafa séð fyrr eða undirritað. Hann hafi á hinn bóginn unnið að þar tilgreindu verki. Reikninginn í lið 3 kvaðst ákærði aldrei hafa séð fyrr og ekki vita, hver undirritaði reikninginn. Hann hafi unnið að verkinu, tilgreindu í lið 1, liður 2 sé endurgjald fyrir frystivélaþjónustu. Reikninginn í lið 5 kvaðst ákærði ekki hafa séð fyrr, og er þá átt við lið 1 reikningsins. Ákærði

vann að þar tilgreindum störfum. Reikninginn í lið 6 kvaðst ákærði ekki hafa séð fyrir og ekki þekkja rithönd á nafni sínu þar undir. Hann hafi hins vegar unnið að þar tilgreindu verki. Fyrir dómi hefur ákærði Eypór fullyrt, að hann hafi ekki framselt tékka þá, er lýst hefur verið í staflíðum 7—15 hér að framan, nafni sínu. Hann hafi ekki séð tékkann utan dóms.

Ákærði Jósafat hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa útbúið reikningana í staflíðum 2, 3 og 4 (báða liði) og undirritað reikningana nafninu Eypór Þórðarson, þar á meðal báða liði skv. staflíð 4. Þá hafi hann undirritað reikning í staflíð 5 nafni Eypórs Þórðarsonar, en hann muni ekki til þess að hafa útbúið reikninginn. Reikninginn í staflíð 6 kvaðst ákærði Jósafat hafa útbúið og undirritað nafni meðákærða Eypórs. Reikningana kvaðst ákærði Jósafat hafa útbúið alla vegna starfa, er meðákærði Eypór vann, og samkvæmt upplýsingum, er meðákærði gaf honum um verkin, upprituðum á blað. Ákærði Jósafat hefur þá fyrir dómi viðurkennt að hafa framselt sérhvern tékka í tölulíðum 7—15 hér að framan nafni Eypórs Þórðarsonar á undan eigin framsali. Er ákærði Jósafat kom fyrir dóm hinn 8. október 1965, tók hann aftur ótvíræðar játningar sínar um undirritanir skjala þeirra, er rakin hafa verið í staflíðum 1—15 hér að framan. Hins vegar bar hann þá svo fyrir dómi, að vera kynni, að hann hefði undirritað öll skjölin í nafni Eypórs, þá samkvæmt munnlegu umboði meðákærða Eypórs, en hins vegar gæti hann ekki með vissu greint frá því atriði.

Í skýrslu Páls Kr. Pálssonar um rithandarathuganir segir svo um reikning í staflíð 1: „Tel Jósafat hafa undirritað alla liði reikningsins Eypór Þórðarson. Nafnið er með sömu stafagerð og á sýnishorni, dskj. XXXVII, þó annar halli og annað Þ, sem er teiknað í sýnishorninu. ð er og breytt. Orðið Eypór slitið í tvennt, sómuleiðis Þórðarson, slitið eða veikt tengt á þennan hátt. Allir stafir þekktir sem Jósafats. Sama skrift á öllum liðum“. Þá segir enn fremur í rithandarathuguninni, að sömu sögu sé að segja um reikningana, staðliði 2, 3 og 4, lið 1 í staflíð 5 og staflíð 6. Samkvæmt rithandarathuguninni er það álit skoðunarmanns, að ákærði Jósafat hafi ritað bæði framsölin á sérhvern tékka í staflíðum 7—15 hér að framan, og er vísað í umsögn um undirritun reiknings, sbr. staflíð 1 hér að framan, því til stuðnings.

Með játningu ákærða Jósafats, sem studd er og öðrum framburðum hans í málinu og með hliðsjón af framburði meðákærða

Eyþórs Þórðarsonar og með vísan til niðurstöðu rithandarskoðunar, þykir sannað, að ákærði Jósafat hafi falsað nafn meðákærða Eyþórs á gögn þau í staflíðum 1—15, er rakin hafa verið hér að framan, enda ósannað talið, að ákærði Jósafat hafi haft umboð til að rita nafn meðákærða Eyþórs á gögnin.

Sannað telst, að ákærði Jósafat hafi notað öll framangreind gögn með falsaðri nafnritun meðákærða Eyþórs á, þannig að hann hafi með því gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

#### G. Verktaka Áka Gränz við K.C.O.M.

Vegna verktöku Áka Gränz málarameistara við K.C.O.M. veitingastaðinn hafa 3 reikningar orðið liðir í ákæru í máli þessu. Reikningarnir eru sem hér segir:

1. Reikningur til K.C.O.M frá Áka Gränz vegna hlutagreiðslu fyrir málningu K.C.O.M., að upphæð kr. 10.000.00, undirritaður Áki Gränz. Reikningurinn er ódagsettur. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 23. janúar 1961, tékki nr. 402. Reikningur þessi er í 2 liðum. Síðari liður er til K.C.O.M. frá Áka Gränz. Reikningur fyrir hlutagreiðslu vegna málningar K.C.O.M. veitingastaðarins, að upphæð kr. 23.000.00, undirritaður Áki Gränz. Reikningurinn er ódagsettur. Reikningurinn er áritaður S. Roff. Reikningurinn er enn fremur áritaður um greiðslu 31. janúar 1961 með tékka nr. 415, sbr. 22. tölulið ákæruskjals I. kafla I. þáttar.

2. Reikningur til K.C.O.M. vegna vinnu og efnis við málningu, að upphæð kr. 4.400.00. Á reikningnum stendur lokagreiðsla, undirskrift, greitt Áki Gränz. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 17. febrúar 1961 með tékka nr. 435. Reikningur þessi er í 3 liðum. Annar liður, reikningur til K.C.O.M. frá Ákra Gränz fyrir að mála 12 myndir samkvæmt beiðni gæzlumanns, samtals kr. 9.600.00. Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 9. febrúar 1961, undirritaður Áki Gränz, áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 7. febrúar 1961 með tékka nr. 424. Liður 3 reikningsins til K.C.O.M. frá Áka Gränz er reikingskrafa vegna hlutagreiðslu fyrir málningu í K.C.O.M., kr. 6.000.00. Ritað við það Áki Gränz, eftirstöðvar kr. 4.000.00. Við það ritað Áki Gränz. Síðan er reikningurinn dagsettur í Keflavík 7. febrúar 1961, undirritaður Áki Gränz. Reikningurinn er áritaður S. Roff. Reikningurinn er áritaður um

greiðslu 7. febrúar 1961 með tékka nr. 424, sbr. 23. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

3. Reikningur til K.C.O.M. fyrir málningu á innri forstofu K.C.O.M. samkvæmt munnlegu tilboði til herra Roff, kr. 8.560.00 (\$ 200.00), undirritaður Áki Gränz. Reikningurinn er dagsettur 25. september 1961. Reikningurinn er áritaður S. Roff, sbr. 24. tI. I. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur Stanley Roff framkvæmdastjóri skýrt frá því, að reikninginn í staflið 1 telji hann vera vegna vinnu Áka Gränz og manna hans fyrir málningarstörf vegna brunans í veitingastaðnum, er áður hefur verið getið um. Roff hefur þekkt staðfestingar sínar á liðum reikningsins til greiðslu. Reikninginn í staflið 2 hefur Roff talið sumpart eiga rót sína að rekja til málningarvinnu Áka Gränz vegna brunans og sumpart vegna innanhússkreytinga Áka sjálfs. Roff hefur þekkt staðfestingar sínar undir liðum reikningsins. Um reikning í staflið 3 hefur Roff sagt vera vegna málningarvinnu við aðalinngang veitingastaðarins. Hann hefur staðfest nafnritanir sínar til greiðslusambýkkis einnig á þennan reikning.

Fyrir dómi hefur Áki Guðni Gränz málarameistari skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð reikning í staflið 1 hér að framan utan dóms, hvorugan liðinn. Reikning, staflið 2, hafi hann ekki séð utan dóms, eða liði 2 og 3 reikningsins. Þá hafi hann ekki séð utan dóms reikning í staflið 3. Áki hefur talið reikningana efnislega rétta í liðum 1—3. Hann muni ekki eftir að hafa undirritað reikningana utan liðar 1 reiknings í staflið 2 hér að framan. Hann hafi á hinn bóginn engum gefið leyfi til þess að undirrita skjöl með nafni sínu. Fram hafa verið lagðir í málinu 4 greiðslutékkar, allir ritaðir til handa Áka Gränz, og eru tékkar þessir í samræmi við reikninga í stafliðum 1 og 2 hér að framan. Áki Gränz hefur þekkt framsöl sín á hverjum tékka fyrir sig, og hafa tékkar þessir ekki orðið efnisatriði ákæru. Áki hefur tekið fram, að andvirði tékka þeirra, er nefndir hafa verið, hafi verið endurgjald fyrir sig og menn sína, bæði efni og vinnu vegna málningarinnar eftir skemmdirnar í K.C.O.M. veitingastaðnum, sem áður hefur verið getið um, vegna brunans. Hann hafi athugað með greiðslur vegna verks þessa í bókhaldi sínu og telur útilokað, að nokkrir aðrir en hans menn hafi unnið að verkinu. Hann telji útilokað, að greiðsla til hans eða manna hans vegna verksins hafi komið frá öðrum aðiljum en veitingastaðnum sjálfum, og t. d. sé útilokað, að greiðslur hafi borizt beint frá ákærða Eypóri

Pórðarsyni eða ákærða Jósafat Arngrímssyni. Ákærði Jósafat hefur ekki gert athugasemdir við framburð Áka málarameistara, er nú var rakinn.

Ákærði Jósafat hefur greint frá reikningum í liðum 1—3 hér að framan fyrir dómi á þá leið, að hann telji sig hafa undirritað lið 1 reiknings í staflið 1 og hann vilji ekki útiloka að hafa ritað undir lið 2 reiknings í staflið 1. Um reikninginn í staflið 2 hefur ákærði talið sig þekkja rithönd Áka málarameistara á lið 1. Hann þekki með vissu skrift sína á nafninu Áki Gränz í lið 3, eða tveim efri nafnritununum. Hann vilji þó ekki útiloka þann möguleika, að hann hafi einnig ritað þriðju nafnritunina, Áki Gränz, í lið 3 og enn fremur að hafa ritað nafnið Áki Gränz á lið 2 reikningsins. Um reikninginn í staflið 3 hefur ákærði Jósafat borið, að hann telji vist, að Áki Gränz hafi ekki undirritað reikninginn, og hefur ákærði Jósafat ekki viljað útiloka, að hann hafi ritað nafnið Áki Gränz undir reikninginn.

Í skýrslu rithandarathugandans segir svo um reikning í staflið 1: „Tel Jósafat hafa undirritað báða liði reikningsins. Greinileg stafagerð hans. Mismunandi halli, er ekki hefur þýðingu“. Um lið 2, reikning, segir í sömu skýrslu: „Liður 1, óþekkt rithönd. Liður 2, greinileg stafagerð Jósafats. Liður 3, greinileg stafagerð Jósafats. Tel því Jósafat hafa undirritað lið 2 Áki Gränz og lið 3, einnig með sama nafni á þrem stöðum“. Um nafnritunina Áki Gränz undir reikninginn í lið 3 segir í rithandarathuguninni sömu sögu að segja og í lið 1. Því talin rithönd ákærða Jósafats.

Fyrir dómi 8. október 1965 breytti ákærði Jósafat nokkuð framburði sínum. Taldi hann sig þá ef til vill hafa ritað nafnið Áki Gränz undir lið 1 reiknings í tölulið 1 hér að framan, en taldi sig hins vegar ekki hafa undirritað reikningana í stafliðum 1—3 að öðru leyti nafninu Áki Gränz,

Þrátt fyrir afturhvarf ákærða Jósafats frá fyrri framburðum um reikninga þessa þykir sannað með frumframburðum hans í málinu um undirritanir reikninganna og með hliðsjón af rithandarathuguninni, að ákærði Jósafat hafi undirritað báða liði reiknings í tölulið 1, liði 2 og 3 reiknings í tölulið 2 og enn fremur reikning í tölulið 3 nafninu Áki Gränz. Ósannað þykir, að ákærði hafi undirritað lið 1 reiknings í staflið 2 nafninu Áki Gränz, og ber því að sýkna ákærða Jósafat af kröfum ákæruvaldsins varðandi þann lið. Sannað þykir, að ákærði Jósafat hafi notað gögnin með hinni fölsuðu undirskrift í lögskiptum við

bandaríska aðilja, en með því atferli telst ákærði hafa gerzt sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

## IV.

*Um verktöku við N.C.O. veitingastaðinn.*

Nú verður fjallað um gögn, er orðið hafa liðir ákæru, er framvísað hefur verið við N.C.O. veitingastaðinn, reikninga annars vegar og hins vegar greiðslutékka, er gefnir hafa verið út af nefndum veitingastað.

## A. Gögn, er eiga við Eyþór Þórðarson.

1. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., dagsettur 28. desember 1960, til handa Eyþóri Þórðarsyni, að upphæð kr. 10.917.95, undirritaður Charles W. Kramer, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson. Tékkinn er nr. 793, sbr. staflið 1 í B í II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór Þórðarson fullyrt, að framsal sitt sé ekki aftan á tékkanum. Hann þekki ekki rithöndina á nafni sínu þar. Hann þekki hins vegar rithöndina á síðara framsalinu sem framsal meðákærða Jósafats Arngrímssonar. Hann hafi unnið fyrir N.C.O. veitingastaðinn um það leyti, er tékkinn er gefinn út. Hann hafi unnið þar sem starfsmaður meðákærða Jósafats. Hins vegar fullyrði hann að hafa ekki tekið við tékkaupphæðinni frá veitingastaðnum eða Jósafat vegna starfa við veitingastaðinn á umræddum tíma.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat ekki getað borið um það, fyrir hvað tékkinn sé greiðsla, en tékkinn sé eflaust fyrir vinnu, er meðákærði Eyþór hafi framkvæmt á vegum veitingastaðarins. Hann, ákærði Jósafat, hafi ritað bæði framsölin aftan á tékkann, eða framsölin Eyþór Þórðarson og Jósafat Arngrímsson, á því sé enginn vafi. Meðákærði Eyþór hafi ekki verið nærstaddur, er hann fór með tékkann í banka. Því hafi hann framselt tékkann nafni Eyþórs, en við uppgjör þeirra meðákærða Eyþórs hafi Eyþór hlotið að hafa fengið helming hagnaðarins af verki því, er tékkinn er greiðsla á.

Í skýrslunni um rithandarathugun telur skoðunarmaður ákærða Jósafat hafa ritað bæði framsölin á tékkann og hefur í því sambandi vísað til undirritunar reiknings nafninu Eyþór Þórðarson, sbr. staflið 1 hér að framan um reikninga við K.C.O.M. veitingastaðinn.

Ákærði Jósafat bar aftur um tékka þennan fyrir dómi 11. október 1965 og dró þá nokkuð af fyrri játningu um framsöi á tékkanum. Ákærði Jósafat skýrði þá svo frá, að rithönd með-ákærða Eypórs væri ekki á fyrra framsali tékkans og hann vilji ekki útiloka þann möguleika að hafa framselt tékkann nafni meðákærða Eypórs samkvæmt munnlegri heimild hans.

2. Reikningur í 3 liðum til N.C.O. veitingastaðarins frá Eypóri Þórðarsyni. 1. liður til N.C.O. frá Eypóri Þóraðrsyni. Reikningur vegna frystivélaþjónustu fyrir janúarmánuð, að upphæð \$ 75.00, kr. 2.842.50. Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 27. janúar 1961, undirritaður Eypór Þórðarson. Áritun á reikningnum um greiðslu 27. janúar 1961 með tékka nr. 899. Reikningurinn er áritaður nafninu Charles W. Kramer. 2. liður, reikningur til N.C.O. frá Eypóri Þórðarsyni fyrir uppsetningu tveggja kæliskápa í N.C.O. eldhúsi. Reikningurinn er fyrir vinnu auk efnis, flutnings og útvegum varahluta. Reikningurinn er að upphæð kr. 2.804.60 (\$ 74.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 12. janúar 1961, undirritaður Eypór Þórðarson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 12. janúar 1961 með tékka nr. 880. Reikningurinn er og áritaður nafninu Charles W. Kramer. 3. liður til N.C.O. frá Eypóri Þórðarsyni. Reikningur fyrir viðgerð á hitara í N.C.O. veitingastaðnum 10. janúar 1961, samtals að upphæð kr. 753.00, eða \$ 20.00. Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 12. janúar 1961, undirritaður Eypór Þórðarson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 12. janúar 1961 með tékka nr. 880. Reikningurinn er áritaður nafninu Charles W. Kramer, sbr. 25. tölulið a og b I kafla I. þáttar ákæru.

3. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 880, dagsettur 12. janúar 1961, til Eypórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 3.562.60, undirritaður Charles W. Kramer, framseldur Eypór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 2. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

4. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 899, dagsettur 27. janúar 1961, til Eypórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 2.842.50, undirritaður Charles W. Kramer, framseldur Eypór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 2. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eypór Þórðarson borið um reikninginn í staflíð 2 á þann hátt, að hann hafi ekki undirritað reikninginn. Hann hafi framkvæmt verk þau, sem reikningurinn greinir

frá, sum þeirra með aðstoð. Efnisnotkun sé rétt tilgreind í lið 2 reikningsins. Hann þekki hins vegar ekki rithönd undirskriftanna þriggja á reikningnum. Um tékkana í 3—4, sem eru greiðslutékkar reiknings í staflíð 2, hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að hann þekki ekki rithöndina á framsalinu Eyþór Þórðarson aftan á hvorum tékka fyrir sig og hann fullyrði, að hann hafi ekki ritað framsölin. Síðari framsölin á tékkunum þekki hann sem framsöl meðákærða Jósafats. Hann hafi ekki tekið við tékkaupphæðunum sér tilgreindum úr hendi meðákærða Jósafats.

Í frumframburði ákærða Jósafats fyrir dómi skýrir hann svo frá um reikninginn í lið 2, að hann hafi útbúið alla liði reikningsins samkvæmt skriflegum upplýsingum frá meðákærða Eyþóri um vinnustundafjölda og efnisútreikninga. Hann hafi undirritað sérhvern lið reikningsins í nafni meðákærða Eyþórs. Þrátt fyrir undirritanir sínar með nafni meðákærða Eyþórs þá hafi þeir meðákærði Eyþór deilt með sér hagnaði sérhvers verks, svo sem hann hafi oft bent á. Um tékkana í 3—4 hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá, að hann hafi ritað bæði framsölin á bakhlíð hvors tékka fyrir sig, eða framsölin Eyþór Þórðarson og Jósafat Arngrímsson. Síðar fyrir dómi dró ákærði nokkuð af játningum sínum varðandi gögnin í 2—4 um reikninginn í dskj. 2. Skýrði ákærði Jósafat svo frá, að hann teldi mjög sennilegt, að hann hefði útbúið hina 3 liði reikningsins og hafi hann undirritað einhvern liðinn, hafi hann gert það samkvæmt munnlegri heimild meðákærða Eyþórs. Um tékkana hefur ákærði skýrt svo frá í síðari framburði, að rithönd meðákærða Eyþórs sé ekki á framsölunum með því nafni á tékkunum og hann geti ekki útilokað þann möguleika að hafa framselt tékkana með nafni meðákærða Eyþórs.

Í skýrslu rithandarathugandans um nafnritanir á skjölum í 2—4 hér að framan kemur fram það álit athugandans, að ákærði Jósafat hafi ritað nafn Eyþórs Þórðarsonar á alla hina 3 liði reikningsins í staflíð 2 og einnig framsal hins sama á hvorn tékka fyrir sig. Athugandinn vísar í fyrri greinargerð um nafnritunina Eyþór Þórðarson á skjölin eða greinargerð samkvæmt reikningi í staflíð 1, er fram kom við K.C.O.M. veitingastaðinn.

5. Reikningur til N.C.O. fyrir uppsetningu ljósa samkvæmt tilboði, að upphæð kr. 1.137.00 (\$ 30.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurlugvelli 28. febrúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 28. febrúar

1961 með tékka nr. 958. Reikningurinn er áritaður með nafninu Charles W. Kramer, sbr. 26. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

6. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 958, dagsettur 28. febrúar 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 1.137.00, undirritaður Charles W. Kramer, framseldur nafninu Eyþór Þórðarson, framseldur Jósafat Arngrímsson, sbr. 3. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um reikninginn í staflið 5, að hann fullyrði, að hann hafi ekki undirritað reikninginn. Hann muni til þess, að hann hafi séð um framkvæmd verks þess, er reikningurinn greinir frá. Verkið hafi hann unnið að beiðni meðákærða Jósafats. Hann hafi ekki séð tilboð vegna verksins. Um tékkann í staflið 6, sem er greiðsla reiknings í staflið 5, hefur ákærði Eyþór fyrir dómi fullyrt, að hann hafi ekki ritað framsalið Eyþór Þórðarson aftan á tékkann. Síðara framsalið þekki hann sem framsal meðákærða Jósafats. Hann hafi ekki mótttekið andvirði tékkans sérstaklega.

Í frumframburði sínum fyrir dómi kvaðst ákærði Jósafat hafa ritað meginmál reikningsins í staflið 5, en reikningurinn er handritaður. Hann hafi einnig undirritað reikninginn nafninu Eyþór Þórðarson. Verkið, er reikningurinn greini frá, hafi verið unnið samkvæmt tilboði, vafalaust munnlegu. Um tékkann greindi ákærði Jósafat svo frá við sama tækifæri, að hann hefði ritað bæði framsölin á tékkann, eða framsölin Eyþór Þórðarson og Jósafat Arngrímsson. Síðar fyrir dómi greindi ákærði Jósafat frá því, að hann teldi sig hafa útbúið reikninginn og ef til vill undirritað hann og að ekki væri útilokað, að hann hefði framselt tékkann nafninu Eyþór Þórðarson.

Í skýrslu rithandarathugandans telur athugandinn ákærða Jósafat hafa undirritað reikninginn nafninu Eyþór Þórðarson og framselt tékkann því nafni á undan eigin framsali og vísar í fyrri röksemdir varðandi nafnritanirnar.

7. Reikningur til N.C.O. frá Eyþóri Þórðarsyni fyrir að búa til og setja upp stálkanta á ofn, fyrir viðgerð á hljóðnemum, púðum, rafmagni og læsingu, samtals að upphæð kr. 1.591.80 (\$ 42.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 14. marz 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður C. B. Owens jr., áritaður um greiðslu 16. marz 1961 með tékka nr. 984, sbr. 27. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

8. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 984, dagsettur 16. maí 1961, til Eyþórs Þórðar-

sonar, að upphæð kr. 1.591.80, undirritaður C. B. Owens jr., framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 4. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt frá því varðandi reikninginn, að hann hafi ekki séð hann fyrr. Hann þekki ekki rithöndina undir reikningnum. Hann muni til þess að hafa séð um verk þau, er reikningurinn greini frá. Tékkann í staflíð 8, sem er í samræmi við reikninginn í staflíð 7, kvaðst ákærði Eyþór fyrir dómi ekki hafa séð fyrr. Hann þekki ekki rithöndina á fyrra framsalinu, Eyþór Þórðarson. Síðara framsalið þekki hann sem framsal meðákærða Jósafats. Hann hafi ekki sérstaklega tekið við andvirði tékkans.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá um reikninginn, að hann sé yfir störf, er meðákærði Eyþór sá um, að unnin væru fyrir veitingastaðinn. Hann hafi undirritað reikninginn með nafni Eyþórs. Ákærði Jósafat viðurkenndi þá fyrir dómi að hafa ritað bæði framsölin, eða framsölin Eyþór Þórðarson og Jósafat Arngrímsson, á tékkann í staflíð 8. Ákærði Jósafat dró nokkuð úr skýlausum játningum sínum í frumframburði í framburði fyrir dómi síðar. Hann viðurkenndi þó að hafa útbúið reikninginn í staflíð 7 og ef til vill undirritað hann. Enn fremur, að ef til vill hefði hann framselt tékkann í staflíð 8 nafninu Eyþór Þórðarson.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram sú skoðun hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflíð 7 nafninu Eyþór Þórðarson. Enn fremur, að ákærði Jósafat hafi framselt tékkann í staflíð 8 nafninu Eyþór Þórðarson á undan eigin framsali og vísar í rökstuðning því til stuðnings um sams konar nafnrítanir, er greint hefur verið frá hér að framan.

9. Reikningur til N.C.O. frá Eyþóri Þórðarsyni vegna kæli-vélaþjónustu fyrir marzmánuð 1961, en verðið er samkvæmt munnlegum samningi segir í reikningnum. Reikningsupphæð kr. 2.842.50 (\$ 75.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 31. marz 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður um greiðslu 24. marz 1961 með tékka nr. 998. Reikningurinn er áritaður nafninu C. B. Owens jr., sbr. 28. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

10. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 998, dagsettur 24. marz 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 2.842.50, undirritaður C. B. Owens jr., framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 5. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um reikninginn í staflíð 9, að hann þekki ekki reikning þann. Hann hafi ekki undirritað reikninginn. Á hinn bóginn hafi hann unnið að störfum þeim, er reikningurinn greini frá. Hann kannist ekki við samning vegna starfsins utan þess, að hann hafi unnið starfið að beiðni meðákærða Jósafats. Um tékkann í staflíð 10, sem er greiðsla reiknings í staflíð 9, hefur ákærði Eyþór greint frá fyrir dómi, að hann þekki ekki tékkann. Hann þekki ekki rithöndina á framsalinu Eyþór Þórðarson á tékkanum. Síðara framsalið á tékkanum þekki hann hins vegar sem framsal meðákærða Jósafats.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá í frumframburði sínum, að hann hafi útbúið reikninginn í staflíð 9 og undirritað hann. Reikningurinn hafi verið fyrir frystivélaeftirlit meðákærða Eyþórs fyrir veitingastaðinn. Ákærði Jósafat hefur þá greint frá því, að þeir meðákærði Eyþór hafi skipt til helminga launum vegna frystivélaeftirlitsins í N.C.O. veitingastaðnum eins og í K.C.O.M. veitingastaðnum. Um tékkann í staflíð 10 hefur ákærði Jósafat skýrt frá því, að hann hafi ritað bæði framsölin á tékkann, eða framsölin Eyþór Þórðarson og Jósafat Arngrímsson. Í síðari framburði fyrir dómi hefur ákærði Jósafat nokkuð dregið til baka skýlausar játningar sínar um nafnritunina Eyþór Þórðarson á skjölin í staflíðum 9 og 10. Hins vegar hefur hann viðurkennt að hafa útbúið reikninginn í staflíð 9 og ef til vill undirritað hann nafninu Eyþór Þórðarson. Enn fremur hefur ákærði Jósafat ekki viljað útiloka þann möguleika, að hann hafi framselt tékkann í staflíð 10 nafninu Eyþór Þórðarson.

Í skýrslu rithandarathugandans hefur athugandinn talið það álit sitt, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflíð 9 nafninu Eyþór Þórðarson, enn fremur, að ákærði Jósafat hafi einnig framselt tékkann í staflíð 10 nafninu Eyþór Þórðarson á undan eigin framsali.

11. Reikningur til N.C.O. frá Eyþóri Þórðarsyni fyrir viðgerð á gosdrykkjataeki, viðgerð á púða, varahluti og fleira, samtals að upphæð kr. 1.478.10 (\$ 39.00), undirritaður Eyþór Þórðarson. Þá er handritað á reikninginn fyrir neðan framangreinda nafnritun: Þjónusta í apríl kr. 2.842.50 (\$ 75.00), undirritað Eyþór Þórðarson. Reikningurinn er þá áritaður um greiðslu hinn 21. apríl 1961, tékki nr. 1037. Enn fremur er áritun á reikningnum C. B. Owens jr., sbr. 29. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

12. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express

Company, Inc., nr. 1037, dagsettur 21. apríl 1961 til Eypórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 4.320.60, undirritaður C. B. Owens jr., framseldur Eypór Þórðarson, sbr 6. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eypór skýrt svo frá, að hann þekki ekki rithönd á nafni sínu á reikningnum á þeim 2 stöðum, er sú nafnritun kemur fram. Hann muni til þess að hafa framkvæmt störf þau, er reikningurinn getur um. Um tékkann í staflið 12, sem er greiðsla reiknings í staflið 11, hefur ákærði Eypór fullyrt, að hann hafi ekki ritað framsalið aftan á tékkann. Hann hafi ekki tekið sérstaklega við tékkaupphæðinni.

Ákærði Jósafat hefur í framburði sínum fyrir dómi skýrt svo frá um reikninginn í staflið 11, að hann hafi útbúið reikninginn og undirritað hann bæði fyrri og síðari nafnrituninni. Hann þekki rithönd sína á meginmáli síðari þáttar reikningsins, sem er handritaður. Reikningurinn hafi verið fyrir viðhaldsstörf annars vegar og frystivélaeftirlit hins vegar. Við sama tækifæri viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa ritað framsalið Eypór Þórðarson á bakhlið tékkans í staflið 12. Í síðari framburðum sínum fyrir dómi dró ákærði Jósafat nokkuð úr skýlausum viðurkenningum sínum um nafnritunina Eypór Þórðarson á gögnunum í stafliðum 11 og 12. Ákærði taldi sig þó hafa útbúið reikninginn í staflið 11 og ef til vill undirritað hann og ekki væri útilokað, að hann hefði framselt tékkann í staflið 12.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi ritað nafnið Eypór Þórðarson tvívegis á reikninginn í staflið 11. Enn fremur, að ákærði Jósafat hafi ritað framsalið Eypór Þórðarson á tékkann í staflið 12. Um rökstuðning fyrir því álitu vísar athugandinn til umsagnar um nafnritunina Eypór Þórðarson undir reikning, sem um getur í staflið 1, er framvísað var við K.C.O.M. veitingastaðinn.

13. Reikningur til N.C.O. frá Eypóri Þórðarsyni vegna kæli-vélaþjónustu fyrir septembermánuð 1961, að upphæð kr. 2.675.00 (\$ 62.50). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurlflugvelli 25. september 1961, undirritaður Eypór Þórðarson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 23. september 1961 með tékka nr. 1261. Reikningurinn er þá áritaður nafninu William Mull, sbr. 30. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

14. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 695, dagsettur 28. nóvember 1960, til Eypórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 2.842.50, undirritaður C. W. Kramer,

framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 7. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Um reikninginn í staflíð 13 hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi aldrei fyrr séð reikninginn. Hann þekki ekki rithöndina á nafni sínu undir reikningnum. Hins vegar kannist hann við að hafa framkvæmt þjónustu þá, er reikningurinn kveði um. Hann muni ekki til þess að hafa séð tékka í samræmi við reikninginn. Um tékkann í staflíð 14 hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekki fyrr séð tékkann. Hann þekki ekki framsalið Eyþór Þórðarson á tékkanum. Síðara framsalið þekki hann sem framsal meðákærða Jósafats. Er tékkinn hafi verið gefinn út, hafi hann starfað við frystivélaeftirlit fyrir N.C.O. veitingastaðinn sem starfsmaður meðákærða Jósafats.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá í frumframburði sínum, að hann hafi útbúið reikninginn í staflíð 13 og undirritað hann. Reikningurinn hafi verið fyrir frystivélaeftirlit í veitingastaðnum í septembermánuði 1961. Varðandi tékkann í staflíð 14 hefur ákærði við sama tækifæri skýrt svo frá, að hann hafi ritað bæði framsölin á tékkann, eða framsölin Eyþór Þórðarson og Jósafat Arngrímsson. Síðar fyrir dómi hefur ákærði Jósafat nokkuð dregið úr skýlausum játningum sínum um nafnritun meðákærða Eyþórs Þórðarsonar á reikning í staflíð 13 og tékka í staflíð 14. Varðandi reikninginn hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá, að hann telji sig hafa útbúið reikninginn og ef til vill undirritað hann nafni meðákærða Eyþórs. Varðandi tékkann hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá, að rithönd meðákærða Eyþórs Þórðarsonar sé ekki á fyrra framsali tékkans og geti hann ekki útilokað þann möguleika, að hann hafi framselt tékkann nafni meðákærða Eyþórs þar samkvæmt munnlegri heimild hans.

Í skýrslu rithandaráthugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflíð 13 nafninu Eyþór Þórðarson. Enn fremur, að ákærði Jósafat hafi framselt tékkann í staflíð 14 nafninu Eyþór Þórðarson á undan eigin framsali. Athugandinn hefur vísað til sömu röksemda og um dskj. í staflíðum 11 og 12 hér að framan.

Sannað þykir með skýlausum játningum ákærða Jósafats í frumframburðum fyrir dómi, sem eru og í samræmi við framburði hans um skipti þeirra meðákærða Eyþórs vegna ýmissa verka, er meðákærði Eyþór framkvæmdi, og með vísan í framburði ákærða Eyþórs og með hliðsjón af niðurstöðu rithandar-

athugana, að ákærði Jósafat hafi án heimildar framselt tékkana í staflíðum 1, 3, 4, 6, 8, 10, 12 og 14 hér að framan nafninu Eypór Þórðarson, alla á undan eigin framsali, utan tékkans í staflíð 12, sem einungis er framseldur nafninu Eypór Þórðarson, áður en ákærði fékk alla tékkana innleysta í Sparisjóðnum í Keflavík, en sérhver tékki ber með sér að hafa verið innleystur þar. Með sömu röksemdum þykir sannað, að ákærði Jósafat hafi án heimildar undirritað reikningana í staflíðum 2, 5, 7, 9, 11 og 13 hér að framan með nafninu Eypór Þórðarson og komið reikningunum þannig gerðum á framfæri við bandaríska aðilja, er samkvæmt efni reikninganna gáfu út greiðslutékka vegna þeirra. Þykir ákærði Jósafat með framferði þessu hafa gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

B. *Verktaka við N.C.O. veitingastaðinn í nafninu Ragnar Guðmundsson.*

Nokkur gögn með nafnrituninni Ragnar Guðmundsson varðandi N.C.O. veitingastaðinn hafa orðið ákæruatriði, og verða nú þessi gögn rakin.

1. Reikningur til N.C.O. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir viðgerðir á Friden-reikningsvélum í tveim tilvikum og fyrir aðra viðgerð á skrifstofuvélum, samtals kr. 910.00 (\$ 24.01). Reikningurinn er ódagsettur, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 24. marz 1961 með tékka nr. 996. Reikningurinn er áritaður C. B. Owens jr., sbr. 36. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

2. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 996, dagsettur 24. marz 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 910.00, undirritaðlr C. B. Owens jr., framseldur Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 10. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eypór Þórðarson skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð reikninginn í staflíð 1 fyrr. Hann þekki ekki rithöndina á nafninu Ragnar Guðmundsson. Hann hafi vitað til þess, að viðgerðir fóru fram á margföldunarvélum fyrir N.C.O. veitingastaðinn. Meðákærði Jósafat hafi fengið Hannes Arnórsson skriftvélavirkja frá Reykjavík til að annast um slíkar viðgerðir. Hann hafi ekki séð tékkann í staflíð 2 fyrr. Síðara framsal tékkans þekki hann sem framsal meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum fyrir dómi 6. maí 1964 skýrði ákærði Jósafat svo frá varðandi reikninginn í staflíð 1, að hann hefði

útbúið þann reikning. Hann hafi og undirritað reikninginn nafninu Ragnar Guðmundsson. Nafnið hafi verið tilbúið. Tilgreind vinna hafi verið á reikningnum framkvæmd af Hannesi Arnórssyni skriftvélavirkja. Í sama framburði viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa ritað bæði framsölin á bakhlið tékkans í staflið 2, eða framsölin Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson. Hann hafi fengið andvirði tékkans í hendur, en andvirðið hafi runnið til Hannesar skriftvélavirkja við uppgjör þeirra.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Hannes Arnórsson skriftvélavirki, Klapparstíg 44 hér í borg, og skýrt frá því, að reikningurinn í tölulið 1 hafi ekki stafað frá því. Það hafi jafnan, er það vann fyrir veitingastaði á flugvellinum, stílað reikninga sína beint til veitingastaðanna eða verkfræðingadeildarinnar. Hins vegar aldrei persónulega á ákærða Jósafat eða Eypór. Ákærði Jósafat hafi hins vegar séð um að greiða því. Greiðsla til þess hafi jafnan farið fram í tékkum, og minnir vitnið fastlega, að tékkarnir hafi verið útgefnir af bandarískum aðiljum og stílaðir á vitnið. Vitnið hefur ekki getað um það borið, hvort það hafi unnið að tilgreindum viðgerðum í reikningnum í staflið 1.

Að beiðni verjanda síns kom ákærði Jósafat að nýju fyrir dóm hinn 8. október s.l. vegna gagna þessara. Þá taldi ákærði Jósafat sennilegt, að hann hefði útbúið reikninginn, en taldi útilokað, að hann hefði undirritað hann. Nafnið Ragnar Guðmundsson væri tilbúið nafn. Ekki kvaðst ákærði Jósafat geta greint frá því, hver undirritaði reikninginn því nafni. Hinn 11. október s.l. bar ákærði um tékkann í tölulið 2 fyrir dómi og þekkti þar síðara framsal á tékkanum sem eigið framsal, en taldi útilokað, að hann hefði ritað fyrra framsalið, eða framsalið Ragnar Guðmundsson.

Í skýrslu rithandarathugandans segir meðal annars svo um nafnritunina Ragnar Guðmundsson á reikningnum: „Tel Jósafat tvímælalaust hafa ritað nafnið Ragnar Guðmundsson á dskj. Hér er um að ræða ófrábrugðna stafagerð með mismunandi halla“. „Stafagerðin öll hin sama og á rithandarsýnishornum hans, aðeins annar halli“. Um framsölin á tékkanum telur athugandinn ákærða Jósafat hafa ritað bæði framsölin og vísar í sama rökstuðning og um nafnritunina undir reikningnum staflið 1.

3. Reikningur til N.C.O. frá Ragnari Guðmundssyni vegna viðgerða á húsgögnum, vinnulaun 5 trésmíða 21. og 22. apríl, vinnulaun 2 trésmíða 23. apríl og vinnulaun 6 trésmíða 24. apríl, samtals 141 klukkustund. Vinna \$ 2.00 á klst., 141 klst.,

samtals \$ 282.00, kr. 10.687.80. Þá er tilgreint efni, timbur, vírnet, skrufur, lím og annað efni auk flutnings. Heildarupphæð reikningsins er kr. 12.601.75 (\$ 332.50). Eftirfarandi áritun er á reikningnum: „Ofangreindur reikningur er fyrir að gera við og herða öll húsgögn í danssal og matsal, skipta um skrufur og líma saman, einnig fyrir að setja vírvegg ofan á vegginn í bingo-herberginu og annað smávegis“. Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 25. apríl 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 25. apríl með tékka nr. 1040. Reikningurinn er enn fremur áritaður C. B. Owens jr., sbr. 37. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

4. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 1040, dagsettur 25. apríl 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 12.601.75, undirritaður C. B. Owens jr. Tékkinn er framseldur nafninu Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 11. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

5. Reikningur til N.C.O. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir viðgerð á húsgögnum samkvæmt beiðni gæzlumanns. Laun 5 trésmiða dagana 25., 26., 27. og 28. apríl, samtals 126 klst. á \$ 2.00 pr. klst. Þá er tilgreint efni, flutningur, samtals að upphæð kr. 10.915.20 (\$ 288.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 28. apríl 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 30. apríl 1961 með tékka nr. 1050. Reikningurinn er áritaður C. W. Kramer, sbr. 38. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

6. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 1050, dagsettur 30. apríl 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 10.915.20, undirritaður Charles W. Kramer, framseldur Ragnar Guðmundsson, framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson, sbr. 12. t. B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór Þórðarson borið um skjölin í staflíðum 3—6. Um reikningana í staflíðum 3 og 5 hefur ákærði Eyþór borið á þann hátt, að hann hafi ekki séð reikningana utan dóms. Hann viti ekki, hver undirritað hafi reikningana. Hann muni hins vegar eftir tilgreindu verki í reikningunum. Aðalverkið hafi verið viðgerð á borðum og stólum. Einnig hafi verið þiljuð geymsluherbergi. Að beiðni meðákærða Jósafats hafi hann útvegað trésmiði til að vinna að verki þessu. Hann hafi haft verkumsjón og séð um efnisútleitu. Fyrir trésmiðunum hafi verið maður að nafni Ingólfur Guðbjörnsson. Ákærði Eyþór fullyrti, að enginn af trésmiðunum hefði borið nafnið Ragnar

Guðmundsson. Hann telji mjög líklegt, að hann hafi séð um greiðslur til trésmiðanna vegna verksins, en smiðunum hafi verið greitt í kringum kr. 40.00 á klst. Ákærði Eypór kvaðst ekki hafa séð tékkana í staflíðum 4 og 6 utan dómsins. Rithöndina á framsölunum Ragnar Guðmundsson kvaðst hann ekki þekkja. Síðari framsölin kvaðst hann þekkja sem framsöl meðákærða Jósafats.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni vegna gagna þessara Ingólfur Tryggvi Guðbjörnsson, til heimilis að Vesturgötu 36 B í Reykjavík. Vitnið hefur skýrt svo frá, að samkvæmt beiðni ákærða Eypórs hafi það ásamt nokkrum félögum þess snemma árs 1961 unnið að viðhaldsstörfum fyrir N.C.O. veitingastaðinn, endurbótum á borðum og stólum. Ákærði Eypór hafi haft verksins umsjón með höndum og útvegað efni. Umsamið tímakaup vegna verksins hafi verið kr. 35.00 eða kr. 40.00 á klst. Endurgjald fyrir vinnuna hafi verið greitt í reiðufé við verklok. Vitnið minnir, að ákærði Eypór hafi greitt þeim kaupíð. Reikningar voru ekki skrifaðir, heldur einungis uppgefinn vinnustundafjöldi hvers aðilja fyrir sig. Vitnið hefur rakið, hvaða aðiljar unnu að störfunum með því og hefur skýrt frá því, að það myndi ekki til þess, að nokkur að nafni Ragnar Guðmundsson hafi unnið að verkinu. Er vitnið sá í dóminum reikningana í staflíðum 3 og 5, taldi það þá vera tvímælalaust yfir viðhaldsstörfin í N.C.O. veitingastaðnum, er það vann að á árinu 1961, enda hafi ekki verið um önnur viðhaldsstörf á húsgögnum að ræða en þau við veitingastaðinn. Vitnið kvaðst ekki vita, hver útbúið hefði reikningana né vita hver hefði undirritað þá.

Í frumframburði sínum fyrir dómi skýrði ákærði Jósafat svo frá hinn 5. maí 1964 vegna reikninganna í staflíðum 3 og 5: Hann hafi útbúið báða reikningana og undirritað þá nafninu Ragnar Guðmundsson. Nafnið hafi verið tilbúið. Verkið, sem reikningarnir hljóða um, viðgerð á húsgögnum og fleira, hafi verið unnið. Meðákærði Eypór hafi séð um framkvæmd verksins og ráðið menn til að starfa að því. Han hafi útbúið reikningana samkvæmt skriflegum upplýsingum Eypórs um vinnustundafjölda og tölu verkamanna auk efnis. Hann hafi útvegað verk þetta. Töluverður hagnaður hafi orðið af verkinu, enda að verulegustu leyti um selda vinnu að ræða. Hagnaðinum hafi verið skipt á milli þeirra meðákærða Eypórs, svo sem áður hefur verið rætt um. Varðandi tékkann í staflíð 4 kvaðst ákærði við sama tækifæri hafa ritað bæði framsölin á bakhlið tékkans, eða framsölin

Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Varðandi tékkann í staflið 6 skýrði ákærði Jósafat svo frá við sama tækifæri, að hann hefði ritað bæði framsölin á bakhlið tékkans, eða framsölin Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Fyrir dómi hinn 8. október s.l. bar ákærði Jósafat svo um reikningana í stafliðum 3 og 5, að hann teldi mjög sennilegt, að hann hefði útbúið þá, en kvaðst hins vegar ekki hafa undirritað þá og gat ekki greint frá því, hver undirritað hefði hið tilbúna nafn á reikningana. Fyrir dómi hinn 11. október s.l. taldi ákærði útilokað, að hann hefði ritað fyrri framsölin, eða framsölin Ragnar Guðmundsson á tékkana í stafliðum 4 og 6 hér að framan. Síðari framsölin þekkti hann sem eigin framsöl.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram sú skoðun hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikningana í stafliðum 3 og 5 nafninu Ragnar Guðmundsson. Enn fremur, að ákærði Jósafat hafi ritað framsölin Ragnar Guðmundsson á tékkana í stafliðum 4 og 6. Um rökstuðning fyrir því álit athugandans vísast til rökstuðnings um sömu nafnritanir í stafliðum 1 og 2 hér að framan.

7. Reikningur til N.C.O., með textanum peningaskúffur fyrir bandaríska mynt, kr. 1.284.00 (§ 30.00), undirritaður Ragnar Guðmundsson, áritaður um greiðslu 23. september 1961, tékki nr. 1260, áritaður nafninu William Mull. Reikningur þessi er handritaður, sbr. 39. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að hann hafi ekki áður séð reikninginn og viti ekki, hver hafi undirritað hann. Hins vegar muni hann til þess að hafa séð um það verk, er reikningurinn fjallar um, að beiðni meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum fyrir dómi um reikning þennan hefur ákærði Jósafat viðurkennt hinn 5. maí 1964 að hafa ritað meginmál reikningsins og einnig að hafa undirritað hann. Meðákærði Eyþór hafi séð um það, að verk það, er reikningurinn fjallar um, hafi verið unnið. Fyrir dómi hinn 8. október s.l. dró ákærði Jósafat nokkuð af skýlausri játningu sinni um nafnritunina Ragnar Guðmundsson á reikninginn. Þá skýrði ákærði svo frá, að hann hefði útbúið reikninginn. Hins vegar vilji hann ekki útiloka þann möguleika, að hann hafi undirritað reikninginn Ragnar Guðmundsson. Um það geti hann ekki fullyrt.

Í skýrslu um rithandarskoðun er það álit athugandans, að ákærði Jósafat hafi tvímælalaust undirritað reikninginn Ragnar

Guðmundsson, og vísast til fyrri röksemda athugandans varðandi það álit.

Með skýlausum játningum ákærða um nafnritanirnar Ragnar Guðmundsson undir reikningana í staflíðum 1, 3, 5 og 7 hér að framan og um sömu nafnritun sem framsöl tékka í staflíðum 2, 4 og 6 hér að framan, sem studdar eru framburðum ákærða Jósafats um skjalagerð vegna ýmissa smáverka við N.C.O. veitingastaðinn, og með hliðsjón af framburði meðákærða Eypórs, framburðum vitnanna Hannesar Arnórssonar og Ingólfs Guðbjörns-sonar og samkvæmt niðurstöðu rithandarathugandans þykir sann- að, að ákærði Jósafat hafi ritað nafnið Ragnar Guðmundsson undir framangreinda reikninga og komið þeim þannig á fram- færi við bandaríska aðilja, en reikningarnir bera allir með sér að hafa verið notaðir í viðskiptum. Enn fremur þykir санаð, að ákærði Jósafat hafi ritað nafnið Ragnar Guðmundsson sem fram- sal á tékka þá, er raktir hafa verið, á undan eigin framsali og þannig framvísað tékkunum til greiðslu í Sparisjóðnum í Kefla- vík, en tékkarnir bera allir með sér að hafa verið innleystir þar, enda þykir afturhvarf ákærða frá fyrri játningum ekki geta breytt sönnunarmati dómsins. Með framangreindu atferli þykir ákærði Jósafat hafa gerzt sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

## V.

*Verktökur við A.F.O.M. veitingastaðinn á Keflavíkurlflugvelli.*

A. Nokkur gögn hafa orðið efni ákæru vegna verktöku við nefndan veitingastað. Fyrst verður vikið að verktöku í nafni Eypórs Þórðarsonar og Þórarins Eyjólfssonar.

Gögn þau, er orðið hafa liðir ákæru vegna síðastnefndrar verk- töku, verða nú rakin:

1. Reikningur til A.F.O.M. frá Eypóri Þórðarsyni í tveim liðum. Fyrri liður fyrir að festa niður gólfskilrúm auk efnis og minni háttar viðgerðarstarfa, samtals að upphæð kr. 1.445.08 (\$ 36.40), dagsettur á Keflavíkurlflugvelli 13. janúar 1961, undir- ritaður Eypór Þórðarson. Áritaður um greiðslu 17. janúar 1961 með tékka nr. 564. Áritaður um samþykki C. Wourl. Síðari liður fyrir vinnu rörlagningamanna auk ferðakostnaðar, að upphæð kr. 3.550.00 (\$ 93.67), dagsettur 22. janúar 1961, undirritaður Eypór Þórðarson, áritaður um greiðslu 26. janúar 1961 með tékka nr. 573, sbr. 31. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

2. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 564, dagsettur 17. janúar 1961, til Eypórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 1.445.08, undirritaður Graham Keesee, framseldur Eypór Þórðarson, framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson, sbr. 8. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eypór skýrt svo frá um reikninginn í staflið 1, að hann hafi ekki séð hann utan dóms og hvorugan liðinn undirritað. Hann muni hins vegar til þess að hafa unnið verk þau, er reikningurinn greinir frá. Um tékkann í staflið 2, sem er greiðsla á staflið 1 reikningsins, hefur ákærði Eypór skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð tékkann utan dóms og þekki ekki rithöndina á fyrra framsali tékkans. Síðara framsalið þekki hann sem framsal meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum hinn 5. maí 1964 hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá um reikninginn í staflið 1, að hann hafi útbúið lið 1 reikningsins og að hann hafi undirritað liðinn. Hins vegar hafi hann ekki séð lið 2 reikningsins utan dómsins. Hann telji útilokað, að meðákærði Eypór hafi ritað lið 2 reikningsins. Hann viti ekki, hver hafi ritað liðinn. Hann telji sennilegt, að reikningsliðurinn sé gerður í bókhaldsmiðstöðinni að beiðni þess aðilja, er samþykkt hefur reikninginn fyrir hönd A.F.O.M.

Bókhaldsmiðstöðin hafi því útbúið liðinn sem nauðsynlegt fylgiskjal reikningsins, er þegar var samþykktur. Við sama tækifæri viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa ritað bæði framsölin á bakhlið tékkans í staflið 2, eða framsölin Eypór Þórðarson og Jósafat Arngrímsson. Fyrir dómi í október s.l. dró ákærði Jósafat nokkuð af skýlausum játningum sínum um nafnritunina Eypór Þórðarson á skjölunum í 1 og 2 hér að framan. Ákærði skýrði þá svo frá, að hann hefði útbúið reikninginn í staflið 1 og ef til vill undirritað hann, og ekki vildi ákærði útiloka þann möguleika, að hann hefði framselt tékkann í staflið 2 nafninu Eypór Þórðarson.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað lið 1 reikningsins nafninu Eypór Þórðarson. Enn fremur, að ákærði Jósafat hafi framselt tékkann í staflið 2 sama nafni. Um röksemdir athugandans vísast til fyrri athugasemda um nafnritunina Eypór Þórðarson. Um lið 2 í reikningnum í staflið 1 segir svo í skýrslu athugandans: „Nokkrir drættir líkir og í rithönd Jósafats. Gæti verið stæling og rituð af óþekktum aðilja“. Tékki í staflið 2 sem og aðrir tékkar, er um verður fjallað í þessum kafla, eru sagðir í ákæru útgefnir af

Custodian N.C.O. Open Mess, eða N.C.O. veitingastaðnum, á reikningi 102 við The American Express Company, Inc. Það er rangt. Tékkarnir í kafla þessum eru allir gefnir út af Custodian Armed Forces Open Mess, eða A.F.O.M. veitingastaðnum, á reikning nr. 122 við nefndan banka. Að öðru leyti er tékkunum rétt lýst í ákæru, svo sem um dagsetningar, hverjum þeir eiga að greiðast, upphæðir, undirritanir og framsöl. Dómurinn telur framangreinda skekkju í ákæru eigi geta orðið til þess að vísa frá þeim ákæruliðum, er umgetin skekkja kemur fram í, samkvæmt því, sem greint hefur verið frá um gögnin. Verjendur reifuðu ekki málið með tilliti til frávísunar af þessum sökum.

Með játningu ákærða Jósafats í frumframburði hans fyrir dómi um gögn í 1 og 2 hér að framan, er studd þykir og almennum framburði ákærða um hátt skjalagerðar við A.F.O.M. veitingastaðinn, og með hliðsjón af framburði meðákærða Eypórs og niðurstöðu rithandarathugunar þykir sannað, að ákærði Jósafat hafi ritað nafnið Eypór Þórðarson undir lið 1 reiknings í staflið 1 hér að framan og framvísað reikningunum þannig við bandaríska aðilja og enn fremur, að ákærði Jósafat hafi ritað framsal á tékkann í staflið 2, eða framsalið Eypór Þórðarson, á undan eigin framsali og þannig fengið tékkann greiddan í Sparisjóði Keflavíkur, svo sem tékkinn ber með sér. Þykir ákærði með því atferli hafa gerzt segur um brot á 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga. Á hinn bóginn, svo sem rakið hefur verið hér að framan, þykir ekki komin fram sönnun þess, að ákærði Jósafat hafi ritað nafnið Eypór Þórðarson undir lið 2 reikningsins í staflið 1 hér að framan né komið þeim reikningslið á framfæri, og ber að sýkna ákærða Jósafat af því ákæruatriði.

3. Vinnutilboð til A.F.O.M. frá Eypóri Þórðarsyni og Þórarni Eyjólfssyni. Tilboðið hljóðar svo: „Við gerum hér með eftirfarandi tilboð í að þekja veggi danssalar A.F.O.M., eins og hér segir: Öll tjöld fjarlægð úr danssal. 2. Sett upp grind, aðallega úr 2×4 þuml. timbri á allan vegginn frá gólfi til lofts. 3. Masonitplötur settar á grind frá gólfi til lofts. 4. Harðviðarplötur settar á masonitplöturnar í allt að fjögurra feta hæð. Velja má um harðviðartegundir: Mahogny, teak og birki. Timburspjöld (um 5 fet á hæð) sett á efri helming og málað skraut samkvæmt hjálagðri teikningu. 6. Allar rafleiðslur framlengdar, eins og á þarf að halda. Lengd eins veggjar um 67 fet og hins um 25 fet. Hæð um 10 fet. Tilboð í alla vinnuna samtals kr. 99.298.00 (\$ 2.620.00).

Allar ofangreindar greinar má ræða nánar. Keflavíkurflugvelli 3. maí 1961. Virðingarfyllt“, undirskrift Eyþór Þórðarson, Þórarinn Eyjólfsson, sbr. 32. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

4. Samningur í tvíriti, sem hér segir: „Við undirritaðir Graham Keesee, ritari og gæzlumaður A.F.O.M., og Eyþór Þórðarson og Þórarinn Eyjólfsson gerum með okkur svofelldan

s a m n i n g :

1. Eyþór Þórðarson og Þórarinn Eyjólfsson munu framkvæma allar breytingar í danssal A.F.O.M., eins og lýst er í fyrra vinnutilboði og samkvæmt teikningu 101 A 211, dagsett 25. júlí 1961, frá verkfræðingadeildinni A.I.O.
2. Vinnutilboð þetta og samningur fela í sér öll atriði í sambandi við vinnuna: Vinnu, efni, tæki, tryggingar, flutning, máltíðir og hvað annað, sem er og vera kann í sambandi við vinnuna.
3. Verki þessu ber að ljúka eigi síðar en 31. ágúst 1961.
4. Upphæð sú, er báðir aðiljar fallast á fyrir ofangreinda vinnu, er \$ 2.620.00 — Tvö þúsund sex hundruð og tuttugu dollarar 00/100 —.
5. Við undirskrift sammings þessa öðlast verktaki rétt til 25% hinnar samanlögðu upphæðar sem hlutagreiðslu fyrir efni, sem þegar hefur verið keypt.
6. Afgangurinn greiðist eftir því sem verki miðar áfram á hverjum tíma.

Keflavíkurflugvelli, 3. ágúst 1961.

Graham Keesee, ritari og gæzlumaður.

Eyþór Þórðarson.

Þórarinn Eyjólfsson.“

Áritun er á öðru eintaki sammingsins um greiðslu með tékka nr. 194, 3. ágúst 1961, sbr. 33. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

5. Reikningur í 3 liðum, 1. liður til A.F.O.M. Greiðslubeiðni um hlutagreiðslu fyrir endurnýjun veggja í danssal, kr. 42.800.00 (\$ 1.000.00), dagsett á Keflavíkurflugvelli 16. ágúst 1961, undirrituð Eyþór Þórðarson, árituð um greiðslu 15. ágúst 1961 með tékka nr. 211, enn fremur árituð nafninu Graham Keesee. Liður 2, greiðslubeiðni til A.F.O.M. vegna byggingar veggja í danssal, kr. 42.800.00 (\$ 1.000.00), dagsett á Keflavíkurflugvelli 15. ágúst 1961, undirrituð Eyþór Þórðarson, árituð um greiðslu 15. ágúst 1961, tékki nr. 211. 3. liður, reikningur til A.F.O.M. frá Þórnari Eyjólfssyni. Beiðni um endanlega greiðslu vegna byggingar veggja í danssal samkvæmt fyrri samningi. Fyrri greiðslur \$ 1.642.52,

samningur \$ 2.620.00, eftirstöðvar kr. 41.836.00 (\$ 977.48), dagsettur á Keflavíkurflugvelli 31. ágúst 1961, undirritaður Þórarinn Eyjólfsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 31. ágúst 1961 með tékka nr. 238, sbr. 34. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

6. 2 Tékkar. Fyrri tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 194, dagsettur 3. ágúst 1961, til Eypórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 27.500.00, undirritaður Graham Keese, framseldur Eypór Þórðarson, framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 211, dagsettur 15. ágúst 1961, til Eypórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 42.800.00, undirritaður Graham Keese, framseldur nafninu Eypór Þórðarson, framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson, sbr. 9. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

7. Reikningur til A.F.O.M. frá Þórarni Eyjólfssyni. Efnisreikningur um 40 fet af flísum í snyrtiklefa kvenna auk flutningskostnaðar, samtals kr. 3.650.00 (\$ 96.31). Reikningurinn er undirritaður Þórarinn Eyjólfsson. Reikningurinn er dagsettur 20. febrúar 1961. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 22. febrúar 1961 með tékka nr. 11. Reikningurinn er handritaður, sbr. 35. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

Svo sem gögnin í staflið 3—6 bera með sér, eru þau öll gerð vegna endurbóta á danssal A.F.O.M. Um verk þetta verða nú raktir framburðir ákærðu og vitnis.

Ákærði Eypór skýrði svo frá verki þessu fyrir dómi hinn 18. febrúar 1964, að meðákærði Jósafat hefði tjáð sér á sínum tíma, að hann hafi verið beðinn um að annast um endurbætur í A.F.O.M. veitingastaðnum. Meðákærði Jósafat hefði beðið sig að útvega iðnaðarmenn til að vinna að endurbótunum. Hann hafi ráðið til starfans Þórarinn Eyjólfsson, trésmíðameistara í Keflavík. Þórarinn hafi unnið að verkinu ásamt aðstoðarmönnum sínum. Verkið hafi verið í því fólgið að þilja útveggi samkomusalar veitingastaðarins. Hann hafi haft með efnisútvegum vegna verksins að gera og litið til með iðnaðarmönnum, en meðákærði Jósafat hafi séð um fjármálahlíðina á allan hátt. Meðákærði Jósafat hafi greitt honum vinnulaun vegna verksins og enn fremur ágóðahluta. Hann hafi fengið sennilega kr. 5—10.000.00 vegna verksins.

Ákærði Jósafat skýrði svo frá verki þessu hinn sama dag fyrir dómi, að meðákærði Eypór hefði unnið að verkinu fyrir veitingastaðinn vegna ábendinga hans. Hann muni með vissu, að hann hafi útbúið skjöl vegna verksins, en telji ósennilegt, að hann hafi

annazt um fjármálin þar. Hann vilji þó ekki útiloka, að svo hafi verið.

Fyrir dómi hinn 28. apríl 1964 var ákærða Eypóri sýnd gögnin í staflíðum 3—6 hér að framan. Um gögnin skýrði ákærði Eypór svo frá, að hann hefði þá aldrei séð tilboðið í staflíð 3 og því ekki undirritað það. Samninginn í staflíð 4 hafi hann þá aldrei fyrr séð, en samningurinn sé þó í samræmi við verk það, er unnið var í A.F.O.M. veitingastaðnum og hann sá um fyrir meðákærða Jósafat. Hann viti ekki, hver ritað hafi nafnið Eypór Þórðarson undir samninginn. Hann hafi ekki haft vitneskju um það, að hann væri skráður fyrir verki þessu fyrr en í ársbyrjun 1962, er meðákærði Jósafat hefði skýrt honum frá, að hann væri skráður fyrir einhverjum hluta verksins í sambandi við skattframtöl, er meðákærði Jósafat sá um fyrir hann. Engan lið reikningsins í staflíð 5 kvaðst ákærði Eypór þá hafa séð áður. Hann þekkti ekki rithöndina á eigin nafni í liðum 1—2 né rithöndina undir lið 3. Um tékkana í staflíð 6 skýrði ákærði Eypór svo frá, að hann þekkti ekki framsalið Eypór Þórðarson aftan á tékkunum. Síðari framsölin á hvorum tékka fyrir sig þekkti hann sem framsöl meðákærða Jósafats. Hann telji útilokað, að hann hafi tekið við andvirði tékkanna úr hendi meðákærða Jósafats. Hann hafi ekkert greitt vegna verksins utan greiðslu til Þórarins Eyjólfsssonar nema smáræði eitt. En fram hefur komið í málinu tékki A.F.O.M. á sama reikning, dagsettur 31. ágúst, til Eypórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 41.836.14, undirritaður Graham Kee-see, framseldur Eypór Þórðarson, framseldur að nýju Þórarinn Eyjólfs-son. Ákærði Eypór hefur þekkt framsal sitt aftan á tékkanum og hefur talið, að hann hafi afhent Þórarni Eyjólfs-syni tékkann sem greiðslu vegna verksins í A.F.O.M. veitingastaðnum.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Þórarinn Eyjólfs-son, hús-gagna- og húsasmiður, til heimilis að Hringbraut 71 í Keflavík, og bar vitnið fyrst um áðurnefnt verk hinn 4. febrúar 1964. Vitnið kvaðst þá muna eftir því að hafa klætt vegg með gipsonit og mahogny í veitingastað á flugvelli-num, er það kunni þá ekki að nefna. Verkið hefði það unnið við annan mann og fengið í kringum kr. 30.000.00 greiðslu fyrir það. Fyrir dómi 29. apríl 1964 bar vitnið að nýju um verk þetta og skýrði þá svo frá, að það hefði gert munnlegt tilboð í verkið, það er að segja allt tré-verk, við þá ákærðu Eypór og Jósafat. Tilboðið hafi verið sett fram á þann hátt, að það legði til allt efni, sem og varð. Vitnið

fullyrti, að það hefði hvorki ritað tilboð í verkið né ritað undir samning vegna þess. Um skjölin í 3—6 hefur vitnið skýrt svo frá, að það hafi aldrei sé tilboðið í staflíð 3 og þekki ekki rithandirnar á undirritunum þar. Við athugun á tilboðinu skýrði vitnið svo frá, að það fjallaði að mestu um verk það, er það vann fyrir A.F.O.M. veitingastaðinn, við að þilja þar vegg og fleira. Vitnið kvaðst þá aldrei fyrr hafa séð samninginn í staflíð 4 hér að framan og að það þekki ekki undirritanir undir samningnum. Vitnið kvaðst þá aldrei hafa séð hina 3 liði reikningsins samkvæmt staflíð 5 hér að framan, hvorki þann lið, er undirritaður er nafni vitnisins, né liðina, undirritaða með nafninu Eypór Þórðarson. Það hafi ekki orðið vart við neina skjalagerð vegna verksins við veitingastaðinn. Varðandi tékka þann, er um getur í framburði ákærða Eypórs hér að framan, að upphæð kr. 41.836.14, hefur vitnið þekkt síðara framsalið á tékkanum sem eigið framsal þess. Vitnið telur, að það hafi fengið tékkann sem greiðslu vegna verksins, enda þótt því finnist tékkaupphæðin full há miðað við verkið, en innifalið í tékkaupphæðinni gæti þá verið endurgjald vegna smáverka, er það hafði þá unnið fyrir þá ákærða Jósafat og ákærða Eypór annars staðar.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá um gögnin í staflíðum 3—5 hinn 5. maí 1964: Hann hafi samið tilboðið í staflíð 3. Hann hafi einnig undirritað tilboðið nöfnunum Eypór Þórðarson og Þórarinn Eyjólfsson. Tildrög að því hafi verið þau, að einhvern tíma, nokkru áður en tilboðið er dagsett, hafi framkvæmdastjóri A.F.O.M. veitingastaðarins, Keesee að nafni, komið að máli við sig og óskað þess, að hann sæi um allverulegar endurbætur á veitingastaðnum. Hann hafi sett sig í samband við meðákærða Eypór og hafi meðákærði Eypór gert athuganir á því, hve dýrt yrði að endurbæta veitingastaðinn, eins og óskað var eftir. Þeir meðákærði Eypór hafi síðan gert í sameiningu kostnaðaráætlun verksins í heild, byggða að mestu á athugunum Eypórs. Samkomulag hafi orðið á milli þeirra meðákærða Eypórs að leggja inn tilboð í verkið á tæpar kr. 100.000.00, og reiknuðu þeir þá meðákærði Eypór með því að hafa nokkurn hagnað af verkinu. Hann hafi séð um að útbúa tilboðið, eins og fram er komið, en meðákærða Eypóri hafi verið kunnugt um upphæð tilboðsins og verklýsingu. Meðákærði Eypór hafi þó ekki vitað, í hvers konar formi hann hafi gert tilboðið. Hann hafi sjálfur komið því á framfæri. Meðákærða Eypóri hafi verið um það kunnugt, að tilboðið yrði sett fram að einhverju leyti í

nafni Þórarins Eyjólfssonar trésmíðameistara, en meðákærði Eyþór hafi fengið Þórarinn til að vinna að verkinu. Þórarinn sjálfur hafi hins vegar ekkert vitað um tilboðsgjöfina til A.F.O.M. Hann hafi útbúið samninginn í staflíð 4 og undirritað bæði eintökin nöfnunum Eyþór Þórðarson og Þórarinn Eyjólfsson. Hins vegar hafi Graham Keesee framkvæmdastjóri sjálfur undirritað bæði eintökin eigin nafni. Tildrög að því, að samningurinn hafi verið gerður, hafi verið þau, að eftir viðhlítandi leyfi hafi stjórn A.F.O.M. veitingastaðarins samþykkt að ganga að tilboðinu í staflíð 3. Ákveðið hafi verið að gera samning um verkið. Hann hafi útbúið samninginn í samræmi við tilboðið, vafalaust án þess að hafa aðra með í ráðum. Hann hafi undirritað samninginn fyrir hönd Íslendinganna. Hann kunnir nú ekki að greina frá því, hvar sú undirritun fór fram eða hvort Keesee framkvæmdastjóri var viðstaddur eða ekki. Hann muni ekki að greina frá því, hvort Keesee ritaði undir samninginn á undan eða eftir honum. Þórarinn Eyjólfsson hafi ekkert vitað um gerð samningsins frekar en aðra skjalagerð vegna verksins. Hann muni, að hann hafi skýrt meðákærða Eyþóri frá því um þetta leyti, að tilboð vegna verksins hefði verið samþykkt og samningar þar um hefðu þegar verið undirritaðir. Um reikninginn í staflíð 3 skýrði ákærði Jósafat frá við sama tækifæri, að hann hefði útbúið alla liði reikningsins og undirritað þá nöfnum Eyþórs og Þórarins. Reikningurinn hafi verið í samræmi við tilboðið og samninginn, en þó orðið gengisbreyting, frá því að þau gögn voru gerð og þar til reikningurinn var ritaður. Ákærði Jósafat taldi þá mjög sennilegt, að meðákærði Eyþór hefði greitt Þórarni með tékka þeim, er um getur hér að framan, að upphæð kr. 41.836.14 bæði fyrir störf Þórarins vegna verksins eða tréverksins og efnis í því sambandi. Um tékkana í staflíð 6 viðurkenndi ákærði að hafa framselt hvorn tékka fyrir sig með nafninu Eyþór Þórðarson á undan eigin framsali.

Fyrir dómi hefur Áki Guðni Gränz málaramestari, sem er ákærður í máli þessu, skýrt svo frá, að hann hafi annazt um málningarstörf vegna endurbóta þeirra, er gerðar voru í A.F.O.M. veitingastaðnum og dskj. 3—6 greina frá. Hann hafi þar unnið sjálfur að verkinu ásamt mönnum sínum og fengið sem endurgjald fyrir vinnuna kr. 15.000.00. Hann haldi bókhald um starfsemi sína og sé upphæðin samkvæmt því bókhaldi. Ákærði Jósafat hefur ekki viljað mótmæla þessum framburði Áka. Ákærði Jósafat hefur skýrt frá því, að nokkur hagnaður hafi verið vegna verks-

ins um endurbæturnar, eða allt að því um 25—30% af samningsupphæðinni.

Fyrir dómi í október 1965 breytti ákærði Jósafat nokkuð framburðum sínum varðandi gögnin, er rakin hafa verið í staflíðum 3—6 hér að framan. Um tilboðið í staflíð 3 taldi ákærði útilokað, að hann hefði ritað nafn meðákærða Eyþórs undir það. Hann taldi stafagerð á nafni Þórarins Eyjólfssonar þar líka eigin stafagerð. Ekki kvaðst hann þó muna til þess að hafa undirritað skjalið með nafni Þórarins. Um samninginn í staflíð 4 kvaðst ákærði Jósafat ekki kannast við undirritanirnar þar, en vildi ekki útiloka, að hann hefði útbúið samninginn. Varðandi reikninginn í staflíð 5 kvaðst ákærði Jósafat ekki hafa ritað undir lið 3 reikningsins. Hins vegar kunni hann að hafa ritað undir liði 1 og 2 án þess að þekkja það nú. Um tékkana í staflíð 6 skýrði ákærði Jósafat þá frá, að rithönd meðákærða Eyþórs væri ekki á framsölum tékkanna, og ekki gæti hann útilokað þann möguleika, að hann hefði framselt tékkana nafni Eyþórs, þá samkvæmt munnlegri heimild meðákærða Eyþórs.

Í skýrslu um rithandarathugun segir svo um tilboðið staflíð 3: „Tel Jósafat hafa undirritað dskj. báðum nöfnum“. Um nafnið Eyþór Þórðarson vísar athugandinn til eldri umsagnar. Svo segir orðrétt í skýrslunni: „Nafnið Þórarinn Eyjólfsson tel ég vera með óbreyttri rithendi Jósafats“. Um samninginn í tölulið 4 segir svo í sömu skýrslu: „Sama að segja og um dskj. 116 (tilboðið í staflíð 3) varðandi nafnritanirnar Eyþór Þórðarson og Þórarinn Eyjólfsson. Rithönd á nafninu Graham Keesee óþekkt“. Um reikninginn í staflíð 5 segir svo í skýrslunni: „Tel Jósafat hafa ritað lið 1 og lið 2 nafninu Eyþór Þórðarson og vísa í umsögn um dskj. 84 (umsögn þessi er þegar fram komin). Undirskrift Graham Keesee í lið 1 með óþekkttri rithendi. Lið 3 tel ég Jósafat hafa undirritað Þórarinn Eyjólfsson. Tvímælalaust um stafagerð hans að ræða með breyttum halla“.

Með játningum ákærða Jósafats í frumframburðum hans, sem eru í samræmi við aðra framburði hans í málinu um framkvæmd verka, og með hliðsjón af framburði meðákærða Eyþórs og vitnisins Þórarins Eyjólfssonar og með vísan til niðurstöðu rithandarathugana þykir vera komin fram sönnun þess, að ákærði Jósafat hafi undirritað tilboðið í staflíð 3 nöfnunum Eyþór Þórðarson, Þórarinn Eyjólfsson, samninginn í staflíð 4 nöfnunum Eyþór Þórarinsson og Þórarinn Eyjólfsson á báðum samningum, að hann hafi ritað nafnið Eyþór Þórðarson á liði 1 og 2 reiknings í staf-

lið 5 og nafn Þórarins Eyjólfssonar undir lið 3 sama reiknings og að hann hafi komið framangreindum gögnum öllum á framfæri við bandaríska aðilja til nota í viðskiptum. Enn fremur, að ákærði Jósafat hafi ritað framsölin Eyþór Þórðarson á hvorn tékka fyrir sig í staflið 6 hér að framan á undan eigin framsali, áður en hann fékk tékkana greidda í Sparisjóðnum í Keflavík, svo sem tékkarnir bera með sér. Afturhvarf ákærða Jósafats að nokkru frá játningum í frumframburði fyrir dómi í október s.l. þykir ekki geta breytt sönnunarmati dómsins. Ákærði Jósafat þykir með framannefndri háttsemi sinni hafa gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Fyrir dómi hefur vitnið Þórarinn Eyjólfsson trésmíðameistari skýrt svo frá um reikninginn í staflið 7, að það hafi aldrei fyrir séð reikninginn. Það viti ekki, hver hafi undirritað reikninginn nafni þess. Það hafi hvorki lagt til efni né unnið við að plötuleggja snyrtiherbergi kvenna í A.F.O.M. veitingastaðnum á Keflavíkurlflugvelli.

Ákærði Eyþór hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi aldrei séð reikninginn í staflið 7 utan dóms. Hann hafi á hinn bóginn séð um verk það, er reikningurinn hljóðar um.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð reikning þennan utan dóms. Hann telji, að reikningurinn hafi verið gerður í bókhaldsmiðstöðinni í þeim tilgangi að útbúa fylgiskjal með staðfestum reikningi, sbr. bandarískt færslufylgiskjal með reikningnum. Hann telji sennilegt, að Þórarinn Eyjólfsson hafi unnið tilgreint verk fyrir milligöngu þeirra meðákærða Eyþórs.

Í skýrslu rithandarathugandans segir svo um reikninginn og undirskrift hans: „Nokkrir drættir líkir og í Jósafats. Gæti verið ritað af óþekktum aðilja“. Dómurinn telur óupplýst, hver hafi útbúið reikning þennan, undirritað og komið á framfæri, og ber því að sýkna ákærða Jósafat af þeim ákærulið, er um getur við staflið 7.

#### B. *Um verktöku í nafninu Ragnar Guðmundsson við A.F.O.M. veitingastaðinn.*

Nú verður getið gagna, er orðið hafa efni ákæru vegna verktöku í nafninu Ragnar Guðmundsson við A.F.O.M. veitingastaðinn.

1. Reikningur til A.F.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir

viðgerð á vegg ofar skála í karlmannasnyrtiklefa í A.F.O.M. og fyrir að mála allan snyrtiklefann samkvæmt beiðni gæzlumanns. Verð samkvæmt vinnutilboði kr. 3.411.00 (\$ 90.00). Reikningurinn er dagsettur í Keflavík 24. febrúar 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 27. febrúar 1961 með tékka nr. 20, sbr. 40. lið I. kafla I. þáttar ákæru.

2. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 20, dagsettur 27. febrúar 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 3.411.00, undirritaður Graham Keese, framseldur Ragnar Guðmundsson, framseldur á ný Jósafat Arngrímsson, sbr. 13. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru. Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um reikninginn í staflið 1, að hann hafi ekki séð reikning þann fyrr og viti ekki, hver hafi undirritað hann. Hann muni hins vegar eftir því að hafa séð um verk það að nokkru, er reikningurinn fjallar um. Verkið hafi hann séð um að beiðni meðákærða Jósafats. Hann fullyrði, að enginn maður með nafninu Ragnar Guðmundsson hafi unnið að verkinu. Um tékkann í staflið 2 hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi aldrei séð tékkann utan dóms. Hann þekki ekki fyrra framsalið á tékkanum, en síðara framsalið þekki hann sem framsal meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum fyrir dómi hinn 8. maí 1964 skýrði ákærði Jósafat svo frá um reikninginn í staflið 1, að hann hefði útbúið reikninginn og undirritað hann. Reikningurinn sé yfir störf, er þeir meðákærði Eyþór sáu um, að framkvæmd voru fyrir veitingastaðinn. Nær fullvíst sé, að Áki Gränz hafi séð um máln-ingarvinnuna, sem tilgreind sé í reikningnum, og vel geti verið, að hann hafi beðið Áka um að framkvæma það verk, en meðákærði Eyþór hafi séð um viðgerðina á veggnum. Við sama tækifæri skýrði ákærði Jósafat svo og frá um tékkann í staflið 2, að hann hefði ritað bæði framsölin á tékkann, eða nöfnin Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Tékkann hafi afhent honum Keese framkvæmdastjóri sem og aðra tékka, stílaða á Ragnar Guðmundsson. Ákærði hefur tekið fram, að hann hafi verið persónulega kunnugur framkvæmdastjórum í A.F.O.M. veitingastaðnum, en þar hafi hann unnið við bókhald um 2 mánaða skeið á árinu 1960. Fyrir dómi í októbermánuði s.l. dró ákærði nokkuð úr skýlausum játningum sínum, sem raktar hafa verið nú. Um reikninginn í staflið 1 skýrði hann þá svo frá, að hann hefði útbúið reikninginn, og ekki vildi ákærði útiloka þann möguleika, að hann hefði undirritað hann einnig.

Varðandi tékkann skýrði ákærði þá svo frá, að hann teldi úti lokað, að hann hefði ritað fyrra framsalið á tékkann.

Í skýrslu rithandarathugandans segir svo um reikninginn í staflíð 1 eða undirritun reikningsins: „Tel Jósafat tvímælalaust hafa ritað nafnið Ragnar Guðmundsson á dskj. Hér er um að ræða ófrábrugðna stafagerð með mismunandi halla“. Síðan vísar athugandinn í umsögn um annan reikning með sama nafni, er þegar hefur verið getið um. Um tékkann í staflíð 2 telur athugandinn, að ákærði Jósafat hafi ritað framsalið Ragnar Guðmundsson á undan eigin framsali og vísar í það, sem áður er sagt um ritunina á nafninu Ragnar Guðmundsson.

3. Reikningur, handritaður, til A.F.O.M frá Ragnari Guðmundssyni fyrir málningarvinnu samkvæmt beiðni gæzlumanns í A.F.O.M., að upphæð kr. 4.358.50 (\$ 115.00). Undirritaður er reikningurinn Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 27. apríl 1961 með tékka nr. 88, sbr. 41. lið I. kafla I. þáttar ákæru.

4. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 88, dagsettur 27. apríl 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 4.358.50, undirritaður Graham Keese, framseldur nafninu Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 14. tölulíð B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eypór skýrt svo frá um reikninginn í staflíð 3, að hann hafi ekki séð reikninginn utan dóms og geti ekki borið um, hver hafi undirritað hann. Hann muni ekki eftir verkinu, er reikningurinn fjallar um. Um tékkann í staflíð 4 hefur ákærði Eypór skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð tékkann utan dóms. Hann viti ekki, hver hafi ritað fyrra framsal tékkans. Hann telji sig þekkja síðara framsalið sem framsal meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum fyrir dómi skýrði ákærði Jósafat svo frá 8. maí 1964, að hann hefði útbúið reikninginn í staflíð 3, bæði ritað meginmál hans og undirritað hann. Nær fullvíst sé, að Áki Gränz hafi séð um störf þau, er tilgreind eru á reikningnum, og vera kunnir, að hann hafi fengið Áka til að vinna starfið. Við sama tækifæri skýrði ákærði Jósafat svo frá, að hann hefði ritað bæði framsölin á tékkann í staflíð 4, eða framsölin Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Í framburðum sínum í október s.l. dró ákærði úr skýlausum játningum sínum um ritun nafnsins Ragnar Guðmundsson. Svo sem rakið hefur verið varðandi reikninginn í staflíð 3, viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa

útbúið hann, en taldi nærri útilokað að hafa undirritað hann. Þá taldi ákærði útilokað, að hann hefði ritað framsalið Ragnar Guðmundsson á tékkann í staflið 4.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflið 3 nafninu Ragnar Guðmundsson og enn fremur, að ákærði Jósafat hafi ritað framsalið Ragnar Guðmundsson á tékkann í staflið 4. Vísast til fyrri umsagnar úr skýrslu athugandans, sbr. stafliði 1 og 2 hér að framan.

5. Reikningur til A.F.O.M. fyrir ýmsar viðgerðir og viðhaldsvinnu samkvæmt beiðni ritarans, að upphæð kr. 1.648.65 (\$ 43.50). Reikningurinn er udirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er ekki dagsettur. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 19. maí 1961 með tékka nr. 109. Reikningurinn er áritaður Graham Keesee, sbr. 42. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

6. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 109, dagsettur 19. maí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 1.648.65, undirritaður Graham Keesee, framseldur Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 15. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eypór skýrt svo frá um reikninginn í staflið 5, að hann hafi ekki séð reikninginn utan dóms og viti ekki, hver hafi undirritað hann. Hann geti ekki borið um reikninginn. Um tékkann í staflið 5 hefur ákærði Eypór skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð tékkann utan dóms. Hann viti ekki, hver framselt hafi tékkann fyrra framsali. Síðara framsal telji hann vera meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum fyrir dómi 8. maí 1964 varðandi gögn þessi hefur ákærði Jósafat viðurkennt að hafa útbúið reikninginn í staflið 5 og undirritað hann. Reikningurinn hafi verið fyrir ýmis smáverk, er meðákærði Eypór sá um, að unnin væru fyrir veitingastaðinn. Um tékkann í staflið 5 skýrði ákærði Jósafat svo frá við sama tækifæri, að hann hefði ritað bæði framsölin á bakhlið tékkans, eða framsölin Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Fyrir dómi í októbermánuði s.l. viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa útbúið reikninginn og ekki væri útilokað, að hann hefði undirritað hann. Ákærði taldi þá hins vegar útilokað, að hann hefði framselt tékkann í staflið 6 nafninu Ragnar Guðmundsson.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflið 5 og einnig

framselt tékkann í staflíð 6 nafninu Ragnar Guðmundsson á undan eigin framsali.

7. Reikningur til A.F.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir frystivélaþjónustu fyrir maímánuð 1961, kr. 2.842.50 (\$ 75.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 25. maí 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 31. maí 1961 með tékka nr. 120. Reikningurinn er áritaður nafninu G. Keesee, sbr. 43. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

8. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 120, dagsettur 30. maí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 2.842.50, undirritaður Graham Keesee, framseldur Ragnar Guðmundsson, framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson, sbr. 16. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eypór skýrt svo frá um reikninginn í staflíð 7, að hann hafi ekki séð reikninginn utan dóms og viti ekki, hver hafi undirritað hann. Hin tilgreindu störf á reikningnum hafi hann sjálfur unnið. Enginn maður með nafninu Ragnar Guðmundsson hafi unnið við frystivélaeftirlit fyrir A.F.O.M. á tilgreindum tíma. Þá hafi hann heldur ekki séð tékkann í staflíð 8 utan dóms og viti ekki, hver hafi ritað fyrra framsal tékkans. Síðara framsalið telji hann sig þekkja sem framsal meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum fyrir dómi hinn 8. maí 1964 skýrði ákærði Jósafat svo frá, að hann hefði útbúið reikninginn í staflíð 7 og undirritað hann. Meðákærði Eypór hafi séð um frystivélaeftirlitið í A.F.O.M. veitingastaðnum, er reikningurinn var gerður. Í sama skipti viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa ritað bæði framsölin á tékkann í staflíð 8, eða framsölin Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Fyrir dómi í októbermánuði s.l. skýrði ákærði Jósafat nokkuð á annan veg frá um gögnin. Hann hafi sennilega útbúið reikninginn í staflíð 7, en taldi nær útilokað, að hann hefði undirritað reikninginn. Um tékkann í staflíð 8 taldi ákærði Jósafat þá útilokað, að hann hefði framselt tékkann nafninu Ragnar Guðmundsson.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflíð 7 og einnig framselt tékkann í staflíð 8 nafninu Ragnar Guðmundsson á undan eigin framsali.

9. Reikningur til A.F.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni vegna frystivélaþjónustu fyrir júnímánuð 1961, kr. 2.842.50 (\$ 75.00), einnig fyrir viðgerð á púða auk varahluta, kr. 807.27 (\$ 21.30),

samtals að upphæð kr. 3.649.77. Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 26. júní 1961 og undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 27. júní 1961 með tékka nr. 149. Þá er reikningurinn áritaður G. Keesee, sbr. 44. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

10. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 149, dagsettur 27. júní 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 3.649.77, undirritaður af Graham Keesee, framseldur Ragnar Guðmundsson, framseldur á ný Jósafat Arngrímsson, sbr. 17. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eypór skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð reikninginn í staflið 9 utan dóms og viti ekki, hver hafi undirritað hann. Á hinn bóginn hafi hann sjálfur unnið að fyrrnefndu verki í reikningnum og annað hvort unnið sjálfur að síðarnefnda verkinu þar tilgreindu eða séð um, að það var unnið. Varðandi tékkann í staflið 9 kvaðst ákærði ekki hafa séð tékkann áður utan dóms. Hann þekki ekki fyrra framsal tékkans. Síðara framsalið telji hann framsal meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum um skjöl þessi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá fyrir dómi hinn 8. maí 1964, að hann hafi útbúið eða látið útbúa reikninginn í staflið 9. Hann hafi þá undirritað reikninginn. Hann telji líklegt, að meðákærði Eypór hafi séð um framkvæmd verka þeirra, er reikningurinn tilgreinir. Í sama skipti skýrði ákærði Jósafat svo frá, að hann hefði ritað bæði framsölin á tékkann í staflið 10, eða framsölin Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Fyrir dómi í októbermánuði s.l. skýrði ákærði Jósafat svo frá, að sennilega hefði hann útbúið reikninginn í staflið 9, en taldi nær útilokað, að hann hefði undirritað hann. Ákærði taldi þá, að hann hefði ekki ritað framsalið Ragnar Guðmundsson á tékkann í staflið 10.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflið 9 og einnig framselt tékkann í staflið 10 nafninu Ragnar Guðmundsson á undan eigin framsali.

11. Reikningur í tveim liðum til A.F.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni. Fyrri liður, reikningur fyrir byggingu girðingar um áfengisgeymslu A.F.O.M. samkvæmt beiðni gæzlumanns, að upphæð kr. 3.032.00 (\$ 80.00). Í reikningnum er þess getið, að verð sé samkvæmt verðtilboði. Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 30. júní 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson.

Áritun er á reikningnum svohljóðandi: Lokið 1. júlí, greiðsla fyrir júlí, þar undir nafnið Keesee. Þá er áritun á reikningnum um greiðslu 13. júlí 1961 með tékka nr. 166. Síðari liður, reikningur fyrir frystivélaþjónustu fyrir júnímánuð 1961, að upphæð kr. 2.842.50 (\$ 75.00). Fyrir viðgerð á þjappara o. fl., kr. 2.274.00 (\$ 60.00). Fyrir uppsetningu ljóss o. fl., kr. 909.60 (\$ 24.00), samtals kr. 6.026.10 (\$ 159.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 28. júlí 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 26. júlí 1961 með tékka nr. 181, sbr. 45. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

12. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 166, dagsettur 13. júlí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 3.032.00, undirritaður Graham Keesee, framseldur nöfnunum Ragnar Guðmundsson, Eypór Þórðarson, sbr. 18. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

13. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 181, dagsettur 26. júlí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 6.026.10, framseldur að nýju pr. pr. Kyndill h/f Jósafat Arngrímsson, sbr. 19. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eypór skýrt svo frá, að hann hafi hvorugan lið reikningsins í staflið 11 séð utan dóms. Hann þekki ekki undirritanir reikningsliðanna. Um verkið í lið 1 hafi hann séð um, að framkvæmt yrði að beiðni meðákærða Jósafats. Verkið hafi unnið Björgúlfur Stefánsson, Háholti 13, Keflavík. Hann muni ekki eftir sérstöku tilboði vegna verksins. Enginn aðili að nafni Ragnar Guðmundsson hafi unnið að verkinu. Um lið 2 reikningsins hefur ákærði Eypór skýrt svo frá, að hann hafi sjálfur unnið verkin, tilgreind í tveim fyrstu þáttum liðarins. Þriðja þáttinn sá hann um, að unninn væri af rafvirkja. Nafn hans var ekki Ragnar Guðmundsson.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Björgúlfur Stefánsson slökkviliðsmaður, Háholti 13, Keflavík, og skýrt frá því, að það hafi unnið við að smíða grindverk við áfengis- og matvæla-birgðaskemmur A.F.O.M. veitingastaðarins um mitt sumar 1961. Verkið hafi það unnið að beiðni ákærða Eypórs. Það hafi unnið að verkinu í 3 daga eða  $2 \times 10$  klukkustundir og einu sinni 8 klst. og myndi það fastlega, að það hafi fengið kr. 30.00 á klst. vegna verksins. Ákærði Eypór hafi séð um greiðslur til þess strax að verki loknu. Það hafi unnið að verkinu án undanfarandi til-

boðs í tímavinnu, eins og áður greinir. Það hafi lagt fram skriflegan reikning fyrir vinnu sína við verklok. Vitnið kveðst ekki hafa séð reikninginn í staflíð 11 utan dóms.

Í frumframburði sínum fyrir dómi skýrði ákærði Jósafat svo frá hinn 8. maí 1964, að hann hefði útbúið eða látið útbúa báða liði reikningsins í staflíð 11. Hann hafi undirritað hvorn lið fyrir sig. Reikningurinn hafi verið yfir störf, er meðákærði Eypór sá um, að framkvæmd voru. Fyrir dómi í október s.l. breytti ákærði Jósafat nokkuð fyrri framburði sínum vegna reikningsins. Taldi hann ekki ósennilegt, að hann hefði útbúið reikninginn og taldi nær útilokað, að hann hefði undirritað lið 1 reikningsins, en vildi ekki útiloka þann möguleika að hafa undirritað lið 2.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi ritað undir reikninginn nafnið Ragnar Guðmundsson, og vísast í rökstuðning athugandans um reikning í staflíð 1 hér að framan.

Um tékkann í staflíð 12 hefur ákærði Eypór skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ritað bæði framsölin aftan á tékkann, eða framsalið Ragnar Guðmundsson og framsalið Eypór Þórðarson. Atvik að því, að hann framseldi tékkann þannig, hafi verið þau, að um það leyti bar honum að greiða nokkurt fé vegna starfa, er hann sá um, að unnin væru fyrir meðákærða Jósafat á flugvellinum. Hann hafi viljað fá frá meðákærða Jósafat greiðslu kostnaðarins. Meðákærði Jósafat hafi þá sagt sér, að hann hefði ekki handbært fé til að greiða honum, annað en tékkann í staflíð 12. Meðákærði Jósafat hafi skýrt svo frá, að Ragnar Guðmundsson, er tékkinn er stílaður til, hefði átt viðskipti við A.F.O.M. veitingastaðinn. Greiðslutékki til Ragnars frá veitingastaðnum hefði ekki verið tilbúinn við lok viðskiptanna og hefði því meðákærði Jósafat í greiðaskyni við Ragnar, sem meðákærði sagði Reykvíking, greitt Ragnari tékkaupphæðina við lok viðskiptanna til að spara Ragnari ferð suður á Keflavíkurflugvöll síðar. Hann hafi trúað þessari sögu meðákærða Jósafats og frekar en að svíkja menn þá um greiðslu, er unnið höfðu að beiðni hans fyrir meðákærða, hefði hann tekið við tékkanum í staflíð 12 og framselt hann á þann hátt, sem fyrr getur um, og ynnt greiðslu af hendi til rétttra aðilja.

Áður hafi meðákærði Jósafat fullvissað hann um, að ekkert væri að óttast fyrir hann að framselja tékkann nafninu Ragnar Guðmundsson, þar sem Ragnar hefði þegar fengið greiðslu sína.

Hann hafi ekkert vitað um það, að nafnið Ragnar Guðmundsson hafi verið notað til undirritunar reikninga „pro forma“ eða annarra gagna, er aðrir aðiljar stæðu að.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá um tékkann í staflíð 12, að hann telji sig þar þekkja rithönd meðákærða Eypórs á báðum framsölunum, eða framsölunum Ragnar Guðmundsson og Eypór Þórðarson. Hann muni ekki sérstaklega eftir því að hafa séð tékkann utan dóms. Hann telji líklegt, að Keesee framkvæmdastjóri hafi afhent meðákærða Eypóri tékkann. Hann telji útilokað, að hann hafi beðið meðákærða Eypór að framselja tékkann nafninu Ragnar Guðmundsson.

Þrátt fyrir samprófanir ákærðu Jósafats og Eypórs um tékkann í staflíð 12 hefur ekkert samræmi náðst í framburði þeirra og hvor um sig haldið fast við framburði þá, er raktir hafa verið að nokkru hér að framan.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit athugandans, að ákærði Eypór Þórðarson hafi ritað bæði framsölin á tékkann, og vísar athugandinn til rithandarsýnishorna ákærða Eypórs, er lögð hafa verið fram í dóminum.

Fyrir dómi hefur ákærði Eypór skýrt svo frá um tékkann í staflíð 13, að hann hafi ekki séð tékkann utan dóms. Hann þekki ekki fyrra framsal tékkans. Síðara framsalið þekki hann sem framsal meðákærða Jósafats pr. pr. Kyndill h/f.

Í frumframburði sínum fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá hinn 8. maí 1964, að hann hafi ritað bæði framsölin á bakhlið tékkans í staflíð 13, eða framsalið Ragnar Guðmundsson á undan eigin framsali pr. pr. Kyndill h/f. Fyrir dómi hinn 11. október s.l. breytti ákærði Jósafat framburði sínum varðandi tékkann í staflíð 13 á þann veg, að hann teldi útilokað, að hann hefði ritað fyrra framsal tékkans, eða framsalið Ragnar Guðmundsson.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit athugandans, að ákærði Jósafat hafi ritað bæði framsölin á tékkann í staflíð 13, og vísar athugandinn til fyrri umsagnar um tékka, framselda sama nafni, eða nafninu Ragnar Guðmundsson.

14. Reikningur til A.F.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir frystivélaþjónustu í ágústmánuði 1961 (\$ 75.00), fyrir athugun á loftþjóppu, efni og vinna (\$ 42.00), viðgerð á púða (\$ 23.00), uppsetning á ofni, vinna og efni (\$ 14.20), viðgerð á ljósum í blómamilligerðum, vinna og efni (\$ 21.00), festingu á blóma-

milligerðum í gólf, vinna og efni (\$ 12.80), málningu og viðgerð á vegg í danssal (\$ 34.00), samtals kr. 9.501.60 (\$ 222.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 28. ágúst 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 28. ágúst 1961 með tékka nr. 230. Reikningurinn er enn fremur áritaður nafninu Keesee, sbr. 46. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

15. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 230, dagsettur 28. ágúst 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 9.501.60, undirritaður Graham Keesee, framseldur nafninu Ragnar Guðmundsson, sbr. 20. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eypór skýrt svo frá um reikninginn í staflið 14, að hann hafi ekki séð reikninginn utan dóms. Hann viti ekki, hver hafi undirritað reikninginn. Hann hafi ýmist sjálfur unnið eða látið vinna hin tilgreindu verk á reikningnum utan málningarvinnunnar. Hann ætli, að Áki Gränz eða menn frá honum hafi unnið það verk. Hann sé viss um það, að enginn maður að nafni Ragnar Guðmundsson hafi unnið að verkunum. Um tékkann í staflið 15 hefur ákærði Eypór skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð tékka þennan utan dóms. Hann þekki ekki framsalið aftan á tékkanum.

Í frumframburði sínum fyrir dómi hinn 8. maí 1964 hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá um reikninginn í staflið 14, að hann hafi útbúið reikninginn og undirritað hann. Reikningurinn sé yfir störf, er þeir meðákærði Eypór sáu um, að unnin væru fyrir veitingastaðinn. Í sama skipti viðurkenndi ákærði að hafa ritað framsalið Ragnar Guðmundsson aftan á tékkann í staflið 15. Hann kunni ekki skýringu á því, af hvaða sökum hann hafi ekki framselt tékkann síðar eigin nafni. Hann sé þess viss að hafa mótttekið andvirði tékkans. Fyrir dómi í októbermánuði s.l. breytti ákærði nokkuð framburðum sínum um gögnin í stafliðum 14—15. Varðandi reikninginn taldi ákærði Jósafat þá sennilegt, að hann hefði útbúið hann, en nær útilokað, að hann hefði undirritað reikninginn. Ákærði skýrði þá frá því, að hann þekkti ekki framsalið á tékkanum í staflið 15.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í tölulið 14 nafninu Ragnar Guðmundsson. Enn fremur, að ákærði Jósafat hafi ritað framsalið Ragnar Guðmundsson á tékkann í staflið 15. Athugandinn vísaði til fyrri röksemda um álit sitt.

16. Reikningur til A.F.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni vegna frystivélapjónustu fyrir septembermánuð til hins 25. (sic) 1961 og fyrir útvegum á peningaskúffum fyrir bandaríska mynt, samtals að upphæð (\$ 84.50) kr. 3.616.60. Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 25. sept. 1961. undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 23. september 1961 með tékka nr. 271. Reikningurinn er áritaður O.K. Keesee, sbr. 47. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru. Greiðslutékki vegna reiknings þessa hefur ekki komið fram í málinu.

Fyrir dómi hefur ákærði Eypór Þórðarson skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð reikninginn í staflið 16 utan dóms og þekki ekki undirskrift reikningsins. Hann hafi hins vegar unnið eða séð um, að unnin væru hin tilgreindu störf reikningsins. Þar hafi ekki unnið nokkur Ragnar Guðmundsson. Hann muni ekki til þess að hafa séð tékka, er gæti verið greiðsla reikningsins.

Í frumframburði sínum fyrir dómi hinn 8. maí 1964 hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá, að hann hafi útbúið reikninginn í staflið 16 og undirritað hann. Reikningurinn hafi verið yfir störf, er meðákærði Eypór sá um framkvæmd á. Hinn 8. október s.l. skýrði ákærði Jósafat á hinn bóginn svo frá, að hann hefði sennilega útbúið reikninginn, en taldi nær átilokað, að hann hefði undirritað hann.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflið 16, og vísar í fyrri röksemdir því til styrktar.

17. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 51, dagsettur 24. marz 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 720.10, undirritaður Graham Keesee. Tékkinn er framseldur Ragnar Guðmundsson og framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson, sbr. 21. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eypór skýrt svo frá um tékkann í staflið 17, að hann hafi ekki séð hann utan dóms. Hann þekki einungis síðara framsal tékkans sem framsal meðákærða Jósafats. Hann geti ekki borið um, fyrir hvað greitt hafi verið með tékkanum.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá um tékkann í staflið 17, að hann hafi ritað bæði framsölin á bakhlið tékkans, eða framsölin Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Hann geti ekki rakið, fyrir hvað tékkinn hafi verið greiðsla, en

telji mjög sennilegt, að það hafi verið vegna einhverra viðgerðarstarfa, er meðákærði Eypór eða jafnvel einhver annar aðili sá um.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi ritað bæði framsólin á tékkann í staflíð 17, og vísar athugandinn til fyrri umsagnar um nafnritunina álitu sínu til styrktar.

Samkvæmt játningum ákærða Jósafats í frumframburðum fyrir dómi og að öðru leyti með vísan til framburða hans í málinu um skjalagerð, með vísan til framburðar meðákærða Eypórs og samkvæmt niðurstöðu rithandarathugana þykir sannað, að ákærði Jósafat hafi útbúið og undirritað reikningana í staflíðum 1, 3, 5, 7, 9, 11, 14 og 16 hér að framan nafninu Ragnar Guðmundsson og notað reikningana þannig í skiptum við bandaríska aðilja, er sáú um útgáfu greiðslutékka í samræmi við þá og lagðir hafa verið fram í málinu, að reikningi í staflíð 16 frátöldum, sem dómurinn lítur á, að og hafi verið notaður í sama skyni. Afturhvarf ákærða að nokkru frá fyrri framburðum á lokastigi rannsóknarinnar telst ekki geta breytt sönnunarmati dómsins.

Með sömu röksemdum og hér að framan greinir þykir sannað, að ákærði Jósafat hafi framselt tékkana í staflíðum 2, 4, 6, 8, 10, 13, 15 og 17 hér að framan nafninu Ragnar Guðmundsson á undan eigin framsali utan tékkans í staflíð 15, er ákærði framseldi eigi að nýju, og síðar fengið tékkana greidda í Sparisjóði Keflavíkur, svo sem tékkarnir bera með sér í staflíðum 2, 4, 8, 10, 13 og 17, í Kaupfélagi Suðurnesja, Keflavík, svo sem tékki í staflíð 6 ber með sér, og á óþekktum stað, sbr. tékkann í staflíð 15.

Á hinn bóginn þykir ósannað gegn andmælum ákærða Jósafats, að hann hafi eggjað meðákærða Eypór til að rita framsalið Ragnar Guðmundsson á tékka í staflíð 12 hér að framan til framvísunar þannig. Ber að sýkna ákærða Jósafat af þeim ákærulið.

Ákærði Jósafat telst með framferði því, sem lýst hefur verið að framan og sannað talið, gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Með játningum ákærða Eypórs, sem eru í samræmi við niðurstöðu rithandarathugana, telst sannað, að ákærði hafi framselt tékkann í staflíð 12 hér að framan nafninu Ragnar Guðmundsson á undan eigin framsali og áður en ákærði fékk tékkann innleystan í Sparisjóði Keflavíkur, svo sem tékkinn ber með sér. Ósannað telst, að ákærði Jósafat hafi eggjað ákærða Eypór á að fram-

kvæma framangreinda fölsun þrátt fyrir það, sem er að öðru leyti upplýst í málinu.

Með framantalinni háttsemi þykir ákærði Eyþór hafa gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

## VI.

Samkvæmt upplýsingum bæjarfógetans í Keflavík barst á skrifstofu bæjarfógetans hinn 8. maí 1962 tilkynning til A-deildar verzlunarskrárinna, þar sem Björgvin Guðmundsson, Hringbraut 64, Keflavík, tilkynnir, að hann reki fyrirtæki undir nafninu Guðmundur Jónsson með þeim tilgangi að hafa með höndum verklegar framkvæmdir. Firmað reki hann sem sérstakur skattaðili og firmað riti hann þannig: Guðmundur Jónsson, Björgvin Guðmundsson. Dagsetning firmatilkynningarinnar er 27. febrúar 1961, og er tilkynningin undirrituð Björgvin Guðmundsson, en frumrit tilkynningarinnar er eitt af gögnum dómsins.

Firmaskráningin er auglýst í 59. tölublaði Lögbirtingablaðsins, 26. maí 1962.

Samkvæmt III. kafla ákæru, I. þáttar, er ákærða Jósafat Arngrímssyni gefið að sök að hafa breytt ártalinu í tilkynningunni úr 1962 í 1961 án vitundar og heimildar Björgvins Guðmundssonar. Verður nú rakið það, sem upplýstist um það atriði við rannsókn málsins.

Svo sem getið hefur verið, er frumrit tilkynningarinnar eitt af gögnum dómsins. Ragnar Vignir, aðalvarðstjóri tæknideildar rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, hefur að beiðni dómsins athugað frumrit tilkynningarinnar. Í athugasemd hans um það atriði segir svo: „Ekkert virðist athugasemdi við hinn vélritaða texta á tilkynningareyðublaðinu, fyrr en komið er að dagsetningu hennar, en þá sést greinilega með berum augum, að strokað hefur verið út af blaðinu á þeim kafla, sem nú stendur febrúar 1961 (en tilkynningin er dags. 27. febrúar 1961). Þetta sést ennþá greinilegar í skoðunarsmásjá. Ekki er hægt að segja, hvað þarna hefur áður staðið, svo rækilega hefur það verið strokað út. Allur hinn vélritaði texti er skrifaður á ritvél, sem hefur minni stafagerðina, Elite, þar sem 12 stafir taka yfir hvern lengdarþumlung“.

Framburðir ákærða Jósafats, ákærða Alberts Karls Sanders og vitna verða nú raktir um þennan lið ákærunnar.

Vitnið Guðmundur Jónsson skósmiður, til heimilis Kirkjuvegi

11, Selfossi, hefur borið svo fyrir dómi, eftir að því hafði verið sýnt ljósrit af nefndri firmatilkynningu, að sig hafi rámað í það, að sonur sinn Björgvin Einar Guðmundsson málari, til heimilis að Hringbraut 64 í Keflavík, hafi eitthvað verið að tala um það við sig í síma, að því er vitnið minnir, vorið 1962, að fá að nota nafn vitnisins í sambandi við stofnun fyrirtækis, er Björgvin tjáði vitninu, að hann væri að stofna í Keflavík. Vitnið man ekki að greina hverjar ástæður Björgvin nefndi í sambandi við stofnun væntanlegs fyrirtækis né hver tilgangur þess mundi verða, en Björgvin hefði talað um það, að stofnunin mundi verða til hagræðis fyrir hann.

Um tilkynninguna hefur Björgvin Einar Guðmundsson skýrt svo frá fyrir dómi, að litlu eftir að hann hóf störf í Kassagerð Suðurnesja, svo sem fyrr er rakið, snemma árs 1962, og eftir að hann, að beiðni ákærða Jósafats, lofaði að kannast við fyrirtækið Guðmundur Jónsson, hafi hann undirritað tilkynninguna til verzlunarskrárinna nafni sínu. Hann hafi engan veg né vanda haft af því að útbúa tilkynninguna né koma henni á framfæri. Tilkynningin hafi verið dagsett einhvern tíma í febrúar 1962, er hann undirritaði hana. Því hafi tilkynningunni verið breytt eftir undirritun hans.

Kyrr dómi hinn 17. febrúar 1964 skýrði ákærði Jósafat svo frá um tilkynninguna, að hann teldi mjög sennilegt og rámaði reyndar í það að hafa beið skrifstofumann sinn við Fasteignasölu Suðurnesja, Albert Karl Sanders, að útbúa tilkynninguna snemma árs 1962. Hann muni það, að hann hafi beið Albert Karl Sanders að dagsetja tilkynninguna 1961 og koma henni til skrifstofu bæjarfógeta. Hann muni ekki til þess að hafa séð tilkynninguna. Stanley Roff hafi óskað eftir því við sig, að firmað Guðmundur Jónsson yrði skráð og tilkynning um skráningu dagsett 1961 fyrir framkvæmd verksins við endurnýjun samkvæmis-salar K.C.O.M.

Fyrir dómi hinn 10. apríl 1965 skýrði ákærði Albert Karl Sanders svo frá, að það hefði sennilega verið um vorið 1962, sem ákærði Jósafat lagði inn á skrifstofu Kassagerðar Suðurnesja, þar sem hann starfaði þá, skjal um stofnun hlutafélags, að því er hann minnir, með heitinu Guðmundur Jónsson. Björgvin Guðmundsson, verkstjóri í Kassagerðinni, hafi átt að undirrita skjalið að beiðni ákærða Jósafats. Björgvin hafi undirritað skjalið, en hann hafi farið með skjalið í skrifstofu bæjarfógetans í Keflavík. Hann hafi engan þátt átt í því að útbúa skjal þetta og efni þess

sé eigi skýrt í minni sínu. Hann muni ekki um dagsetningar á skjalinu. Í samprófun ákærða Jósafats og Alberts Sanders sama dag héldu báðir aðiljar við fyrri framburði sína. Ákærði Jósafat taldi þannig, að Sanders hefði útbúið skjalið að beiðni sinni, en Sanders sjálfur taldi útilokað, að hann hefði útbúið slíkt skjal.

Hinn 11. október s.l. bar ákærði Jósafat á sama veg um tilkynninguna, eða að hann hafi beðið Albert Karl Sanders að útbúa hana til verzlunarskrárinnar og fá síðan Björgvin Guðmundsson til að undirrita tilkynninguna. Tilkynninguna hafi hann hins vegar ekki séð utan dóms. Hann hafi beðið Sanders að annast þetta annað hvort seint á árinu 1961 eða snemma árs 1962. Ákærði Jósafat hefur þá skýrt frá, að ekki fari á milli mála, að tilkynningin sé dagsett mjög miklu fyrr en hún er rituð.

Fyrir dómi hinn 13. október s.l. skýrði Albert Karl Sanders svo frá um firmatilkynninguna, að hann væri viss um það að hafa ekki útbúið tilkynninguna. Hins vegar hafi Björgvin Guðmundsson undirritað tilkynninguna í skrifstofu Kassagerðarinnar og skilið hana eftir þar. Björgvin hafi undirritað tilkynninguna í marz eða apríl 1962. Hann hafi ekki sjálfur athugað um dagsetningu tilkynningarinnar. Hann hafi síðan farið með tilkynninguna til bæjarfógeta, annað hvort sama daginn og Björgvin undirritaði hana eða næsta dag eða þegar er ákærði Jósafat bað hann að fara með tilkynninguna. Þá hafi þeir meðákærði Jósafat verið staddir í skrifstofu Kassagerðarinnar. Meðákærði Jósafat hafi þá litið á tilkynninguna og beðið hann að því búnu að koma henni til bæjarfógetans. Ákærði Jósafat hafi haft lykla að skrifstofu Kassagerðarinnar, er skjalið var undirritað, en hins vegar telji hann útilokað, að Jósafat hafi getað breytt dagsetningu skjalsins, eftir að ákærði Jósafat leit á skjalið í viðurvist hans. Sama dag skýrði vitnið Björgvin Guðmundsson svo frá fyrir dómi, að það hafi undirritað tilkynninguna að beiðni ákærða Jósafats og undirritunin hafi farið fram í skrifstofu Kassagerðarinnar. Albert Karl Sanders hafi verið viðstaddur undirritunina, en undirritunin hafi farið fram í febrúar 1962, eða að minnsta kosti snemma árs 1962. Það muni það glöggt, að tilkynningin hafi verið dagsett um svipað leyti og það undirritaði hana á árinu 1962. Það fullyrði, að ártalið á tilkynningunni hafi að minnsta kosti verið breytt eftir undirritun þess.

Svo sem rakið hefur nú verið hér að framan, má telja fullvíst, að tilkynningin til verzlunarskrárinnar hafi verið útbúin fyrir tilstilli ákærða Jósafats Arngrímssonar í því skyni, að vitnið

Björgvin Einar Guðmundsson undirritaði hana og tilkynningunni yrði síðar komið á framfæri til skráningar, sem og varð úr. Á hinn bóginn, enda þótt gjalda megi nokkrum varhug við framburðum ákærða Jósafats um það, að hann hafi ekki séð tilkynninguna utan dóms, sbr. það, sem rakið er eftir Albert Karli Sanders hér að framan, þá þykir ekki komin fram sönnun þess, að ákærði Jósafat hafi breytt dagsetningu tilkynningarinnar, frá því að hún var rituð, sem telja verður, að hafi farið fram snemma árs 1962, og ber því að sýkna ákærða Jósafat af kröfum ákæruvaldsins samkvæmt III. kafla ákæru.

## II. þáttur.

### I.

Með bréfi Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns til saksóknara ríkisins, dags. 18. febrúar 1964, fer lögmaðurinn þess á leit við saksóknara fyrir hönd póst- og símamálastjórnarinnar, að látin verði fara fram opinber rannsókn vegna ætlaðs tékkamiferlis við pósthúsið á Keflavíkurlflugvelli. Bréfi hæstaréttarlögmannsins fylgdi svohljóðandi greinargerð póst- og símamálastjórnarinnar:

„Laugardaginn 8. febrúar 1964 gerði Þórður Halldórsson skil til pósthússins á Keflavíkurlflugvelli fyrir janúarmánuð við póststofuna í Reykjavík, sem það heyrir undir. Það vakti þá athygli, að þeim fylgdi óvenju mikið magn af lausum peningum auk 3 tékka, útg. af Ísfélaginu í Keflavík á Sparisjóðinn í Keflavík, samtals að upphæð kr. 507.275.89. Hinn elzti tékkanna reyndist vera útgefinn 9. janúar. Þessir tékkar voru strax eftir helgina, eða 10. febrúar, sendir Landsbanka Íslands til innheimtu.

Vegna áðurnefndrar athygli á óvenjulegum skilum fyrir janúarmánuð var Sveini Þórðarsyni aðalendurskoðanda pósts og síma falið að gera athugun á pósthúsinu í Keflavík, og var hún gerð 11. febrúar. Upplýstist þá, að þar lágu 8 tékkar, samtals að upphæð kr. 2.159.969.53, allir útgefnir 3., 5. og 6. febrúar af Ísfélagi Keflavíkur h/f á Sparisjóðinn í Keflavík. Aðalendurskoðandinn kveður sig þá hafa spurt Þórð, hvort hann hefði kynnt sér, að innstæða væri fyrir þessum tékkum og hefði, Þórður játað því. Næsta morgun (12. febrúar) hringdi Matthías Guðmundsson, póstmeistari í Reykjavík, til Sparisjóðsins í Keflavík og spurði um innstæðu fyrir tékkunum og var svarað, að innstæða væri ekki fyrir hendi. Sama dag (12. febrúar) fóru þeir Sveinn Þórðar-

son aðalendurskoðandi og Matthías Guðmundsson, póstmeistari í Reykjavík, til pósthússins á Keflavíkurflugvelli til þess að gera úttekt þar og setja annan mann sem forstöðumann pósthússins þar til bráðabirgða í stað Þórðar Halldórssonar, sem þá átti að víkja frá um stundarsakir.

Þegar þeir komu þangað, var upplýst, að Þórður Halldórsson hefði sama morgun farið til Akureyrar, og var því ekki hægt að framkvæma úttektina þá, þar sem Þórður var með lyklna að skjala- og peningavörzlu pósthússins. Var þórður væntanlegur aftur um hádegi daginn eftir (13. febrúar), en vegna vélbilunar flugvélar komst Þórður ekki til Reykjavíkur fyrr en þá um kvöldið og var þá boðaður á fund póst- og símamálastjóra næsta morgun (14. febrúar). Á þeim fundi voru auk póst- og símamálastjóra og Þórðar Einar Bjarnason ríkisendurskoðandi, Matthías Guðmundsson póstmeistari og Sveinn Þórðarson, aðalendurskoðandi stofnunarinnar. Þar lagði Þórður fram beiðni um, að uppsögn sín, sem hann hafði lagt fram í október s.l., tæki gildi þegar í stað. Þórður viðurkenni þá, að hann hefði ekki kynnt sér, hvort innstæða væri fyrir hendi fyrir tékkunum, er hann keypti þá, svo sem honum hefði borið samkvæmt gildandi reglum. Á fundinum var ákveðið, að fulltrúi frá ríkisendurskoðuninni ásamt póstmeistararum í Reykjavík og aðalendurskoðanda stofnunarinnar o. fl. færu strax suður á Keflavíkurflugvöll til þess að gera endurskoðun og úttekt á pósthúsinu þar og afhenda forstöðu þess til Reynis Ásmundssonar póstvarðstjóra í Reykjavík.

Þessu starfi lauk samdægurs (14. febrúar) um miðnætti, og staðfestist fyrri uthugun um hina misnotuðu tékka. Var farið með þá 8 tékka, sem voru útgefnir af Ísfélagi Keflavíkur h/f á Sparisjóðinn í Keflavík, til sparisjóðsins, sem staðfesti með stimplun, að innstæða væri ekki fyrir hendi til að innleysa þá.

Póst- og símamálastjóri ræddi síðan málið við póst- og símamálaráðherra og ríkisendurskoðanda, og var ákveðið að óska eftir opinberri rannsókn á því.

Landsbankinn var inntur eftir þeim 3 tékkum frá janúarmánuði, sem höfðu (10. febrúar) verið afhentir bankanum til innheimtu, og hafði ekki reynzt innstæða fyrir þeim, og voru þeir afhentir aftur póstmeistararum í Reykjavík.

Hinir 11 misnotuðu tékkar eru allir útgefnir af Albert H. Sanders fyrir hönd Ísfélags Keflavíkur á reikning nr. 40 í Sparisjóðnum í Keflavík. Nánari sundurliðun þeirra er sem hér segir:

Tékki nr.	69407,	útgefinn	9. jan.	1964,	upphæð	kr.	198.756.36
—	—	69411,	— 13.	—	—	—	268.519.53
—	—	69427,	— 30.	—	—	—	40.000.00
—	—	69419,	— 3. febr.	—	—	—	291.098.00
—	—	69420,	— 3.	—	—	—	467.500.00
—	—	69421,	— 3.	—	—	—	383.651.00
—	—	69422,	— 5.	—	—	—	368.361.41
—	—	69423,	— 6.	—	—	—	187.710.50
—	—	69424,	— 6.	—	—	—	122.000.00
—	—	69425,	— 6.	—	—	—	78.342.52
—	—	69426,	— 6.	—	—	—	261.306.10

---

Samtals kr. 2.667.045.42

Tékkarnir eru nú í vörzlu póstmeistarans í Reykjavík.

Hér með fylgja reglur um kaup pósthúsa á ávísunum og tékkum frá 13. desember 1956, birtar í Póst- og símatíðindum nr. 11.—12., nóvember—desember 1956, og ítrekað í Póst og símatíðindum nr. 5.—7., maí—júní 1960.

Virðingarfyllt,  
G. Briem“.

Fram skal tekið, að samlagningarskekkja er á heildarupphæð hinna 11 tékka í greinargerðinni, svo sem fram kemur í ákæru. Heildarupphæðin er kr. 2.667.245.42.

## II.

Með umboðsskrá dómsmálaráðherra, dags. 24. febrúar 1964, var dómari máls þessa skipaður samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála „til að fara með rannsókn vegna meints misferlis í starfrækslu pósthússins á Keflavíkurflugvelli svo og vegna fjármálaviðskipta þeirra aðilja, sem þar áttu innstæðulausa tékka,“ og enn fremur „til þess að kveða upp dóm í málinu, ef til málshöfðunar kemur“.

Dómsrannsókn þessa þáttar málsins hófst hinn 26. febrúar 1964. Endurrit þeirrar rannsóknar var sent saksóknara ríkisins til ákvörðunar 8. júní 1964. Að framhaldsrannsóknnum loknum höfðaði saksóknari mál þetta með ákæru, útgefinni 27. apríl s.l. Framhaldsrannsóknir hafa verið háðar í málinu eftir útgáfu ákæru.

Meðal gagna, er dómurinn fékk til afnota, var endurrit úr sakadómsbók Keflavíkurkaupstaðar. Í endurritinu kemur fram, að hinn 14. febrúar s.l. hafi ákærðu Albert Karl Sanders og Áki Guðni Gränz komið ótilkvaddir til bæjarfógetans í Keflavík og

gefið þar skýrslu fyrir dómi, þar sem þeir meðal annars greina frá útgáfu og hagnýtingu innstæðulausra tékka, er þeir höfðu staðið að í þeim mánuði vegna Ísfélags Keflavíkur h/f til að halda við keðju innstæðulausra tékka, er seldir höfðu verið í pósthúsinu á Keflavíkurflugvelli, en framburðir þeirra verða nánar raktir hér á eftir.

Við rannsókn málsins hefur komið fram, að bréfhirðingu hafi verið komið á fót á Keflavíkurflugvelli á stríðsárunum síðari. Vegna kringumstæðna þróaðist sú bréfhirðing upp í það að verða póstaftgreiðsla, sem hefur séð um allar venjulegar póstaftgreiðslur, líkt og önnur pósthús í landinu. Póstaftgreiðslan á Keflavíkurflugvelli hefur ætíð heyrt undir póstmeistarann í Reykjavík og hefur starfað sem nokkurs konar útibú pósthússins í Reykjavík. Fjármálaviðskipti hafa verið gerð upp mánaðarlega að minnsta kosti, þannig að póstaftgreiðslan á Keflavíkurflugvelli hefur skilað gjaldkera pósthússins í Reykjavík uppgjóri samkvæmt sérstökum reikningi tólf sinnum á ári, og hefur hvert uppgjör um sig verið fullkomin skilagrein hvers mánaðar. Er rannsókn máls þessa hófst, hafði ákærði Þórður Einar Halldórsson verið í fyrirsvari fyrir póstaftgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli í um 14 ár. Í fyrstu sem póstfulltrúi, en hin síðari ár sem póstvarðstjóri.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Matthías Guðmundsson, póstmeistari í Reykjavík, 50 ára að aldri. Vitnið hefur skýrt svo frá, að mánaðaruppgjör Þórðar hafi jafnan verið sett inn í uppgjör pósthússins í Reykjavík, sem einnig gerir upp fjármálaviðskipti mánaðarlega. Vitnið fylgdist með mánaðaruppgjörum Þórðar hjá aðalgjaldkera. Uppgjörið reyndist jafnan rétt, og ávísanir, er Þórður sendi, komu aldrei til pósthússins í Reykjavík til baka vegna innstæðuleysis.

Að morgni mánudagsins 10. febrúar 1964 sá vitnið uppgjör Þórðar hjá aðalgjaldkera. Vitnið rak strax augun í það, að í uppgjörinu virtist óvenjulega mikið af seðlum. Vitnið athugaði nú skýrslur, er fylgdu uppgjörinu. Í skýrslunum sá vitnið, að mest af viðskiptunum í janúarmánuði höfðu farið fram fyrri part þess mánaðar, og þótti vitninu athugavert, að ákærði Þórður hafði ekki gert skil fyrr til bráðabirgða, en vitnið kveður, að ákærða Þórði hafi verið bent á það bæði af endurskoðendum og aðalgjaldkera pósthússins í Reykjavík að gera slík bráðabirgða-uppgjör utan hinna föstu mánaðaruppgjöra, ef mikið fé bærisk að. Vitninu fannst einnig óvenjulegt, að engin bráðabirgðaskil voru gerð vegna hinna 8 daga, er liðnir voru af febrúarmánuði, er

uppgjórið fór fram, en ef viðskiptin í febrúar hefðu verið í samræmi við janúarviðskiptin, hefði þegar átt að liggja í kassa póstafrgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli töluvert fé, eða nokkur hundruð þúsund krónur. Við þessar athuganir vitnisins vöknudu grunsemdir þess um, að allt væri ekki með felldu í fjármála-rekstri pósthússins á Keflavíkurflugvelli. Vitnið setti sig þegar í samband við aðalendurskoðanda póst- og símamálastjórnarinnar, Svein Þórðarson, og bað hann að fylgjast með uppgjöri aðal-gjaldkera vitnisins á janúarviðskiptum pósthússins á Keflavíkurflugvelli. Sama dag bað vitnið aðalendurskoðandann að framkvæma endurskoðun í póstafrgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli, og fór sú endurskoðun fram 11. sama mánaðar, svo sem um getur í greinargerð póst- og símamálastjóra. Endurskoðunina framkvæmdu vitnið Sveinn Þórðarson og vitnið Engilbert Sigurðsson fulltrúi. Við endurskoðunina kom í ljós, að í kassa póstafrgreiðslunnar lágu 8 tékkar, samtals að upphæð kr. 2.159.969.53, allir útgefnir 3., 5. og 6. febrúar 1964 af Albert K. Sanders pr. pr. Ís-félag Keflavíkur h/f á Sparisjóðinn í Keflavík. Vitnið setti sig í samband við sparisjóðsstjórnann í Keflavík hinn 12. febrúar 1964, Guðmund Guðmundsson, eftir að hafa fengið uppgefna tékkaupphæðina hjá aðalendurskoðandanum, og spurðist vitnið fyrir um innstæðu tékkanna. Innstæða reyndist ekki vera fyrir tékkunum 8. Enn fremur reyndust tékkar þeir, útgefnir af sama aðilja 9., 13. og 30. janúar 1964, en þeir tékkar fylgdu janúar-uppgjöri póstafrgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli, innstæðulausir og voru endursendir pósthúsinu í Reykjavík. Framhald aðgerða í málinu kveður vitnið koma fram í greinargerð um tékkamál hjá póstafrgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli, sem tekin eru upp í dóm þennan, en vitnið stóð að samningu greinargerðarinnar með póst- og símamálastjóra og hefur staðfest greinargerðina rétta eftir því sem það hefur getað borið um.

Svo sem fram kemur í greinargerðinni, var fundur haldinn hinn 14. febrúar 1964 með ákærða Þórði Einari, og hafa allir þeir, er fundinn sátu, komið fyrir dóm til skýrslugerðar.

Hinn 5. marz 1964 kom fyrir dóm sem vitni Gunnlaugur Briem, póst- og símamálastjóri, til heimilis að Ægissíðu 60 hér í borg. Vitnið hefur greint svo frá, að ákærði Þórður Einar hafi á fundi þeim, er haldinn var 14. febrúar 1964 viðurkennt að hafa um nokkurt skeið keypt tékka vegna póstafrgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli án þess að athuga um innstæður þeirra. Vitnið kveður, að Þórður hafi viðurkennt á fundinum að hafa brotið reglur

pósthúsa um kaup á tékkum með þessu framferði. Vitnið kveður Þórð hafa greint frá því á fundinum, að hann, Þórður, hafi komizt að því haustið 1963, að keðjuaðferð eða keðjustarfsemi ætti sér stað í sambandi við tékka, er póstaftgreiðslan keypti. Ákærði Þórður hafi skýrt frá því, að hann, Þórður, hefði talið, er hann komst að þessu, að kveðjustarfsemi þessi væri komin á það stig, að hann væri of seinn með það að snúa sér til yfirboðara sinna í Reykjavík. Vitnið kveður, að ekki hafi komið fram á fundinum, að ákærði Þórður Einar teldi sig ekki vita um reglur um tékka-kaupin, heldur þvert á móti hafi Þórður viðurkennt að hafa brotið reglur pósthúsanna með því að kaupa tékkana án þess að athuga um innstæður fyrir þeim. Vitnið hefur staðfest áðurnefnda greinargerð rétta, en vitnið stóð að samningu hennar.

Hinn 5. marz 1964 kom fyrir dóm sem vitni Matthías Guðmundsson póstmeistari. Vitnið hefur skýrt svo frá fundinum hinn 14. febrúar 1964, að þar hafi Þórður Einar óskað þess, að uppsögn, er hann hafði lagt fram í október 1963, tæki strax gildi. Vitnið heyrði Þórð viðurkenna, að hann, Þórður, hefði ekki kynnt sér, hvort innstæður væru fyrir tékkum, er hann hafði keypt í janúar- og febrúarmánuðum 1964. Þórður viðurkendi við þetta tækifæri, að með þessu hefði hann brotið gildandi reglur um kaup tékka á pósthúsinu.

Hinn 5. marz 1964 kom einnig fyrir dóm vitni Einar Bjarnason ríkisendurskoðandi, til heimilis að Glaðheimum 8 hér í borg. Um fundinn með ákærða Þórði Einari 14. febrúar 1964 hefur vitni þetta skýrt svo frá: Á fundinum viðurkendi Þórður póstvarðstjóri að hafa keypt um nokkurt skeið nokkra tékka án þess að athuga um innstæður þeirra. Með þessu viðurkendi Þórður berum orðum að hafa brotið reglur pósthússins. Þórður póstvarðstjóri skýrði frá því meðal annars, að haustið 1963 hefði hann keypt tékka án þess að athuga um innstæðu tékkans. Síðar hefði hann komizt að því, að tékkinn reyndist innstæðulaus, en eftir þetta kvaðst Þórður hafa keypt í nokkur skipti tékka, án þess að athuga nokkuð um innstæður, af sama aðilja. Vitnið hefur tekið fram, að samtalið hafi gengið út á það að ræða tékkaviðskipti Ísfélags Keflavíkur eingöngu við pósthúsið á Keflavíkurflugvelli.

Hinn 6. marz 1964 kom fyrir dóm sem vitni Sveinn Helgi Þórðarson aðalendurskoðandi, til heimilis að Ölduslóð 9, Hafnarfirði. Vitnið kom inn á fundinn með ákærða Þórði Einari hinn 14. febrúar 1964. Vitnið hefur greint svo frá, að við það tækifæri

hafi ákærði Þórður Einar óskað þess, að fyrri uppsögn sín tæki þegar gildi. Vitnið kveður, að ákærði Þórður Einar hafi sagt við þetta tækifæri eitthvað í þá áttina, að hann, Þórður, hefði vitað, hvernig komið hefði verið á s.l. ári (1963), að ekki var til fyrir tékkunum í póstaðgreiðslunni. Vitnið kveður Þórð hafa borið eitthvað fyrir sig um það, af hverjum ástæðum hann tilkynnti ekki yfirboðurum sínum það þá. Minnir vitnið, að Þórður hafi gert sér vonir um, að málið leystist. Vitnið Sveinn Helgi Þórðarson framkvæmdi sjóðskoðun í póstaðgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli hinn 11. febrúar 1964. Vitnið kom fyrir dóm hinn 4. marz 1964 og gaf skýrslu um þá skoðun. Fyrir dóminum skýrði vitnið meðal annars svo frá, að við skoðunina hafi komið í ljós, að tékkar, útgefnir af Albert K. Sanders fyrir hönd Ísfélags Keflavkur h/f, samtals að upphæð röska kr. 2.100.000.00, hafi legið í kassa póstaðgreiðslunnar. Vitnið man það, að það spurði Þórð póstaðgjafa þá, hvort hann, Þórður, hefði athugað, hvort innstæður væru fyrir tékkunum. Vitnið kveður, að Þórður hafi svarað því svo til, að hann hefði gert það. Vitnið kveður, að Þórður hafi bætt því við, að forráðamenn fyrirtækisins hefðu átt löng og mikil viðskipti við póstaðgreiðsluna, án þess að nokkuð hefði komið fyrir. Vitnið hefur og greint svo frá, að það hafi gert sjóðtölningu í póstaðgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli í marzmánuði 1963, þá var óvenju mikið fé í sjóðnum, meira en almennt gerist á pósthúsum. Vitnið man það ljóst, að við þetta tækifæri benti það Þórði póstaðgjafa á það að láta ekki svo mikið fé liggja í kassa póstaðgreiðslunnar. Vitnið lagði fyrir Þórð að sjá til þess að senda til Reykjavíkur fé utan hinna mánaðarlegu uppgjöra, ef mikið fé bærst póstaðgreiðslunni. Vitnið kveður ákærða Þórð hafa tekið vel í þetta.

Hinn 4. marz 1964 kom einnig fyrir dóm vitnið Engilbert Sigurðsson fulltrúi, Eskihlíð 18 hér í borg. Vitnið vann að sjóðtölningu í póstaðgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli 11. febrúar 1964 undir stjórn vitnisins Sveins Þórðarsonar. Vitnið man til þess, að Sveinn aðalendurskoðandi spurði Þórð Halldórsson póstaðgjafa um tékka þá, er lágu í kassa póstaðgreiðslunnar við það tækifæri. Vitnið hefur ekki getað greint frá því, hvernig orð féllu, en minnir, að Sveinn endurskoðandi hafi spurt ákærða Þórð eitthvað í þá áttina, hvort tékkarnir væru ekki góðir. Vitnið man til þess, að Þórður svaraði eitthvað í þá áttina, að ástæðulaust væri að ætla, að tékkarnir væru innstæðulausir, þar sem tékkar frá þessum fyrirtækjum hefðu ekki brugðizt.

## III.

Í desembermánuði 1960 keyptu þeir ákærðu Jósafat og Áki ásamt Ólafi Thordersen, þá frihafnarstjóra á Keflavíkurflugvelli, til heimilis að Grænási 1, Keflavíkurflugvelli, Verzlunarfélagið Kyndil h/f. Stjórnarformaður fyrirtækisins var skráður ákærði Áki Guðni, en prókúruhafi ákærði Jósafat. Fjármálin voru í höndum ákærða Jósafats, sem einnig var framkvæmdastjóri. Þó sá ákærði Áki Guðni um fjármál í undantekningartilfellum, er Jósafat var ekki viðlátinn. Fyrirtækið starfaði í Keflavík og rak þar smásöluverzlun. Í desembermánuði 1961 keyptu sömu aðiljar fyrirtækin Prentsmiðju Suðurnesja h/f og Kassagerð Suðurnesja h/f. Eignaskipting var hin sama og um verzlunarfyrirtækið Kyndil, hver aðilja átti  $\frac{1}{3}$  hluta fyrirtækjanna. Hin tvö síðastnefndu fyrirtæki störfuðu lítið í upphafi, og sýndu þau taprekstur. Um mitt ár 1962 óskaði Ólafur Thordersen eftir því að selja hluta sína í framangreindum fyrirtækjum. Frá sölunni var formlega gengið um áramót 1962—1963. Ákærði Jósafat keypti einn eignarhluta Ólafs í fyrirtækjunum. Um mitt ár 1962 keyptu ákærði Jósafat og ákærði Áki Guðni fyrirtækið Ísfélag Keflavíkur h/f. Ákærði Jósafat var í upphafi formaður stjórnar og framkvæmdastjóri með prókúruumboði. Fram hafði komið hugmynd fyrri eiganda síðastnefnds fyrirtækis um að breyta fasteign fyrirtækisins í nýttizku frystihús. Hinir nýju eigendur ákváðu að hrinda hugmynd þessari í framkvæmd. Ákærði Áki Guðni sá að mestu um verklegar framkvæmdir, en ákærði Jósafat um fjármál. Á miðju ári 1963 réðist til fyrirtækisins ákæri Albert Karl. Í ráði var, að ákærði Albert tæki við rekstri frystihússins, er það tæki síðar til starfa. Úr varð, að ákærði Albert Karl tók við prókúruumboði í októbermánuði 1963 fyrir Ísfélag Keflavíkur h/f. Ákærði Albert Karl vann samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar hverju sinni. Framangreindur háttur var á um fyrirtæki þetta, þar til rannsókn máls þessa hófst.

Upplýst er í máli þessu, að framangreind fyrirtæki sendu peningasendingar í gegnum póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli, svo sem nánar verður rakið.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat lýst upphafi á útgáfu tékka, er ekki höfðu innstæðu, á þann hátt, að við athugun á reikningsyfirliti viðskiptareiknings Kyndils h/f við Sparisjóðinn í Keflavík hafi sézt, að tékkar fyrirtækisins, er seldir höfðu verið í póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli sem greiðslur í símapóstávisunum, er fyrirtækið hafði greitt með skuldir, komu ekki í

sparisjóðinn til innlausnar fyrr en fyrstu daga í næsta mánuði eftir útgáfudag þeirra. Athugun þessi hafi farið fram í janúar-mánuði 1962. Honum og Ólafi Thordersen hafi komið saman um, að með því að selja tékka í póstaftgreiðslunni á flugvellinum, án þess að innstæður væru fyrir tékkunum, væri mjög sennilegt, að takast mætti að afla stuttra lána vegna tímans, er leið frá söludegi til innlausnardags tékkanna. Hann, meðákærði Áki Guðni, og Ólafur hafi orðið ásáttir um að reyna að afla Kyndli rekstrarfjár á þennan hátt.

Fyrir dómi hefur nefndur Ólafur neitað því, að hann hafi tekið þátt í bollaleggingum um að afla Kyndli lána, svo sem lýst hefur verið. Á hinn bóginn hafi ákærði Jósafat skýrt honum frá því, að hann, Jósafat, gæfi stundum út tékka vegna Kyndils h/f án innstæðu í því trausti, að tékkarnir kæmu ekki fyrr en eftir ákveðinn tíma í sparisjóðinn. Þar sem um óverulegar upphæðir hafi verið að ræða, er hægt hefði verið að greiða í reiðufé, kvaðst Ólafur ekki hafa gert athugasemdir um þetta. Framburð Ólafs, er rakið hefur verið úr, hefur ákærði Jósafat við sampröfun talið réttan.

Ákærði Jósafat hefur greint frá því, að í febrúarmánuði 1962 hafi hann fyrir alvöru byrjað á útgáfu innstæðulausra tékka pr. pr. Kyndill h/f á hlaupareikning félagsins við Sparisjóðinn í Keflavík. Hann hafi greitt með tékkum þessum í póstaftgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli símapóstávisanir, en féð raunverulega runnið til sendanda, og þannig hafi verið komið á fót „keðju-tékkafyrirkomulagi“. Í fyrstu hafi hann jafnan gefið út tékkana pr. pr. Kyndill h/f. Þá hafi einnig verið gripið til þess ráðs að gefa út tékka pr. pr. Kassagerð Suðurnesja h/f. Þá tékka hafi meðákærði Albert Karl, er var prókúruhafi við fyrirtækið, gefið út. Meðákærði Albert Karl hafi á hinn bóginn ekki verið settur inn í það, í hverjum tilgangi tékkarnir voru útgefnir. Hann hafi útbúið skrá yfir sendendur og móttakendur og í fyrstu sent skrifstofustúlku sína með skrárnar og greiðslutékkana í póstaftgreiðsluna. Upphæðir hinna innstæðulausna tékka hefðu farið vaxandi, sérstaklega eftir kaup Ísfélagsins, en þá hafi hann gefið út tékkana sem prókúruhafi í fyrstu. Er meðákærði Albert Karl hafi tekið við prókúrumboði sínu haustið 1963, hafi hann undirritað tékkana. Sjálfur hafi hann útfyllt tékkana og komið þeim í veltuna ásamt meðákærða Áka Guðna, en meðákærða Albert Karli hafi ekki verið ljóst, hvernig í málum lá.

Eftir að símapóstávisanirnar höfðu verið sendar, hefði hann,

ákærði Jósafat, sótt þær nærri undantekningarlaust til aðiljans í Reykjavík, er sendingin hljóðaði á, nema um beinar greiðslur hefði þá verið að ræða. Þeir aðiljar, sem tekið höfðu á móti peningunum í Reykjavík, hefðu fengið þær skýringar, að þar sem hann, ákærði Jósafat, væri staddur í Reykjavík og vantaði reiðufé í sambandi við viðskipti, en hefði enga fasta addressu og ekki væri hægt að senda í rútu, væri þessi leið farin að senda til þeirra. Aðiljarnir, er veittu fénu móttöku, hafi ekki um það vitað, að nokkuð væri athugavert við sendingarnar. Um hver mánaðamót, er uppgjör hafi farið fram í póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli, hafi sömu veltunni verið haldið gangandi. Þá daga, sem liðu til að koma sendingu upp í sömu upphæð og voru mánuðina á undan, hafi hann, ákærði Jósafat, alltaf átt innskot hjá einstaklingum og bankastofnunum frá 7—20 dögum. Hann telji, að um mánaðamótin janúar og febrúar 1964 hafi tékkaupphæðin í póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli verið ca. kr. 2.000.000.00 og enda þótt sú upphæð kunni að hafa aukizt, skoði hann sig persónulega ábyrgan á þeim tékkum Ísfélagsins h/f, er þar reyndust vera innstæðulausir við athugun, enda hafi það aldrei verið ætlun sín, að einn eða neinn skaðaðist persónulega á honum eða fyrirtækjum þeim, er hann á í.

Fyrir dómi hinn 3. marz 1964 skýrði ákærði Áki Guðni meðal annars svo frá, að starfskipting þeirra eigenda Ísfélags Keflavíkur hafi verið mjög skýr. Hann hafi séð um verklegar framkvæmdir við fasteign félagsins, en meðákærði Jósafat hafi séð um fjármálin. Eftir að meðákærði Albert Karl hafi fengið prókúrumboð sitt, hafi hann að einhverju leyti séð um fjármálin. Í fyrstu hafi starfsemi félagsins gengið vel að mati hans og hafi hann ekki rennt grun í það, að allt væri ekki með felldu um fjármálin fyrr en síðari hluta árs 1963. Þá hafi grunsemdir hans vaknað um, að fjárhagur Ísfélagsins væri ekki sem beztur. Síðustu mánuði ársins 1963 hafi meðákærði Jósafat oft sent hann upp í póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli til að senda símapóstávisanir til ýmissa aðilja í Reykjavík. Símapóstávisanir þessar hafi verið greiddar með tékkum, annað hvort frá Ísfélaginu eða öðrum fyrirtækjum, er meðákærði Jósafat átti í og stjórnaði. Ákærði Jósafat hafi sagt honum, að sending símapóstávisananna stæði í sambandi við, að meira fé vantaði í fyrirtækin. Meðákærði Jósafat hafi útskýrt það fyrir honum, að tékkarnir, sem voru endurgjald fyrir símapóstávisanirnar, væru ekki innleystir í póstafgreiðslunni utan einu sinni í mánuði og þannig hefði hann

hugsað sér að ná inn í fyrirtækin rekstrarfé með því að senda slíkar símapóstávisanir, sækja andvirði símapóstávisananna til móttakanda og nota féð í reksturinn. Sending á símapóstávisunum hafi farið fram um hver mánaðamót síðustu þrjá mánuði ársins 1963, þannig að síðustu sendingarnar, er meðákærði Jósafat hafi séð um, hafi farið fram í janúar 1964. Meðákærði Jósafat hafi frá fyrstu tíð séð um fjármálahlíð fyrirtækisins. Hann hafi treyst Jósafat til þess að sjá um fjármálin. Hann hafi því ekki fylgzt með viðskiptunum við póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli með nákvæmni. Þannig hafi hann ekki vitað um samantlagðar upphæðir tékka, er lágu innstæðulausir frá fyrirtækjum þeirra meðákærða Jósafats í póstafgreiðslunni hverju sinni. Hann telji, að meðákærði Jósafat hafi yfirleitt gefið tékkana út sjálfur á árinu 1963, en þá tékka, er meðákærði Jósafat seldi í janúar 1964 í póstafgreiðslunni, hafi hann vitað til, að meðákærði Albert Karl hafi gefið út fyrir Ísfélagið. Meðákærði Jósafat hafi þó ritað meginmál tékkanna, en skýringin sé sú, að meðákærði Albert Karl hafi undirritað tékkana óútfyllta og afhent þá meðákærða Jósafat þannig, er meðákærði Albert Karl fór til útlanda, sem nánar verður rakið síðar. Fyrir dómi hinn 7. marz 1964 skýrði ákærði Áki Guðni meðal annars svo frá, að hann hefði ekki vitað um keðjutékkafyrirkomulagið í póstafgreiðslunni fyrr en sennilega í október 1963. Þá hafi hann fengið fulla vitneskju um það, hvernig fyrirtækin fengu rekstrarfé með keðjutékkunum. Hann kvaðst þó hafa haft grunsemdir um það, að meðákærði Jósafat væri að reyna að bjarga fjárhag fyrirtækjanna fyrir milligöngu póstafgreiðslunnar. Á þeim tíma, er áður getur um, hafi meðákærði Jósafat skýrt sér frá því, hvernig hátturinn væri á því að afla fjár gegnum póstafgreiðsluna. Síndi meðákærði Jósafat honum fram á það, hvernig slíkt væri hægt, þar eð ákærði Þórður póstvarðstjóri gerði einungis upp einu sinni í mánuði. Meðákærði Jósafat hafi sagt sér að hafa engar áhyggjur út af fjármálum fyrirtækjanna, um þau gæti hann, ákærði Jósafat, séð sjálfur án aðstoðar. Meðákærði Jósafat hafi fullvissað hann um það, að hætta væri ekki á ferðum.

Við sampröfun ákærðu Áka Guðna og Jósafats sama dag hélt ákærði Áki Guðni fast við það, að hann hefði ekki komizt að útgáfu keðjutékka fyrr en um haustið 1963, er meðákærði Jósafat hafi upplýst hann um það atriði. Hann hafi þá fengið að vita, að innstæðulausir tékkar voru þá í umferð vegna fyrirtækjanna, er hann og meðákærði Jósafat áttu í, að upphæð kr.

1—2.000.000.00. Ákærði Jósafat hélt fast við það, að ákærða Áka Guðna hefði verið um það kunnugt, að keðjutékkar svokallaðir voru settir í umferð í janúarmánuði 1962 vegna Kyndils h/f, enda þótt meðákærði Áki Guðni hefði ekki átt hugmyndina að þeirri framkvæmd. Meðákærða Áka Guðna hafi þá verið kunnugt um upphæðir tékkanna, er lágu fyrir í póstaftgreiðslunni, enda hafi hann fengið upplýsingar um það frá Þórði póstvarðstjóra við uppgjör Þórðar og einnig frá honum. Hann telji meðákærða Áka Guðna hafa að öllu leyti séð um þá hlið viðskiptanna, er laut að póstaftgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli frá miðju ári 1963. Hann hafi hins vegar sjálfur séð um að ná í féð til Reykjavíkur.

Fyrir dómi hefur ákærði Albert Karl skýrt svo frá hinn 3. marz 1964, að hann hafi starfað fyrir ýmis fyrirtæki á Ísafirði sem skrifstofumaður allt fram til febrúarmánaðar 1962, en þá hafi hann ráðizt til fyrirtækisins Kassagerðar Suðurnesja h/f. Hann hafi að mestu séð um rekstur þess fyrirtækis. Hann hafði prókúruumboð fyrir fyrirtækið. Í marzmánuði 1963 hafi hann ráðizt til annarra fyrirtækja, er ekki lúta að máli þessu. Hinn 15. ágúst 1963 hafi hann ráðizt til Ísfélags Keflavíkur h/f. Aðaleigendur hafi þá verið þeir meðákærði Jósafat og meðákærði Áki. Honum hafi verið afhent eitt hlutabréf í fyrirtækinu að upphæð kr. 50.00. Hann hafi verið ráðinn framkvæmdastjóri félagsins og hafi starf hans verið fólgið í því að sjá um verklegar framkvæmdir við endurbætur á fasteign félagsins. Framkvæmdirnar hafi miðað að því að reka frystihús. Ætlun stjórnarinnar hafi verið að fela honum rekstur frystihússins, er það tæki til starfa. Stjórnarformaður félagsins, meðákærði Jósafat, hafi óskað þess við hann, að hann tæki við prókúruumboði fyrir félagið. Úr hafi orðið, að hann hafi tekið við prókúruumboði í nóvemberlok 1963. Jósafat stjórnarformaður hafi haft prókúruumboð ætíð. Enn fremur hafi meðákærði Áki fengið prókúruumboð á sama tíma og hann. Í starfi sínu hafi hann meðal annars samþykkt víxla vegna félagsins og jafnvel gefið út tékka fyrir ýmsum minni greiðslum. Hins vegar hafi hann ekki haft með meiri háttar fjármálaviðskipti að gera. Hinn 8. desember hafi hann farið til útlanda á vegum félagsins. Hann hafi komið aftur til landsins 23. desember 1963. Hann hafi farið utan að nýju 27. sama mánaðar og komið að utan aftur 9. eða 10. janúar 1964. Áður en hann hafi farið utan í byrjun desember, hafi meðákærði Jósafat óskað þess við hann, að hann undirritaði tékka fyrir hönd Ís-

félagsins, en slíkt hafi meðákærði Jósafat talið nauðsynlegt vegna greiðslna, er til kynnu að falla í fjarveru hans. Hann hafi þannig undirritað 20—30 tékka fyrir hönd Ísfélagsins, án þess að meginmál þeirra væri ritað, og afhent Jósafat. Hann hafi í einu eða tveim tilvikum öðrum en þessum undirritað tékka fyrir hönd Ísfélagsins og afhent þá meðákærða Jósafat óútfyllta og þá hafi verið um eitt eða tvö tékkablöð að ræða hvort sinn. Störf hans erlendis vegna Ísfélagsins h/f hafi verið þau að ganga frá afurðaláni ensku að upphæð £ 18.000. Lánið hafi fengizt og verið lagt inn á hlaupareikning Ísfélagsins h/f við Útvegsbanka Íslands í Reykjavík. Hann hafi annazt um að greiða af láni þessu nauðsynlegar skuldir félagsins. Frekari afskipti af málum félagsins hafi hann ekki haft allt fram yfir mánaðamótin janúar og febrúar 1964. Fyrir dómi hinn 9. apríl 1964 hefur ákærði Albert Karl skýrt svo frá, að í 2 eða 3 skipti seinni part árs 1963 hafi hann farið með lokuð umslög að beiðni meðákærða Jósafats upp í póstafrgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli. Hann hafi ekki spurt meðákærða Jósafat um það, hvers eðlis þessi viðskipti væru við póstafrgreiðsluna, en hann hafi reiknað með því, að meðákærði Jósafat væri að símsenda peninga gegnum póstafrgreiðsluna, en hann hafi orðið var við það í bókhaldi Kyndils, að meðákærði Jósafat hefði iðulega símsent peninga í gegnum póstafrgreiðsluna. Hann hafi ekki verið viðriðinn sendingar póstafrvísana, hvorki vegna fyrirtækja né persónulega, allt fram í febrúarmánuð 1964.

Fyrir dómi hinn 27. febrúar 1964 hefur ákærði Þórður Einar skýrt svo frá, að Ísfélag Keflavíkur h/f hafi í um það bil hálf tanna síðastliðið ár haft viðskipti við póstafrgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli, þannig að senda símapóstafrvísanir frá póstafrgreiðslunni. Enn fremur hafi fyrirtæki sömu eigenda haft sams konar viðskipti. Í upphafi viðskiptanna við fyrirtæki þessi hafi hann stundum athugað um það, hvort innstæður væru fyrir hendi á greiðslutékkum frá framangreindum fyrirtækjum. Það hafi reynt vera í þeim tilvikum, er hann athugaði um það. Hann hafi sjálfur miklu oftari tekið við greiðslutékkum vegna símapóstafrvísana heldur en afgreiðslustúlkan. Hann setti afgreiðslustúlkan engar reglur um það, hvernig hún ætti að bera sig að við að kaupa tékka í sambandi við starfrækslu póstafrgreiðslunnar. Hann hafi orðið var við, að stúlkan tók á móti greiðslutékkum til póstafrgreiðslunnar að allháum upphæðum. Hann hafi engar athugasemdir um það gert. Fjárhagslegt uppgjör hafi jafnan farið fram einu sinni í mánuði við pósthúsið í Reykjavík. Þá

hafi hann afhent fé það, er borizt hafði póstafrgreiðslunni viðkomandi mánuð. Hann hafi ekki verið beðinn um annars konar uppgjör. Hann kannist ekki við að hafa fengið óskir um að skila fé utan mánaðaruppgjöra, ef mikið fé bærisk. Hann hafi því haft það fyrir fasta reglu öll árin að gera upp fjármálin við pósthúsið í Reykjavík einu sinni í mánuði einungis, þó í 2—3 tilvikum hafi aðalgjaldkeri pósthússins í Reykjavík haft samband við hann í síma og óskað þess, að hann sendi fé utan hinna föstu mánaðargreiðslna. Fyrir dómi hinn 6. marz 1964 skýrði ákærði Þórður Einar meðal annars svo frá, að sú aukning, er sýnilega verður í febrúarmánuði 1962 á heildarupphæð tékka og stígandi, er þar verður á eftir, á heildarupphæðinni, megi að mestu rekja til fyrirtækja ákærða Jósafats og ákærða Áka Guðna. Hann ítreki, að í upphafi viðskiptanna hafi verið innstæða fyrir tékkum fyrirtækjanna. Hann hafi ekki athugað um tékka frá Ísfélagi Keflavíkur h/f, er það fyrirtæki hóf að senda símapóst-ávísanir frá póstafrgreiðslunni og að greiða þær þar með tékkum. Hann ætli, að ástæðan fyrir því, að hann athugaði ekki með tékkana, að eigendur Ísfélagsins hafi átt sams konar viðskipti við póstafrgreiðsluna í marga undangengna mánuði, án þess að nokkuð væri athugavert við viðskiptin.

Til glöggvunar fer hér á eftir heildarskrá um upphæðir sendra símapóstávísana frá póstafrgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli yfir hvern mánuð frá 1/1 1961 til 14/2 1964, enn fremur frá 15/2 1964 út marzmánuð 1965:

	1961	1962	1963	1964
Janúar . . .	22.391.70	51.381.80	1.072.899.57	2.585.572.45
Febrúar . . .	29.584.41	295.013.97	1.350.045.92	2.167.384.23
Marz . . . .	22.329.36	429.201.94	1.453.633.59	til 14/2 1964
Apríl . . . .	34.478.57	463.476.95	1.954.091.35	
Mái . . . . .	32.529.75	681.851.20	320.807.10	
Júní . . . . .	17.536.21	566.149.40	1.085.927.72	
Júlí . . . . .	42.318.20	822.183.38	2.575.287.33	
Ágúst . . . .	56.717.85	860.258.37	1.872.751.00	
September .	59.328.67	778.641.95	1.888.296.08	
Október . . .	3.761.50	736.308.81	1.787.732.00	
Nóvember . .	26.602.19	867.536.30	2.439.872.45	
Desember . .	37.839.50	842.287.74	3.590.324.17	
	Kr. 385.417.91	7.394.291.81	21.391.668.28	4.752.956.68

	1964	1965
Febrúar (15/2—5/3) ..	9.797.00	Janúar . . . . . 20.476.05
Marz . . . . .	6.668.00	Febrúar . . . . . 10.787.00
Apríl . . . . .	25.921.80	Marz . . . . . 22.520.15
Mai . . . . .	13.191.00	
Júní . . . . .	34.614.00	
Júlí . . . . .	37.454.70	
Ágúst . . . . .	25.603.88	
September . . . . .	57.132.95	
Október . . . . .	10.356.80	
Nóvember . . . . .	11.859.30	
Desember . . . . .	36.944.60	
	<hr/>	<hr/>
	Kr. 269.544.03	Kr. 53.783.20

## IV.

Fyrir dómi hinn 6. marz 1964 hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá, að hann hafi frá fyrstu dulið meðákærða Þórð Einar póstvarðstjóra, hvernig háttaði um símapóstávisanirnar og það hafi ekki verið fyrr en meðákærði Áki tók að sér að skýra fyrir meðákærða Þórði Einari, hvernig málin stæðu, að hann vissi, að allt væri ekki með felldu með tékkana. Atvik að því hafi verið þau, að meðákærði Áki Guðni og hann hafi rætt um það um haustið 1963, í ágúst eða september, að gott væri að vita, hvenær póstafrgreiðslan á Keflavíkurlflugvelli sendi frá sér tékka, til þess að skapa meira öryggi í viðskiptunum. Úr hafi orðið, að meðákærði Áki Guðni hafi gengið á fund meðákærða Þórðar Einars póstvarðstjóra til þess að óska þess við hann, að hann léti þá meðákærða Áka Guðna vita um, hvenær hann sendi frá sér tékka frá fyrirtækjum hans og meðákærða Áka Guðna, er lágu í póstafrgreiðslunni sem greiðslur á símapóstávisunum. Meðákærða Áka Guðna hafi verið gert að skýra meðákærða Þórði Einari frá því, að fyrirtækin ættu von á góðum lánum, sem mundu notuð til þess að greiða pósthúsinu. Eftir fund meðákærðu Áka Guðna og Þórðar Einars hafi meðákærði Áki Guðni skýrt honum frá því, að meðákærði Þórður Einar hefði lofað að láta þá vita, þegar hann sendi tékka vegna mánaðaruppgjöra póstafrgreiðslunnar. Sá háttur hafi orðið á, að meðákærði Þórður Einar póstvarðstjóri hafi yfirleitt alltaf látið ákærða Áka Guðna vita, hvenær mánaðaruppgjör yrðu send. Mánaðaruppgjörin hafi venjulega verið send fyrstu viku hvers mánaðar fyrir mánuðinn á undan. Þá viku

hafði póstafrgreiðslan á Keflavíkurflugvelli keypt nýja tékka af fyrirtækjunum vegna sendinga á símapóstávisunum. Andvirði þeirra símapóstávisana var þá annað hvort notað til þess að leggja inn fyrir tékkunum fyrir mánuðina á undan eða beinlínis til þess að kaupa að nýju þá tékka af póstafrgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli. Meðákærði Áki Guðni hafi séð um kaup tékkanna. Áður en ákærði Þórður Einar hafi verið beðinn um að láta þá vita um tékka fyrirtækjanna, hvenær þeir færu úr póstafrgreiðslunni, hafi það oft komið fyrir, að tékkar kæmu inn á hlaupa-reikning fyrirtækjanna um mánaðamót, er ekki reyndist innstæða fyrir í augnablikinu. Hann hafi jafnan getað bjargað tékkum þessum með stuttum skyndilánum.

Hinn 7. marz 1964 komu ákærðu Áki Guðni og Jósafat fyrir dóm. Ákærði Áki Guðni mótmælti þá því að hafa séð um endurkaup tékka, er lágu innstæðulausir vegna fyrirtækja þeirra meðákærða Jósafats í póstafrgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli, eða að hafa séð um að öðru leyti þá hlið viðskiptanna, er lutu að því að koma tékkum þar á framfæri. Í þau skipti, er hann hafi farið í póstafrgreiðsluna vegna fyrirtækjanna, hafi hann komið fram sem sendimaður fyrirtækjanna og farið þar að að öllu leyti að beiðni meðákærða Jósafats. Hann hafi afhent lokuð umslög í afgreiðsluna og þá tekið til baka önnur umslög til fyrirtækjanna. Hann hafi engan veg né vanda haft af sendingu símapóstávisana. Ákærði Áki Guðni ítrekaði þá, að hann hefði ekki komizt að því, hvernig komið var í póstafrgreiðslunni, fyrr en um haustið 1963. Vel geti verið, að á þeim tíma hafi hann rætt um mál þessi við meðákærða Þórð Einar og þá jafnvel fengið upplýsingar hjá meðákærða Þórði Einari um einstök uppgjör hans, en hefur talið útilokað, að hann hafi gefið honum mánaðarlegar skýrslur um uppgjör við pósthúsið í Reykjavík.

Hinn sama dag kom ákærði Þórður Einar fyrir dóm og skýrði meðal annars svo frá, að um haustið 1963 hefði meðákærði Áki Guðni komið til hans, ef til vill í septembermánuði, til að spyrjast fyrir um, hvenær hann sendi frá sér tékka fyrirtækja þeirra, er hann og meðákærði Jósafat áttu í, þ. e. tékka þeirra, er voru greiðslur símapóstávisana. Hann hafi skýrt meðákærða Áka Guðna frá því, að hann sendi tékkana 5.—10. hvers mánaðar og hafi hann þá átt við þá tékka, er gefnir voru út mánuðinn á undan. Þá hafi hann tvo til þrjá mánuði ársins 1963, í nokkur skipti, leyft meðákærða Áka Guðna vegna áðurgreindra fyrirtækja að kaupa tékka að nýju, er lagðir höfðu verið inn í póstafrgreiðsluna

sem greiðsla símapóstávisana. Meðákærði Áki Guðni hafi þannig keypt hverju sinni tékka fyrir kr. 200—300.000.00. Sama dag skýrði ákærði Áki svo frá um endurkaup tékka, er ákærði Þórður hefur nú greint frá, að endurkaupin hafi farið fram, en hann hafi þar verið sendur af meðákærða Jósafat. Hann hafi verið sendur með peninga í lokuðum umslögum. Hann hafi afhent umslögin í afgreiðslu pósthússins. Þar hafi honum verið fengin önnur umslög til baka, lokuð umslög að hann minni, en í þeim umslögum hafi hann vitað, að hafi verið eldri tékkar frá fyrir-tækjum þeirra meðákærða Jósafats. Ákærði Þórður Einar hefur talið lýsingu meðákærða Áka Guðna rétta um endurkaup tékka-anna. Samræmi hefur á hinn bóginn ekki náðst í framburði ákærðu Jósafats og Áka Guðna varðandi þá fullyrðingu ákærða Jósafats, að meðákærði Áki Guðni hafi jafnan látið hann vita, er ákærði Þórður sendi mánaðaruppgjör til pósthússins í Reykjavík einhvern tíma haustsins 1963. Ákærði Áki Guðni hefur haldið fast við það, að meðákærði Þórður Einar hafi í eitt sinn gefið sér almennar upplýsingar um sendingu slíkra uppgjóra frá póst-afgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli. Ákærði Þórður hefur skýrt frá um þetta atriði á sömu lund og ákærði Áki Guðni.

Vegna rannsókna á verktakastarfsemi ákærða Jósafats, er leitt hefur til ákæru í máli þessu, var ákærði Jósafat úrskurðaður í gæzluvarðhald hinn 31. janúar 1964. Í gæzluvarðhaldinu sat ákærði Jósafat í 45 daga.

## V.

Vegna skipta ákærðu Áka Guðna og Alberts Karls fyrir hönd Ísfélags Keflavíkur h/f við póstafrgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli eftir 31. janúar 1964 þykir nauðsyn bera til upplýsinga í málinu að rekja nokkuð framburði ákærðu Áka Guðna og Alberts Karls og enn fremur ákærða Þórðar Einars.

Fyrir dómi hefur ákærði Áki Guðni skýrt svo frá, að einum til tveim dögum eftir að meðákærði Jósafat var úrskurðaður í gæzluvarðhald, svo sem rakið hefur verið, hafi meðákærði Þórður Einar komið að máli við sig. Meðákærði Þórður Einar hafi þá skýrt honum svo frá, að innstæðulausir tékkar vegna Ísfélags Keflavíkur h/f lægju í kassa póstafrgreiðslunnar og yrði annað tveggja að gera, að greiða tékkana eða þá að gefa út nýja tékka, þannig að hægt yrði að eyðileggja tékkana í kassanum, til þess að uppgjör við pósthúsið í Reykjavík gæti farið fram fyrir janúar-mánuð 1964. Honum hafi ekki komið þetta erindi meðákærða Þórðar Einars á óvart, hins vegar, er meðákærði Þórður Einar

hafi nefnt upphæð hinna innstæðulausu tékka, en upphæðina hafi hann verið með á strimli og reyndist vera rösklega kr. 2.500.000.00, þá hafi honum brugðið mjög við upplýsingarnar. Hann hafi sagt meðákærða Þórði Einari, að hann mundi athuga málið. Hann hafi sett sig þegar í samband við meðákærða Albert Karl og skýrt honum frá samtali þeirra meðákærða Þórðar Einars. Meðákærða Albert Karli hafi sýnilega brugðið mjög mikið við tíðindi þessi, ekki sízt, er hann skýrði honum frá því, að hann, Albert Karl, væri útgefandi allra tékkanna vegna Ísfélagsins, en það hafði meðákærði Þórður Einar upplýst hann um. Litlu síðar hafi þeir meðákærði Albert Karl átt annan fund um málið, en þá hafi hann verið búinn að afla sér gagna varðandi Ísfélagið, er eiginkona meðákærða Jósafats hafði afhent honum. Meðal gagnanna hafi hann talið sig finna áætlun meðákærða Jósafats um það, hvornig fleyta skyldi tékkunum í póstaafgreiðslunni áfram. Gagn þetta, er ákærði Áki Guðni greinir frá í framburði sínum, hefur verið lagt fram í dóminum, og hefur meðákærði Jósafat viðurkennt, að þar sé um áætlun sína að ræða til að framfleyta innstæðulausum tékkum, er þá voru í vörzlu póstaafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli. Ákærði Áki Guðni skýrði þá svo frá, að þá hafi orðið að ráði með þeim meðákærða Albert Karli að reyna að fleyta tékkunum í póstaafgreiðslunni áfram í samræmi við áætlunina í þeirri von, að meðákærði Jósafat yrði fljótt frjáls ferða sinna og gæti sjálfur komið fram til þess að ráða fram úr málinu. Að samkomulagi hafi orðið, að meðákærði Albert Karl gæfi út tékka vegna Ísfélagsins til greiðslu á símapóstávísunum, næði síðan í andvirði símapóstávísana og leysti síðan út eldri tékka. Í gögnum málsins hefur ákærði Áki séð ljósrit tékka þeirra, er lágu í kassa pósta-deildarinnar á Keflavíkurflugvelli við endurskoðun þar, eða tékka þá, er raktir eru í staflíðum 4—11 í II. kafla A II. þáttar ákæru. Allir eru tékkarnir útgefnir í Keflavík á hlaupareikning Ísfélags Keflavíkur h/f við Sparisjóðinn í Keflavík, nr. 40, og allir undirritaðir pr. pr. Ísfélag Keflavíkur h/f, Albert K. Sanders. Tékkarnir í staflíðum 4, 5 og 6 í ákæru eru allir gefnir út 3. febrúar 1964 og eru samtals að upphæð kr. 1.142.249.00. Tékki í staflíð 7, útgefinn 5. febrúar 1964, að upphæð kr. 368.361.41. Tékkarnir í staflíðum 8—11 eru allir gefnir út 6. febrúar 1964 og eru samtals að upphæð kr. 649.359.12, eða samtals allir tékkarnir að upphæð kr. 2.159.969.53. Hann hafi séð um að fara með tékkana í pósthúsið. Hann hafi lagt tékkana þar inn í lokuðum umslögum.

Móttakendur símapóstávisananna í Reykjavík hafi verið Arngrímur og Kristján Arngrímssynir, bræður meðákærða Jósafats, og Pétur Einarsson, Austurstræti 12, viðskiptafélagi meðákærða Jósafats. Sumpart hafi símapóstávisanirnar átt að leggjast inn á reikninga við Verzlunarbancann og Útvegsbankann í Reykjavík. Hann og meðákærði Albert Karl hafi persónulega talað við viðtakendurna þrjá, er fallizt höfðu á að taka við peningunum og afhenda þá að nýju honum og meðákærða Albert Karli. Ákærða Þórði Einari hafi tvisvar sinnum verið afhentir peningar í febrúarmánuði 1964 til kaupa á innstæðulausum tékkum Ísfélagsins, útgefnum í janúarmánuði sama ár. Í fyrra sinn hafi hann afhent meðákærða Þórði Einari peninga í pósthúsinu að þeirri upphæð, er framangreindir greiðslutékkar, útgefnir 3. febrúar 1964, hljóða um, eða kr. 1.142.249.00, en á útgáfudegi tékkanna fór fram sending peninga í gegnum póstafrgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli, og var greitt fyrir þá sendingu með nefndum tékkum. Þá hafi þeir meðákærði Albert Karl sent símapóstávisanir hinn 5. og 6. febrúar 1964 og greitt þær með tékkunum, er dagsettir eru þá daga. Síðari peningaafhendingin til meðákærða Þórðar Einars hafi farið fram á heimili sínu að kvöldi 6. eða 7. febrúar 1964. Meðákærði Þórður Einar hafi þá við móttöku fjárisins frá honum og meðákærða Albert Karli afhent janúartékka sömu upphæðar.

Ákærði Albert Karl hefur skýrt frá málavöxtum í febrúarmánuði 1964 á viðlíka hátt og ákærði Áki. Hann hafi orðið forviða, er hann frétti um hina innstæðulausu tékka við póstafrgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli að upphæð um kr. 2.500.000.00. Hann hafi ekki vitað um tékka þessa og þá ekki, að hann væri útgefandi þeirra fyrir hönd Ísfélags Keflavíkur h/f. Að ráði hafi orðið með þeim meðákærða Áka Guðna að framfleyta tékka-keðjunni og þannig hafi skipazt, að hann hafi gefið út hinn 3. febrúar tékka, samtals að upphæð kr. 1.142.249.00, svo sem rakið hefur verið. Meðákærði Áki Guðni hafi komið tékkunum upp í póstafrgreiðslu og greitt með þeim símapóstávisanir sömu upphæða. Móttakendur fjárisins í Reykjavík hafi verið þeir aðiljar, er greint hefur verið frá. Móttakendurnir hafi allir fallizt á að taka við fénu, án þess að þeim hafi verið gefnar skýringar á. Hinn 4. febrúar 1964 höfðu þeir meðákærði Áki Guðni farið til Reykjavíkur og sótt féð til móttakenda þess. Næsta dag hafi meðákærði Áki Guðni tekið peningana og farið með þá í póstafrgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli. Meðákærði Áki Guðni hafi sagt sér strax á eftir, að hann hefði fengið tékka, útgefna í janúar,

sömu upphæða og fé því nam, er hann afhenti í póstaftgreiðslunni hjá meðákærða Þórði Einari. Hann hafi ekki séð janúartékka þessa. Meðákærði Áki Guðni hafi sagt sér, að hann hefði rifið þá tékka. Hinn 5. febrúar hafi hann gefið út í sama tilgangi tékka að upphæð kr. 368.361.41, sbr. 7. tölulið II. kafla A II. þáttar ákæru. Meðákærði Áki Guðni hafi komið tékkanum í póstaftgreiðsluna og upphæð hans hafi verið lögð inn á reikning, er Ísfélag Keflavíkur átti við Útvegsbankann í Reykjavík. Hinn 6. febrúar hafi hann síðan ritað enn í sama skyni fyrir hönd Ísfélagsins 4 tékka, samtals að upphæð kr. 649.359.12. Peningarnir hafi verið lagðir inn í Útvegsbankann í Reykjavík og enn fremur Verzlunarbancann, þó hafi nefndir Pétur Einarsson og Arngrímur Arngrímsson tekið við nokkru af andvirði tékkanna. Eftir peningasendinguna 6. febrúar hafi meðákærði Áki Guðni farið til Reykjavíkur til að ná í andvirði símapóstávisananna til Péturs og Arngríms. Hann muni það með vissu, að meðákærði Áki Guðni hafi komið með peningana úr Reykjavík föstudaginn 7. febrúar 1964. Að kvöldi þess dags hafi hann farið heim til meðákærða Áka Guðna og þangað hafi einnig komið meðákærði Þórður Einar. Þar hafi ákærða Þórði Einari verið afhent mikið reiðufé, örugglega nokkur hundruð þúsund krónur, og minni hann fastlega, að meðákærði Þórður Einar hafi ekki í það sinn afhent tékka í staðinn, heldur hafi hann afhent meðákærða Áka Guðna janúartékkana daginn eftir. Hann muni til þess í umrætt skipti að hafa minnst á það við meðákærða Þórð Einar, hvort hægt yrði fyrir hann að geyma tékka þannig fyrir þá. Hann minni, að meðákærði Þórður Einar hafi svarað því til, að það væri allt í lagi að geyma tékkana einhvern tíma.

Við samprófun ákærðu Alberts Karls og Þórðar Einars taldi Þórður Einar meðákærða Albert Karl skýra rétt frá um fund þeirra 7. febrúar 1964 ásamt meðákærða Áka Guðna. Ákærði Þórður Einar mótmælti því þá að hafa lofað þeim ákærðu Áka Guðna og Albert Karli að geyma fyrir þá tékka í póstaftgreiðslunni eða að hafa haft orð á því, að slík geymsla væri möguleg í stuttan tíma. Ákærði Albert Karl hefur á hinn bóginn haldið fast við fyrri framburð um þetta, en samræmi hefur ekki náðst í framburðina.

Í samprófun þeirra ákærðu Áka Guðna og Þórðar Einars hefur Áki Guðni haldið fast við það, að meðákærði Þórður Einar hafi komið að máli við hann einum til tveim dögum eftir að meðákærði Jósafat fór í gæzluvarðhald og skýrt sér þá frá innstæðulausum

tékkum Ísfélagsins. Ákærði Áki Guðni hefur talið víst, að samtalið hafi farið fram, áður en febrúartékkarnir voru gefnir út, eða í síðasta lagi 3. febrúar 1964. Ákærði Þórður Einar hefur mótmælt því að hafa rætt við meðákærða Áka Guðna á þessum tíma. Meðákærði Áki Guðni hafi farið rangt með dagsetningar, hann eigi við 11. febrúar 1964, er endurskoðun hafði farið fram í póstafrgreiðslunni. Samræmi náðist ekki í framburði ákærðu varðandi þetta atriði. Ákærði Þórður Einar hefur þá mótmælt því, að peningaafhendingar frá meðákærðu Áka Guðna og Albert Karli hafi farið fram tvívegis í febrúarmánuði 1964. Afhendingin hafi einungis farið fram einu sinni, og það 7. febrúar á heimili meðákærða Áka Guðna. Þá hafi hann tekið við fé fyrir eldri tékkum að fjárhæð kr. 1—1.500.000.00. Ákærði Áki Guðni hefur á hinn bóginn haldið fast við það að hafa í tvö skipti afhent meðákærða Þórði Einari peninga, eins og rakið hefur verið í framburði hans hér að framan. Samræmi í framburði ákærðu um þetta atriði náðist ekki.

Upplýst þykir í málinu, að ákærðu Áki Guðni og Albert Karl hafi ekki staðið að útgáfu fleiri tékka en þegar hefur verið greint frá, í febrúarmánuði 1964, en í framhaldi af því gáfu ákærðu sig fram við bæjarfógetann í Keflavík hinn 14. febrúar 1964 og gáfu þar frumskýrslur fyrir dómi í málinu. Jafnframt afhentu þeir gögn, er ákærði Áki Guðni hafði fengið varðandi Ísfélag Keflavíkur h/f.

Fyrir dómi hafa framburðir ákærða Þórðar Einars verið mjög á reiki um veigamikil atriði rannsóknarinnar, og þykir nauðsyn til bera að rekja nokkru frekar framburði hans í málinu. Hinn 6. marz 1964 skýrði ákærði Þórður Einar svo frá, að hann teldi ekki, að hann hefði athugað um greiðslutékka frá Ísfélagi Keflavíkur h/f, er það hóf að senda símapóstávísanir frá póstafrgreiðslunni og greiða þær með tékkum. Hann telji, að ástæðan fyrir því, að hann hafi ekki athugað um þá tékka, hafði verið sú, að eigendur Ísfélagsins hafi átt sams konar viðskipti við póstafrgreiðsluna í marga undangengna mánuði, án þess að nokkuð væri athugavert við þau. Hann hafi fyrst fengið grun um það, að greiðslutékkarnir væru ekki góðir, nokkru áður en hann skilaði af sér uppgjöri fyrir janúarmánuð 1964 til pósthússins í Reykjavík. Það hafi verið einhverja fyrstu dagana í febrúarmánuði 1964. Þá hafi meðákærði Áki Guðni komið í póstafrgreiðsluna með mikið reiðufé, um það bil kr. 1.500.000.00. Meðákærði Áki Guðni hafi með fé þessu viljað kaupa tékka, útgefna í janúar-

mánuði 1964 af Albert K. Sanders vegna Ísfélags Keflavíkur h/f, en tékkarnir hafi verið greiðsla á símapóstávisunum, sendum í janúarmánuði 1964. Hann hafi leyft, að tékkarnir væru keyptir aftur. Meðákærði Áki Guðni hafi afhent honum féð, en meðákærði Áki Guðni hafi fengið tékka til baka, sömu upphæðar. Við þessa framkomu meðákærða Áka Guðna hafi hann fengið grun um, að tékkarnir hafi ekki verið góðir við útgáfu þeirra. Atburð þennan telji hann, að farið hafi fram eftir 3. febrúar 1964, en fyrir 6. febrúar sama ár. Hann telji fullvíst, að hann hafi ekki sent símapóstávisanir vegna fyrirtækjanna, eftir að meðákærði Áki Guðni kom með fúlguna í póstaftgreiðsluna. Síðar sama dag skýrði ákærði svo frá fyrir dómi, að hann myndi nú, að um áramótin 1963 og 1964 hefði meðákærði Áki Guðni komið í póstaftgreiðsluna með reiðufé og óskað eftir því við hann að fá að kaupa tékka frá Ísfélaginu, er þá lágu í kassa póstaftgreiðslunnar. Hann hafi leyft þetta. Meðákærði Áki Guðni hafi keypt tékka fyrir kr. 100—200.000.00 við þetta tækifæri. Þetta hafi skeð, áður en desemberuppgjörið 1963 fór fram. Honum hafi ekki fundizt nein ástæða til að sýna tortryggni í viðskiptum við Ísfélagið, enda þótt þessi háttur hafi verið um kaup tékkanna. Eftir að ákærða Þórði hafði sama dag verið kynntir fyrir dómi framburðir meðákærðu Áka Guðna og Alberts Karls um kaup þeirra á tékkum af meðákærða Þórði Einari á heimili Áka Guðna, þá breytti ákærði Þórður Einar framburði sínum og kvað framburð sinn frá sama degi um ferðir meðákærða Áka Guðna í póstaftgreiðsluna með fúlguna til kaupa janúartékkanna ekki réttan. En sama dag skýrði ákærði Þórður Einar svo frá, að uppgjörið við pósthúsið í Reykjavík hefði getað þurft að framkvæma hvenær sem var utan hinna mánaðarlegu uppgjöra, en það hafi farið eftir ástæðum pósthússins í Reykjavík. Fyrri framburð sinn, er hnígi í aðra átt, teldi hann ónákvæman og byggðan á misskilningi. Fyrir dómi hinn 7. marz 1964 skýrði ákærði Þórður Einar svo frá um endurkaup tékka, að 2—3 síðustu mánuði ársins 1963 hafi hann í nokkur skipti leyft meðákærða Áka Guðna vegna áðurgreindra fyrirtækja að kaupa að nýju tékka, er lagðir höfðu verið inn í póstaftgreiðsluna sem greiðsla símapóstávisana. Hann telji, að meðákærði Áki Guðni hafi þannig keypt hverju sinni tékka fyrir kr. 200—300.000.00.

Ákærði Þórður Einar hefur þá jafnan fyrir dómi mótmælt þeim framburði vitnisins Sveins Þórðarsonar aðalendurskoðanda, að hann hafi sagt vitninu við endurskoðun þess í pósthúsinu á

Keflavíkurlflugvelli, að hann hefði athugað um innstæður tékka Ísfélagsins, er voru í kassa póstafrgreiðslunnar við endurskoðun vitnisins. Hann hafi sagt eitthvað í þá áttina, að ástæðulaust væri að athuga um tékkana vegna fyrri viðskipta þess fyrirtækis. Vitnið Sveinn Þórðarson hefur á hinn bóginn haldið fast við fyrri framburð sinn um umsögn Þórðar um tékkana við endurskoðun þess, svo sem rakið hefur verið hér að framan. Samræmi hefur ekki náðst í þessa framburði.

Fyrir dómi hinn 6. marz 1964 skýrði ákærði Þórður Einar svo frá um fundinn 14. febrúar 1964 með póst- og símamálastjóra og fleirum, að hann hafi við það tækifæri skýrt fundarmönnum ranglega frá um það, að honum hafi verið um það kunnugt, að svokallaðir keðjutékkar færu í gegnum póstafrgreiðsluna á Keflavíkurlflugvelli. Hann hafi engar grumsemdir haft um það, að tékkar, er þar færu í gegn, væru ekki góðir. Hins vegar hafi hann skýrt póst- og símamálastjóra svo frá til þess að beina athyglinni að sjálfum sér. Frekari skýringar fékkst ákærði ekki til að gefa á þeirri ósannsögli, er hann þar greinir frá. Á fundinum hafi hann viðurkennt að hafa keypt tékka fyrir hönd póstafrgreiðslunnar án þess að athuga um innstæður þeirra. Honum hafi þá verið kynntar gildandi reglur um kaup tékka á pósthúsum. Hann hafi þegar viðurkennt að hafa brotið reglurnar. Hann hafi hins vegar ekki vitað um reglur þessar fyrir fundinn. Er ákærða Þórði var hinn 6. marz kynntur framburður vitna þeirra, er sátu fund með honum 14. febrúar 1964, en vitnaframburðirnir eru raktir hér að framan, gerði ákærði Þórður þær athugasemdir við framburðina, að hann hefði skýrt fundarmönnum svo frá, að hann hefði nýlega orðið var við það, að keðjutékkar færu í gegnum póstafrgreiðsluna á Keflavíkurlflugvelli. Hann hefði ekki greint svo frá, að honum hefði verið um það kunnugt haustið 1963.

Hinn 7. marz sama ár skýrði ákærði Þórður Einar svo frá um fundinn 14. febrúar 1964 hjá póst- og símamálastjóra, að hann hefði við það tækifæri skýrt fundarmönnum þar frá því, að honum hefði verið kunnugt um, að tékkar, er innstæður reyndust ekki fyrir, komu í póstafrgreiðsluna. Hann hafi þá átt við tékka Ísfélagsins. Hann hefði skýrt fundinum frá því, að hann hefði orðið þess var um mánaðamótin nóvember—desember 1963. Hann hefði skýrt fundinum ranglega frá um þetta til að leiða athyglina að sér persónulega, en frá forráðamönnum Ísfélagsins til að gefa þeim forráðamönnum kost á að greiða andvirði tékkanna.

## VI.

Að tilhlutan dómsins ritaði Sparisjóðurinn í Keflavík hinn 7. apríl 1964 dóminum um það, að eigendur fyrirtækisins Kyndils h/f í Keflavík hefðu fengið á árinu 1962 kr. 300.000.00 yfirdrátt á hlaupareikning fyrirtækisins nr. 626 við sparisjóðinn. Sparisjóðurinn hafði þá fengið veð, tryggingarbréf, útgefið 1. febrúar 1962, í íbúðarhúsi eins af eigendum, eða ákærða Áka Guðna, í Ytri-Njarðvík, til tryggingar yfirdrættinum. Í bréfi sparisjóðsins segir svo enn fremur: „Á öðrum reikningum fyrirtækja Jósafats Arngrímssonar var ekki yfirdráttarheimild, en þeir fengu sömu aðstöðu og aðrir viðskiptamenn vorir, að ef innstæða væri ekki næg fyrir innsendum ávísunum, þá fengu þeir 3 daga frest til að kippa því í lag. Tækist það ekki, voru þær endursendar“.

Í bréfi verjanda ákærða Jósafats, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, til dómsins, dagsettu 25. febrúar 1965, segir m. a. svo: „Það skal fram tekið, að skjólstæðingur minn, Jósafat, heldur því fram, að ekki hafi verið gefnir út neinir tékkar af hálfu Ísfélags Keflavíkur h/f eða annarra fyrirtækja, er hann var með-eigandi í, til greiðslu á peningasendingum í póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli, sem ekki var fyrirfram búið að semja um við Sparisjóð Keflavíkur, að hann innleysti“.

Dómurinn tók atriði þetta til rannsóknar.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat lýst tilvitnuð ummæli verjanda síns úr bréfi hans 25. febrúar 1965 rétt. Þannig hafi verið háttur á, að tékkar vegna Ísfélagsins hafi í langflestum tilvikum verið án innstæðu, er þeir komu í Sparisjóðinn í Keflavík. Guðmundur sparisjóðsstjóri hafi tjáð þeim meðákærða Áka Guðna, að hann mundi ekki endursenda tékka Ísfélags Keflavíkur h/f gegn því, að þeim yrði fljótt kippt í lag. Lagt hafi verið inn á viðkomandi hlaupareikning í áföngum, þannig að tékkarnir hafi orðið venjulega góðir eftir nokkra daga, eða í síðasta lagi, er þeir voru orðnir viku til 10 daga gamlir í sparisjóðnum. Guðmundur sparisjóðsstjóri hafi tekið þeim meðákærða Áka Guðna jafnan vel og haft á orði, að hann mundi gefa þeim kost á því að selja Ísfélagið, ef nauðsyn krefði, til að koma hlaupareikningi félagsins í lag.

Fyrir dómi hefur ákærði Áki Guðni skýrt svo frá, að hann myndi ekki til þess, að fastir samningar hefðu komizt á milli Ísfélags Keflavíkur h/f annars vegar og Sparisjóðsins í Keflavík hins vegar, þannig að sparisjóðurinn greiddi tékka Ísfélagsins, enda þótt innstæða væri ekki fyrir hendi. Hann hafi á hinn

bógin oft talað við Guðmund sparisjósstjóra, m. a. að sparisjósstjórinn sýndi biðlund vegna tékka frá Ísfélagi Keflavíkur, er eigi höfðu innstæðu, en brátt mundi vera kippt í lag. Meðákærði Jósafat hafi haft mestan veg og vanda af fjármálunum og hafi hann talað við sparisjósstjórann að ósk meðákærða Jósafats. Guðmundur sparisjósstjóri hafi jafnan sýnt biðlund.

Ákærði Albert Karl hefur skýrt svo frá fyrir dómi um atriði þetta, að hann hafi aldrei heyrt talað um nokkurt samkomulag eða samning á milli forráðamanna Ísfélags Keflavíkur annars vegar og Sparisjós Keflavíkur hins vegar um, að sparisjóðurinn greiddi út tékka pr. pr. Ísfélag Keflavíkur, enda þótt ekki væri næg innstæða fyrir slíkum tékkum.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Guðmundur Guðmundsson sparisjósstjóri Sparisjósins í Keflavík, til heimilis Suður-götu 6 í Keflavík. Vitnið, er undirritaði bréf sparisjósins, sem rakið er hér að framan, hefur staðfest efni þess rétt.

Vitnið hefur þá greint frá því, að það hafi ekki gefið þeim ákærðu Jósafat eða Áka Guðna loforð um að geyma innstæðulausa tékka vegna Ísfélagsins. Hins vegar hafi Ísfélagið notið þeirrar þjónustu sem aðrir viðskiptamenn, að innstæðulausir tékkar voru ekki endursendir fyrstu 3 dagana, eftir að tékkarnir komu í sparisjóðinn. Vitnið hefur greint frá því, að ákærði Áki Guðni og Jósafat hafi jafnan haft samband við það, er innstæðulausir tékkar komu í sparisjóðinn og lofað að kippa slíkum tékkum fljótt í lag, sem og varð þar til í febrúarmánuði 1964. Í stöku tilfellum hafi komið fyrir, að tékkar frá Ísfélagi Keflavíkur voru án innstæðu í sparisjóðnum í allt að viku til 10 daga. Var þá jafnan um smáupphæðir að ræða. Hinir stærri tékkar voru allir greiddir innan 3 daga frestsins. Vitnið hefur ítrekað, að ekkert almennt samkomulag hafi komið á milli forráðamanna Ísfélags Keflavíkur h/f annars vegar og Sparisjós Keflavíkur hins vegar um, að sparisjóðurinn geymdi ákveðinn tíma tékka félagsins, er eigi höfðu innstæðu.

Við sampröfun vitnisins Guðmundar Guðmundssonar sparisjósstjóra og ákærða Jósafats skýrði vitnið meðal annars svo frá, að það hefði aldrei heimilað ákærða Jósafat né öðrum forráðamönnum Ísfélags Keflavíkur h/f að gefa út tékka á hlaupareikning félagsins við Sparisjóðinn í Keflavík, án þess að tékkinn hefði næga innstæðu. Hins vegar hafi það látið fyrirsvarsmennina njóta sömu aðstöðu og aðra viðskiptamenn sparisjósins að endursenda eigi tékka félagsins, er eigi höfðu næga innstæðu,

fyrir en að 3 dögum liðnum. Við sama tækifæri skýrði ákærði Jósafat svo frá, að þar sem Guðmundur sparisjóðsstjóri hafi látið kyrrt liggja að endursenda tékka Ísfélagsins, enda þótt þeir jafnvel hefðu eigi innstæðu, eftir þriggja daga frestinn, þá hafi hann litið svo á, að Guðmundur mundi veita þeim forsvarsmönnum Ísfélagsins jafnan tækifæri til að kippa tékkum í lag, enda þótt það þyrfti að vera með sölu fyrirtækisins. Við lok samprófunar skýrði vitnið Guðmundur Guðmundsson svo frá, að ekkert loforð hefði verið milli sparisjóðsins og Ísfélags Keflavíkur h/f um geymslu á tékkum, er eigi höfðu innstæðu fram yfir það, sem það hafði áður skýrt frá (3 daga fresturinn). Ákærði Jósafat vildi engar athugasедir gera við þann framburð vitnisins Guðmundar og óskaði ekkert sérstakt fram tekið. Með þessu lauk samprófuninni.

## VII.

Nú hefur þegar verið rakið það helzta, sem fram kom við rannsókn málsins og máli hefur þótt skipta. Verður nú síðari þáttur ákæru virtur varðandi hvern ákærða fyrir sig:

### *Ákærði Jósafat.*

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, hóf ákærði Jósafat í febrúarmánuði 1962 að selja tékka, er ekki höfðu innstæðu, í póstafrgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli, er hann gaf út vegna fyrirtækja, er hann átti í og stýrði. Upphæð slíkra tékka fór hækkandi og nam í byrjun febrúarmánaðar 1964 kr. 2.667.245.42. Af ástæðum, er greindar hafa verið, seldi ákærði Jósafat eigi slíka tékka eftir janúarmánuð 1964. Heildarupphæð innstæðulausra tékka, er ákærði Jósafat hagnýtti á þann hátt, verður ekki ákveðin með fullri nákvæmni. Orsökina er sú, að meðákærðu Áki Guðni og Albert Karl förguðu nokkru af janúartékkum þeim, er þeir endurkeyptu af póstafrgreiðslunni og greint hefur verið frá. Ákærðu Áki Guðni og Albert Karl hafa talið, að upphæð janúartékkanna hafi verið 2.5 milljónir króna. Fram í málinu hefur verið lagt plagg, er ákærði Jósafat hefur talið vera áætlun sína um að framfleyta tékkum þeim, er voru í póstafrgreiðslunni án innstæðu. Hann hefur talið plaggið hafa verið útbúið fyrir 25. janúar 1964. Samkvæmt plagginu kemur fram áætlun um að senda til ýmissa aðilja í Reykjavík „fyrir mánaðamót“ kr. 800.000.00, „eftir mánaðamót“ kr. 1.700.000.00, eða samtals kr. 2.500.000.00.

Ef litið er til skrár endurskoðunardeildar pósts og síma um

innborgaðar póstkrofur og póstávísanir til póstdeildarinnar á Keflavíkurflugvelli, kemur fram heildarupphæð slíkra innborgana í janúarmánuði 1964 kr. 2.585.572.45. Frá 15. febrúar 1964 og út marzmánuð 1965 fer heildarupphæð slíkra innborgana pr. mánuð hvergi yfir kr. 58 þúsund og er tíðast mun lægri. Dómurinn er þeirrar skoðunar, að heildarupphæð þeirra innstæðulausu tékka, er ákærði seldi við póstdeildina, hafi numið um kr. 2.500.000.00 við janúarlök 1964. Dómurinn telur ákærða Jósafat hafa hagnýtt sér andvirði tékka þeirrar upphæðar, enda þótt meðákærði Albert Karl hafi staðið að útgáfu tékkanna, og er vísað í það, sem áður hefur verið rakið varðandi það atriði.

Ákærði Jósafat hefur greint frá því, að meðákærði Þórður Einar hafi frá upphafi verið leyndur því, að innstæður brysti fyrir tékkunum, er seldir voru póstafrageiðslunni. Seint á árinu 1963 hafi meðákærði Áki Guðni látið meðákærða Þórð Einar vita, hvernig ástatt var um tékkana. Ósannað er samkvæmt framburðum ákærðu Áka Guðna og Þórðar Einars, að annað hafi farið á milli þeirra en að ákærði Þórður Einar upplýsti ákærða Áka Guðna um það, hvenær uppgjör póstafrageiðslunnar færi almennt fram við pósthúsið í Reykjavík. Að öðru leyti lítur dómurinn svo á með vísan til rannsóknar þessa þáttar málsins, að erfitt sé að ákvarða, á hvaða tíma ákærði Þórður fékk vitneskju um innstæðuleysi tékka Ísfélags Keflavíkur h/f, er seldir höfðu verið póstafrageiðslunni. Því verður svo litið á, að ákærði Jósafat hafi notfært sér ranga hugmynd meðákærða Þórðar Einars um tékka þá, er hann seldi við póstafrageiðsluna, og með því haft fé af póstinum að þeirri upphæð, er áður greinir. I. kafli II. þáttar ákæru verður tekinn til greina, og telst því ákærði Jósafat með framferði sínu hafa brotið 248. gr. almennra hegningarlaga.

#### *Ákærði Þórður Einar.*

Svo sem úrlausn í þætti ákærða Jósafats ber með sér, telur dómurinn ósannað, að ákærði Þórður Einar hafi vitað um innstæðuleysi tékka þeirra, er meðákærði Jósafat seldi í póstafrageiðslunni. Á hinn bóginn þykir rannsókn málsins hafa leitt það óyggjandi í ljós, að Þórður Einar hafi vitað um innstæðuleysi tékka Ísfélags Keflavíkur h/f, er lágu í kassa póstafrageiðslunnar um mánaðamót janúar—febrúar 1964, fyrstu dagana í febrúarmánuði það ár. Margt bendir þó til þess, að vitneskja ákærða Þórðar Einars um ástand tékkanna hafi skapazt fyrr.

Sannað telst, að ákærði Þórður Einar hafi látið þá meðákærðu

Áka Guðna og Albert Karl vita um ástand tékkanna og síðan fyrri hluta febrúarmánaðar 1964 tekið við innstæðulausum tékkum, er meðákærðu Áki Guðni og Albert Karl seldu við póstaftgreiðsluna, til að viðhalda ávinningi meðákærða Jósafats af broti hans. Þykir brot ákærða Þórðar Einars, svo sem því hefur verið lýst, vera rétt fært til refsíákvæða í B lið II. kafla II. þáttar ákæru. Hann telst með háttsemi sinni hafa gerzt brotlegur við 254. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 138. gr. sömu laga, en á þeim tíma, er ákærði Þórður Einar framdi brot sitt, var hann fastur starfsmaður póstaftgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli, skipaður þar pósthvarðstjóri, og því án tvímæla opinber starfsmaður í skilningi hegningarlaga.

*Ákærðu Áki Guðni og Albert Karl.*

Rannsókn málsins þykir hafa leitt í ljós, að ákærði Áki Guðni hafi komizt að því síðla árs 1963, að innstæðulausir tékkar vegna Ísfélags Keflavíkur h/f væru í kassa póstaftgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli. Frá þeim tíma hafi hann hjálpað til að viðhalda þeim ávinningi, er skapazt hafði vegna tékkanna, en ósannað verður að telja, að hann hafi þá, svo að hann hafi vitað, verið þátttakandi í öflun frekara fjár með sölu innstæðulausra tékka til póstaftgreiðslunnar. Í byrjun febrúar 1964 hafi hann með vissu fengið upplýsingar um tékkafjárhæðina í póstaftgreiðslunni, en um sama leyti hafi ákærði Albert Karl fengið vitneskju um tékkana. Ákærðu Albert Karl og Áki Guðni hafi þá í sameiningu stuðlað að útgáfu og sölu innstæðulausra tékka við póstaftgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli til að viðhalda ávinningi af broti meðákærða Jósafats, þannig að kaupa með fé því, er fékkst fyrir síðastnefnda tékka, eldri tékka, er raktir verða til meðákærða Jósafats og lágu innstæðulausir við póstaftgreiðsluna. Hækkun sú, er verður á heildarupphæð innstæðulausra tékka, eftir að ákærðu Áki Guðni og Albert Karl hófu að greiða með slíkum tékkum í póstaftgreiðslunni, þykir ekki geta skoðazt sem auðgun, en upplýst er, að ákærðu lögðu m. a. fé inn á hlaupareikninga, er Ísfélag Keflavíkur h/f hafði aðgang að í Reykjavík, en ákærðu gáfu sig fram, áður en þeim hafði tekizt að endurkaupa eldri tékka, eða janúartékka Ísfélagsins. Ákærðu Áki Guðni og Albert Karl þykja með þessu hafa gerzt sekir um atferli það, sem rakið er í III. kafla II. þáttar ákæru, staflíð A. Þykir brot þeirra varða við 254. gr. almennra hegningarlaga. Á hinn bóginn þykir brotið ekki falla undir 248. gr. sömu laga, þegar af þeirri ástæðu að

verknaðarlýsing stafliðs A er ekki í samræmi við nefnda grein. Ber því að sýkna ákærðu Áka Guðna og Albert Karl af broti gegn 248. gr. hegningarlaga.

Í B lið III. kafla II. þáttar ákæru eru ákærðu Áki Guðni og Albert Karl ákærðir fyrir hlutdeild í brotum meðákærða Þórðar Einars sem opinbers starfsmanns, svo sem rakið er nánar í A lið II. kafla II. þáttar ákæru. Brot ákærða Þórðar var eigi talið falla undir nefndan lið, og ber þar af leiðandi að sýkna ákærðu af broti, sbr. B lið III. kafla II. þáttar ákæru. Svo sem ákæru er háttað, verður ekki leyst úr því, hvort ákærðu Áki Guðni og Albert Karl hafi verið hlutdeildarmenn í broti meðákærða Þórðar samkvæmt 254., sbr. 138. gr. hegningarlaga.

### VIII.

Vegna verktakaþáttar málsins hefur bandarískum aðiljum á Keflavíkurflugvelli verið gefinn kostur á að koma fram bótakröfu í málinu. Engin slík krafa hefur komið fram.

Vegna póstpáttarins var póst- og símamálastjórninni gefinn kostur á því að hafa uppi bótakröfu í máli þessu. Með bréfi hæstaréttarlögmanns Sveinbjörns Jónssonar, lögmanns póst- og símamálastjórnarinnar, til dómsins, dagsettu 14. desember s.l., segir svo m. a.:

„Ég vísa til bréfs yðar, herra sakadómari, dags. 13. 4. þ. á., til póst- og símamálastjórnarinnar, þar sem þér veitið henni kost á því að koma að bótakröfu vegna rannsóknar á ætluðu misferli í starfsemi pósthússins á Keflavíkurflugvelli, ef framangreind rannsókn leiði til málshöfðunar.

Þar sem nú hefur verið höfðað mál á hendur þeim Jósafat Arngrímssyni, Áka Gränz, Albert K. Sanders og Þórði Halldórsyni, og það mál mun eiga að flytjast munnlega hinn 15. þ. m., leyfi ég mér að tilkynna yður, að þar sem eigi verður enn séð með fullri vissu, hvert tjón póst- og símamálastjórnarinnar út af framangreindu atferli kann að verða, tel ég rétt að hafa ekki uppi fjárkröfur gegn ákærðu í þessu máli, en geymi umbjóðendum mínum fullan rétt til að koma síðar fram í sérstöku bótamáli fjárkröfum vegna þess tjóns, er síðar kann að reynast, að umbj. minn hafi orðið fyrir vegna framangreinds atferlis og krefja hina ákærðu in solidum til greiðslu fjárhæðarinnar auk vaxta og kostnaðar“.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, hafa ekki komið fram kröfur um fébætur í máli þessu.

## IX.

Ákærði Jósafat hefur sætt refsingum, sem hér segir:

- 1953 20/2 í Hafnarfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir tolllagabrot.  
 1957 21/6 á Keflavíkurflugvelli: Áminning fyrir bifreiðalagabrot.  
 1965 12/6 í Keflavík: Dómur, 15.000 kr. sekt fyrir brot á 1. gr., sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 95/1960 um sölu og útflutning á vörum, sbr. augl. nr. 96/1960 um sama efni, allt sbr. 8. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 30/1960.

Við ákvörðun refsingar ákærða Jósafats varðandi verktakaþáttinn er haft í huga, að brotaferill hans nær yfir alllangt tímabil og fjöldi einstakra brota mikill. Á hitt ber og að líta, að telja verður, að verk þau, er brotin eru spröttin af, hafi verið framkvæmd. Að öðru leyti með skírskotun til málavaxta, svo sem þeir hafa verið raktir, og með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaga, þykir refsing ákærða Jósafats hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Undir rannsókn málsins sat ákærði Jósafat í gæzluvist frá 31. janúar 1964 til 14. marz sama ár. Eftir atvikum þykir mega ákveða, að sá tími komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans, sbr. 76. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði Þórður Einar hefur sætt refsingum, sem hér segir:

- 1947 8/8 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn biðskyldu við gatnamót.  
 1948 25/4 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun o. fl.  
 1956 22/2 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.  
 1957 12/3 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.  
 1962 21/8 á Keflavíkurflugvelli: Dómur: 200 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr., 4. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 5. gr., sbr. 40. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 61/1959.

Refsing ákærða Þórðar Einars þykir samkvæmt því, sem rakið hefur verið, hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði. Meðan málið var í rannsókn, sat ákærði í gæzluvarðhaldi frá 27. febrúar 1964 til 7. marz sama ár, og þykir rétt, að sá tími komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ákærði Eyþór hefur sætt refsingum, sem hér segir:

- 1947 12/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir röskun á húsfriði.

- 1946 16/1 á Keflavíkurlflugvelli: Sátt, 750 kr. sekt fyrir toll-lagabrot.
- 1959 18/4 í Hafnarfirði: Sátt, 50 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1960 27/1 á Keflavíkurlflugvelli: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
- 1960 4/3 á Keflavíkurlflugvelli: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 3. gr. áfengislaga.
- 1961 10/10 í Keflavík: Áminning fyrir brot á 49. gr. umferðar-laga.
- 1962 22/2 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Áminning fyrir brot á 19. gr. umferðar-laga.

Við ákvörðun refsingar ákærða Eypórs er haft í huga, að hann var í þjónustu meðákærða Jósafats, er hann framdi brot sín, og háður honum sem starfsmaður hans. Enn fremur ber að hafa í huga, að ákærði Eypór hefur mjög hreinskilnislega skýrt frá brot-um sínum í málinu. Með vísan til þessa og samkvæmt öðru því, sem rakið hefur verið varðandi þátt ákærða Eypórs, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði, en fullnustu refs-ingarinnar skal fresta, og niður skal hún falla að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955 haldið. Komi refsingin til framkvæmda, ber að draga frá henni þann tíma, er ákærði Eypór sat í gæzluvarðhaldi undir rannsókn málsins, eða samtals 21 dag.

Ákærðu Áki Guðni og Albert Karl hafa sætt refsingum, sem hér segir:

Áki Guðni Gränz.

- 1961 20/7 á Keflavíkurlflugvelli: Áminning fyrir brot á umferðarlögum.
- 1962 2/3 í Keflavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. umferðar-laga.
- 1965 12/6 í Keflavík: Dómur 12.000 kr. sekt fyrir brot á 1. gr., sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 95/1960 um sölu og útflutning á vörum, sbr. augl. nr. 96/1960 um sama efni, allt sbr. 8. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 30/1960.

Albert Karl Sanders.

- 1965 12/6 í Keflavík: Dómur: 15.000 kr. sekt fyrir brot á 1. gr. sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 95/1960 um sölu og útflutning á vörum, sbr. augl. nr. 96/1960 um sama efni, allt sbr. 8. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 30/1960.

Við ákvörðun refsinga ákærðu Áka Guðna og Alberts Karls ber að hafa í huga, að ákærðu gáfu sig fram við yfirvöld fyrir dómsrannsókn málsins, en að vísu eftir endurskoðun í póstaftgreiðslunni. Þá hafa báðir skýrt greiðlega frá þáttum sínum í málinu. Með tilliti til þessa og að öðru leyti með vísan til þess, sem rakið hefur verið um hlut ákærðu Áka Guðna og Alberts Karls í málinu, þykir refsing þeirra hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Fullnustu refsinga þeirra skal fresta og niður falla að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

## X.

Sakarkostnaði er skipt á eftirfarandi hátt:

Ákærði Jósafat greiði skipuðum verjanda sínum, Áka Jakobsyni hæstaréttarlögmanni, kr. 35.000.00 í málsvarnarlaun. Þess ber að geta, að skipaður réttargæzlumaður ákærða Jósafats frá upphafi rannsóknarinnar og að mestu leyti við hana, Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, hefur afsalað sér launum vegna starfa síns.

Ákærði Þórður Einar greiði skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 30.000.00, en hæstaréttarlögmaðurinn var skipaður réttargæzlumaður ákærða Þórðar við upphaf rannsóknar á þætti hans.

Ákærði Eypór greiði skipuðum verjanda sínum, Árna Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 50.000.00. Hæstaréttarlögmaðurinn var í upphafi rannsóknar verktakastarfseminnar skipaður réttargæzlumaður ákærða Eypórs.

Ákærði Áki Guðni greiði verjanda sínum, Benedikt Sigurjónssyni þá hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 15.000.00.

Ákærði Albert Karl greiði skipuðum verjanda sínum, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 15.000.00.

Með skipunarbréfi dómsins, dagsettu 6/5 1965, var Guðmundur heitinn Ásmundsson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi ákærða Áka Guðna. Hinn 5. júlí sama ár var mál þetta þingfest. Hinn 15. ágúst sama ár lézt af slysförum Guðmundur Ásmundsson hæstaréttarlögmaður. Munnlegur málflutningur stóð þá fyrir dyrum. Þykir bera að greiða dánarbúi Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns þóknun, er ákveðst kr. 10.000.00. Rétt þykir, að sá kostnaður verði lagður á ríkissjóð.

Allan annan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 60.000.00, greiði ákærðu þannig: Ákærði Jósafat

helming, en ákærðu Þórður Einar, Eyþór, Áki Guðni og Albert Karl hinn helminginn in solidum.

Dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms í málinu, er stafar af umfangi málsins. Enn fremur urðu óhjákvæmilegar tafir vegna jólahátíðar.

#### Dómsorð:

Ákærði Jósafat Arngrímsson sæti fangelsi í 2 ár. Gæzluvarðhaldsvist hans frá 31. janúar 1964 til 14. marz sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Þórður Einar Halldórsson sæti fangelsi í 8 mánuði. Gæzluvarðhaldsvist hans frá 27. febrúar 1964 til 7. marz sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Eyþór Þórðarson sæti fangelsi í 7 mánuði. Fullnustu refsingar hans skal fresta og niður falla eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi refsing til framkvæmda, skal frá henni draga gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 31. janúar 1964 til 20. febrúar sama ár með fullri dagatölu.

Ákærði Áki Guðni Gränz sæti fangelsi í 6 mánuði. Fullnustu refsingar hans skal fresta og niður falla eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Albert Karl Sanders sæti fangelsi í 6 mánuði. Fullnustu refsingar hans skal fresta og niður falla eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Jósafat Arngrímsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000.00.

Ákærði Þórður Einar Halldórsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

Ákærði Eyþór Þórðarson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.00.

Ákærði Áki Guðni Gränz greiði skipuðum verja sínum, Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00.

Ákærði Albert Karl Sanders greiði skipuðum verjanda sínum, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00.

Ríkissjóður greiði dánarbúi Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns kr. 10.000.00.

Allan annan kostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 60.000.00, greiði ákærði Jósafat Arngrímsson að hálfu, en ákærðu Þórður Einar Halldórsson, Eyþór Þórðarson, Áki Guðni Gränz og Albert Karl Sanders að hálfu in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 16. marz 1967.

Nr. 38/1967. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Sigurði Helga Ingbórssyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

### Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. febrúar 1967, sem hingað barst 1. þ. m., hefur saksóknari ríkisins samkvæmt 6. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1966 um breytingu á lögum nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála kært til ógildingar ákvörðun héraðsdómarans á dómþingi 14. febrúar 1967 um að ljúka máli á hendur kærða Sigurði Helga Ingbórssyni með sáttargerð.

Með dómssátt, gerðri í sakadómi Húnavatnssýslu 2. nóvember 1966, gekkst kærði undir að greiða kr. 3.000.00 sekt í ríkissjóð, en sæta ella 6 daga varðhaldi, yrði sektin ekki greidd innan 3 vikna, og vera sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 20. nóvember 1966 fyrir brot gegn 3. mgr. 25. gr. laga nr. 26/1958.

Hinn 19. janúar 1967 kærðu þeir Hjálmar Eyþórsson lögreglumaður og Svavar Pálsson bifreiðaeftirlitsmaður kærða fyrir að hafa sama dag ekið bifreiðinni H 620 um götur kaupþúnsins á Skagaströnd. Kærði viðurkenndi brot sitt fyrir sakadómi Húnavatnssýslu 14. febrúar 1967. Héraðsdómurinn